



Fyrirlestrar Minningarsjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright  
The Ása G. Wright Memorial Lectures

12

---


# Ása Guðmundsdóttir Wright

## Ævihlaup og athafnir

Sturla Friðriksson



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS  
*National Museum of Iceland*



3y 080  
Fyrir

Fyrirlestrar Minningarsjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright 12  
The Ása G. Wright Memorial Lectures

## Ása Guðmundsdóttir Wright

Ævihlaup og athafnir

Sturla Friðriksson

Minningarsjóður Ásu G. Wright  
Þjóðminjasafn Íslands  
Reykjavík 2006

Fyrirlestrar Minningarsjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright 12  
The Ása G. Wright Memorial Lectures

Á bakhlið kápu er W, tekið eftir upphafsstöfum í ættarnafni frá Ásu og manns hennar, eins og stafurinn er á samovar, sem hún gaf Þjóðminjasafni Íslands.

© 2006 Þjóðminjasafn Íslands, Minningarsjóður Ásu G. Wright og höfundur  
Öll réttindi áskilin

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefenda.

Ritstjórn: Gísli Sverrir Árnason og Rúna K. Tetzschner  
Prófarkalestur: Sigurborg Hilmarsdóttir  
Ljósmynd á forsiðu: Ása Guðmundsdóttir Wright  
Ljósmyndir í bók: Flestar úr einkasafni höfundar

Prentvinnsla: Svansprent

ISBN 9979-790-05-9  
ISSN 1670-4942

## Efnisyfirlit

Formáli .....	5	Land hins eilífa sumars .....	40
Inngangur .....	6	Aðkoman að Spring Hill .....	42
Uppruni og æskuár .....	7	Djöflafuglinn .....	45
Stykkishólmsvera .....	10	Andinn Pababoa .....	50
Reykjavík- og Englandsdvöl Ásu .....	15	Kakaó .....	53
Cuddra House í Cornwall á Englandi .....	18	Nánar um ferðir mínar í Trinidad 1951 .....	55
Carlyon ættin .....	21	Á Simla .....	55
Heimsókn í Cuddra House .....	23	Dýrin skoðuð .....	55
Heimsóknir Ásu til Íslands .....	26	Merkilegir ávextir og andar .....	56
Newcome og viðreisn á Íslandi .....	27	Gerlarannsókn .....	57
Enn um foreldra Ásu .....	29	Útborgunardagur .....	58
Vistaskipti .....	30	Arðsamur búrekstur .....	59
Saga Spring Hill setursins .....	32	Leðurblokuplaga .....	59
Simla og sambandið við Beebe .....	36	Regn .....	60
Spring Hill .....	37	Skógarganga að Simla .....	61
Heimsókn mín til Spring Hill .....	39	Fjallaferð með náttúruskoðurum .....	61

Hugleiði tilboð um Trinidad dvöl .....	62	Umbætur Spring Hill hússins .....	84
Umskiptingar .....	62	Kennsla í umhverfisfræði .....	85
Nýjar aldintegundir .....	63	Fréttablöð og bókaútgáfa .....	85
Náttúrubörn .....	63	Stöðin heiðruð .....	86
Ferðalok .....	64	Þrifnaður og endurvinnsla .....	87
Aðrir landar heimsækja Ásu .....	65	Hátíðir og heiðursgestir .....	87
Ása rekur búgarðinn eftir lát Newcomes .....	68	Gönguleiðir .....	87
Önnur ferð til Ásu í Trinidad 1966 .....	70	Fuglar hændir að húsinu .....	88
Fuglamálarinn Don Richard Eckelberry	75	Veitingar .....	88
Stúlkan sem skarst .....	76	Ásu sjóðirnir .....	89
Dýrin á Setrinu .....	77	Verðlaunasjóður Ásu Guðmundsdóttur	
Rigning og hindurvítni .....	78	Wright við Visindafélag Íslendinga .....	89
Stofnun Náttúrustöðvar Ásu Wright .....	80	Minningarsjóður Ásu Guðmundsdóttur	
Ása ráðstafar fjármunum sínum .....	81	Wright við Þjóðminjasafn Íslands .....	90
Ævikvöld Ásu .....	81	Skrá yfir prentaða fyrirlestra .....	91
Viðreisn og þróun Friðlands Ásu Wright .....	83	Niðurlagsorð .....	92
Stofnun Ásu Wright dafnar .....	83	Tilvísanaskrá .....	93

## Formáli

Sturla Friðriksson hefur haldið minningu Ásu Guðmundsdóttur Wright ötullega á lofti. Hann flutti ógleymanlegan fyrirlestur um ævi og störf Ásu í Þjóðminjasafni Íslands þann 12. ágúst 2005 og hefur nú bætt við margvíslegum fróðleik sem hér kemur á prent í ritröð fyrirlestra, sem gefnir eru út í minningu Ásu Wright. Minningarsjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright við Þjóðminjasafnið var stofnaður með það að markmiði að stuðla að því að til landsins mætti bjóða erlendum fræðimönnum, til að flytja fyrirlestra á vegum safnsins um þætti í norænni menningu. Sjóðurinn hefur þriggja manna stjórn og auk undirritaðrar hafa Sturla Friðriksson og Jónar Kristjánsson skipað stjórn frá árinu 2000. Var það mat stjórnar árið 2005 að við hæfi væri að kynna Ásu Guðmundsdóttur Wright fyrir gestum safnsins í tilefni af opnun safnsins árið áður og þá í samstarfi við Þjóðminjasafnið. Sturla býr yfir mikilli þekkingu á viðburðaríkri ævi frænku sinnar og því lá beint við að hann miðlaði þar fróðleik sínum með fyrirlestri og tilheyrandi útgáfu. Sturla bregður upp lífandi mynd af greindri og kjarkaðri konu, sem lifði viðburðaríku lífi. Með sögu Sturla kynnist lesandinn rammíslenskum kvenskörungi, og um leið lífsreyndri og úrræðagóðri heimsdömu. Þannig bregður Sturla upp litríkri mynd af lífi frænku

sinnar. Sturla segir söguna með persónulegri nálgun frændans, sem er snortinn af kynnum sínum af Ásu. Saga Sturlu er einnig saga náttúruskoðara, sem með sögunni bregður upp mynd af framandi umhverfi Ásu Guðmundsdóttur Wright með augum vistfræðingsins.

Þjóðminjasafn Íslands metur mikils framlag Ásu Guðmundsdóttur Wright til fyrirlestrahalds og þekkingarmiðlunar á vegum safnsins með sjóði sínum. Safnið er einnig þakklátt fyrir gjafir Ásu til safnsins á úrvalsgripum úr hennar fórum. Þar á meðal eru ættargripir Ásu sjálfrar og manns hennar Newcome Wright, ásamt dýrmætum húsbúnaði þeirra hjóna.

Það er okkur í sjóðsstjórn Minningarsjóðs Ásu Wright og Þjóðminjasafni Íslands ljúft og skylt að standa að útgáfu á minningum Sturlu Friðrikssonar um merka og viðburðaríka ævi Ásu Guðmundsdóttur Wright. Ég vil fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands þakka Sturlu hans merka framlag. Það er okkur sem hlut eiga að máli heiður að fá að viðhalda þannig minningunni um merka konu og velgjörðamann Þjóðminjasafns Íslands.

*Margrét Hallgrímsdóttir  
Þjóðminjavörður.*

## Inngangur

Ása Wright var ein þeirra íslensku kvenna, sem dvaldist mestan hluta ævi sinnar erlendis, en hélt þrátt fyrir það ávallt mikilli tryggð við æskuslóðir og talaði og skrifaði hreina og góða íslensku. Hún var raunverulega mjög stolt af því að vera Íslendingur og hélt uppi nafni landsins, þar sem hún gat komið því við, enda þótt hún dveldist áratugum saman á erlendri grund og hefði sjaldnast aðstöðu til að hafa samskipti við nema örfáa Íslendinga.

Ég, sem rita þessa þanka um Ásu, var náinn frændi hennar, þar sem við vorum systkinabörn, en Arndís móðir Ásu var systir Friðriks föður míns. Þar að auki lágu leiðir okkar oft saman, þótt annað veifið væri langur vegur á milli okkar. Mér tókst því að kynnast Ásu allvel á hinum ýmsu skeiðum lífsferils hennar. Hún hafði lag á því að koma sér fyrir á einstaklega áhugaverðum búsvæðum, sem heillaði marga. Á þeim stöðum, sem urðu heimili hennar, varð hún mikill áhrifavaldur og virkur gerandi í umhverfinu. Hún varð fljótt leiðandi í nánasta samfélagi sínu, þar sem ævinlega sópaði að henni.

Hún hafði mikla persónulega töfra, þannig að engum duld-ist, að þar fór kona, sem bjó yfir miklum hæfileikum. Og hún kundi að koma ár sinni þannig fyrir borð, að ekki leið á löngu, þar til hún var orðin umtöluð sögupersóna í sínu byggðarlagi. Mörgum þótti hún fylgja nokkuð fast eftir sínum skoðunum og vera ýtin við að koma sínum áhugamálum í framkvæmd. Verk hennar urðu samt hvarvetna til farsældar.

Æviskeið hennar var mjög viðburðaríkt, og þótt hún væri aldrei neitt sérlega vel efnuð, hafa þær eignir, sem hún lét eftir sig, orðið til mikilla hagsbóta og styrktar bæði á sviði umhverfismála og þjóðfræði, eða til viðurkenningar á ýmsum greinum vísinda.

Erfitt er að rekja sögulegt lífshlaup Ásu í stuttu máli. Ég mun samt reyna í eftirfarandi köflum, að greina frá kynnum mínum af henni, geta nokkurra þeirra viðfangsefna, sem hún glímdi við og gera grein fyrir þeirri stofnun og sjóðum, sem hún kom á fót.

*Sturla Friðriksson*

## Uppruni og æskuár

Ása var fædd að Laugardælum í Árnassýslu hinn 12. apríl 1892. Foreldrar hennar voru hjónin Arndís Jónsdóttir og Guðmundur Guðmundsson héraðslæknir, sem löngum var kenndur við þau héruð sem hann þjónaði, bæði Laugardæli og síðar Stykkishólmi. Arndís móðir Ásu var fædd 6. mars 1857. Var hún dóttir Jóns Péturssonar háfirdómara frá Viðivöllum í Skagafirði og síðari konu hans Sigbrúðar Friðriksdóttur Eggerz frá Akureyjum í Breiðafirði. En Friðrik var sonur séra Eggerts Jónssonar og Guðrúnar Magnúsdóttur sýslumanns Ketilssonar. Jón Pétursson háfirdómari var bróðir þeirra Péturs biskups og Brynjólfs Péturssonar, Fjölmanns og ráðuneytisstjóra í Kaupmannahöfn, en móðir þeirra Viðivalla-bræðra var Þóra Brynjólfsdóttir Halldórssonar Hólabiskups. Var Arndís því alsystir þeirra Friðriks og Sturlu, sem oft voru kallaðir Sturlubræður, og einnig systir Þóru, konu Jóns Magnússonar forsætisráðherra, og Sigríðar konu Geirs Sæmundssonar vígslubiskups á Akureyri. Hálf systkini átti hún einnig fjögur, þá prestana Pétur og Brynjólf og systurnar Jarþrúði og Jóhönnu Soffiu. Arndís var myndarleg kona og svipmikil, með skarpleit augu, dökkar augabrúnir og vel lagað, fremur stórt nef. Hún var ræðin kona og bráðvel gefin. Einnig var hún músíkölsk, lék ágætlega á píanó og kenndi öðrum að spila.

Guðmundur faðir Ásu var fæddur 23. febrúar 1853. Foreldrar hans voru séra Guðmundur Jónsson á Stóru-Völlum í Landsveit og kona hans Ingibjörg Jónsdóttir prófests Halldórssonar á Breiðabólstað í Fljótshlíð. En móðir Ingibjargar var Kristín Vígfúsdóttir Þórarinssonar (Thorarensens) sýslumanns, sem var systir Bjarna amtmanns og skálds Thorarensens og Skúla læknis á Móeiðarhvoli. En móðir þeirra, kona Vígúsar Thorarensens, var Steinunn Bjarnadóttir landlæknis Pálssonar.



*Læknishjónin Guðmundur og Arndís við gamla Laugardæla húsið.*

Guðmundur varð stúdent frá Lærða skólanum í Reykjavík 1873 og tók síðan að nema læknisfræði hjá Jóni Hjaltalín, landlækni. Lauk hann læknaprófi 14. ágúst 1876. Eftir að hafa verið við framhaldsnám á spítöllum í Kaupmannahöfn, var hann settur héraðslæknir 23. júlí 1877 og skipaður í það



Guðmundur Guðmundsson  
læknir, faðir Ásu.



Sigbrúður Friðriksdóttir  
móðuramma Ásu.



Jón Pétursson  
móðurafi Ásu.

embætti tæpu ári síðar. Sat hann fyrst á Eyrarbakka og síðan í Laugardælum. Hann sinnti embættinu af mikilli kostgæfni og var talinn hinn besti læknir. Einkum fóru honum vel úr hendi uppskurðir, því hann þótti handlaginn í betra lagi.<sup>1</sup> Í endurminningum Jónasar Jónassonar skipstjóra er Guðmundur talinn „merkur maður og mikill læknir á sinni tíð, þótt hann virtist nokkuð fjarhuga, ef um smámuni var að ræða. En við eina tegund læknaaðgerða sérstaklega bar hann höfuðið yfir flesta, jafnvel alla samtíðarmenn sína, og mun það halda nafni hans á lofti svo seint fyrnist. Fyrir það ber honum virðulegur sess meðal mestu snillinga þess tíma. Þessi íprótt læknislistarinnar var sú, hve honum heppnaðist vel að hjálpa konum í barnsnað, og það svo, að aldrei heyrðist talað um, að honum hefði mistekist, enda trúði fólk á hann og taldi öllu vel borgið í hans nálægð.“<sup>2</sup>

Guðmundur var mjög fljótur að bregðast við, þegar hans var vitjað, og var hann vanur að vera kominn á bak hesti sínum og lagður af stað í sjúkraitjun áður en komumaður, er

sótti hann, hafði sjálfur búist til brottfarar. Hafði Guðmundur að venju tösku handbæra, sem var með öllum þeim áhöldum, er hann þurfti að nota við fæðingarhjálp.

Guðmundur var nokkuð hærri en meðalmaður, vel vaxinn, snöggur í öllum hreyfingum og föngulegur á velli, friður í andliti og hélt öllu sínu grásprengha hári fram á elljár. Þau Arndís og Guðmundur giftust 17. júní 1881 í Reykjavík.

Í upphafi búsetu læknishjónanna á Laugardælum, þurfti Arndís móðir Ásu oft ein að gæta bús og barna, þegar læknirinn var í vitjunarferðum. Eitt af verkum hennar var að sinna ferjunni yfir Hvítá, en áin fellur þar meðfram landi Laugardæla. Ása minntist þess að hafa farið sem smábarn með móður sinni í þess konar ferjuflutning. Oft voru farþegar eitthvert farandsfólk, sem var á leið um héraðið, en aðrir voru að koma að Laugardælum til að leita sér lækninga. Þurfti húsfreyja þá bæði að ferja það yfir fram og til baka, fæða það og jafnvel hýsa.

Guðmundursagði mérýmsar sögur frá þessum tíma. Eitt sinn var hann niðri á Eyrarbakka að skoða sjúklinga sína. Kom þá til hans maður og sagðist vera með verk í fæti. Guðmundur skoðaði hann vandlega og sagði svo: „Þú skalt fara suður til Reykjavíkur. Þetta mein þitt er ekki á verksviði neins héraðslæknis.“ Maðurinn gegndi því og bjó sig til Reykjavíkurferðar. Síðan hélt Guðmundur áfram sögunni. „Þegar maðurinn var að fara í reiðstígvélið, brotnaði á honum fóturinn. Hann var með beinkrabba.“ Flest fór nú samt á betri veg í lækningastörfum hans þar um slóðir.

Guðmundur var prófdómari við læknadeild á árunum 1880-1882, og hann brá sér einnig til Skotlands og Englands sumarið 1894 til þess að afla sér aukinnar þekkingar á sviði læknisfræði. Hann sinnti síðan læknisstörfum þarna í héraðinu til ársins 1895, en fékk þá lausn frá þessu embætti vegna vanheilsu. Hafði hann fallið af hestbaki í einni af læknisferðum sínum og skaddast svo við það, að hann átti bággt með að fara riðandi í vitjanir. Var hann þá á tímabili við læknisstörf í Reykjavík á árunum 1895-1898, en hélt síðan aftur suður á land og tók við læknastörfum á sínum gömlu slóðum, en bjó þá á Stokkseyri á árunum 1898-1901. Reisti hann þá stórt íbúðarhús úr timbri, sem enn stendur þar í plássinu.

Jónas skipstjóri hefur ýmsar sögur að segja frá veru Guðmundar á Stokkseyri. Kemur þar fram, hve læknisstörf gátu verið erfið í þá daga. Guðmundur þurfti þar eitt sinn að taka illa meinsemd úr munni gamallar konu. Er þar lýst hvernig læknirinn þurfti fyrst að láta smíða tæki fyrir aðgerðina. Eftir



Stokkseyri. Læknishús sem Guðmundur faðir Ásu byggði þar ásamt nærliggjandi húsum. Þjms.

að hafa deyft konuna þurfti hann síðan bæði að nota sög og naglbít ásamt skurðhnífnum til að kljúfa góminn og fjarlægja æxlið úr munni konunnar, en að lokum brenndi hann fyrir blóðstreymið úr sárinu, með því að nota skörung, sem hann hafði glóðhitað í arninum. Konunni batnaði vel eftir aðgerðina og varð hún háöldruð.

Í mörgum frásögnum af læknisferðum Guðmundar

kemur fram, að hann hefur þótt óvenju glöggkyggn. Í minningum Jónasar segir: „Það var annars ýmislegt einkennilegt við þennan mann. Það var eins og hann sæi fram í timann, og þá sérstaklega gagnvart sínum sjúklingum, og eru til ýmsar sögur af því, sem ekki verða skráðar hér.“ Sögur eru sagðar af ýmsum sjúkraitjunum Guðmundar. Það var alltaf vani að baka lummur, þegar Guðmundur læknir var á ferðinni, því að þær voru hans uppáhaldsréttur. Einu sinni sagði hann: „Mikið andskoti er það mikil og myndarleg kona, hún Sigríður á Loftstöðum. Hún býr til svo góðar lummur.“ Margar sögur eru sagðar af natni Guðmundar við sjúklinga og lýsingar á háttum hans og tilsvörum. En Guðmundur þótti sérkennilegur og stundum talinn svara út í hött. Segir Jónas sögu af handarmeini sínu, og hvernig Guðmundi tókst að lækna hann. Ýmsir læknar höfðu áður fengist við sárið án árangurs, en Guðmundur hafði sína aðferð og sagði: „Skerum ekkert, gróíð eftir viku – hum, ha, hvað?“ En þannig voru tilsvör hans.

Seinna var Guðmundi veitt embætti í Stykkishólmi, og fór hann þangað 1901.

## Stykkishólmsvera

Læknasetrið í Stykkishólmi var þá í steypu húsi á 800 fermetra stórrí lóð við Aðalgötu, sem þykir enn hin reisulegasta bygging. Var það á tveimur hæðum með kjallara. Í því voru 28 herbergi. Guðmundur lét grafa brunn í slakka neðst í brekku austan læknishússins. Var þetta kallaður Guðmundarbrunnur. Þaðan var einkum fengið vatn til brynningar í fjósi og hesthúsi læknis. Ýmsar upplýsingar er að fá um læknishúsið í Hólminum, sem byggt var 1896, og um veru Guðmundar, Arndísar og dóttur þeirra Ásu í safnritinu Stykkishólmsbók eftir Braga Straumfjörð Jónsson. Þar er að finna lýsingu af Guðmundi og tvær sögur af húsvitjunum hans. Guðmundur: „var sagður alþýðlegur, oft fyndinn og skemmtilegur, en umfram allt einlægur og stundum jafnvel barnalegur“.<sup>3</sup>

Guðmundur þótti afbragðs læknir þarna vestra. Var hann einnig oft sóttur út úr héraðinu, þó að þar væru góðir læknar fyrir, svo sem norður á Barðaströnd, inn í Dali, út í Ólafsvík og suður á Mýrar. Einnig þurfti Guðmundur um tíma að þjóna Flateyjarumdæmi, og varð þá oft að fara út í ýmsar eyjar á Breiðafirði, sem margar voru þá í byggð.

Á læknissetrinu í Stykkishólmi var sem áður nóg að starfa fyrir húsmóðurina. Þau Arndís og Guðmundur eignuðust fimm börn sem lifðu. Auk Ásu voru systkinin Þóra (kölluð Minna), Sturla, Sigprúður og Ingi. Fyrsta barn þeirra hjóna var andvana sonur (f. 23/6 1882).



Arndís Jónsdóttir móðir Ásu.

Börn þeirra Guðmundar og Arndísar, systkini Ásu, dósum í frumbersku, en önnur í blóma lífsins. Sturla dó 26 ára, ungur stúdent ( f. 26/8 1883, d. 15/6 1910 ). Sigprúður, tvi-

tug stúlka (f.3/12 1884, d. 15/6 1905 ), Ingi kornungur ( f. 3/2 1886, d. 5/3 1887) og síðan Þóra, rúmlega þritug kona (f. 5/4 1888, d. 14/11 1918 ), sem gift var Oddi Hermannssyni (f. 23/6 1884, d. 5/2 1927), yfirréttarmálaflutningsmanni og skrifstofustjóra, en hann var sonur Hermanns sýslumanns Jónssonar á Velli í Hvolshreppi. Var hann bróðir Halldórs Hermannssonar, prófessors og bókavaraðar við Cornell háskóla í Íþöku, Bandaríkjunum, og einnig bróðir Jóns tollstjóra í Reykjavík. Ása var yngst þeirra systkina og sú eina sem náði háum aldri. Öll dóu þau barnlaus og afkomendur áttu þau ekki.

Sturla, bróðir Ásu var talinn sérlega efnilegur ungur maður. Hann var kominn til framhaldsnáms í Kaupmannahöfn, og lagði þar stund á lögfræði og stærðfræði, en ofkældist frakkalaus eitt kvöld. Fékk hann lungnabólgu, upp úr því berkla og loks mislinga, sem lögðu hann að velli. Sigurður skólameistari Guðmundsson og Sturla voru bekkjarfélagar í tvo til þrjá vetur í Lærða skólanum í Reykjavík og samstúdentar 1902. Skrifaði Sigurður stutta lýsingu á Sturlu í formála að riti um Bjarna Pálsson landlækni, sem var forfaðir þeirra Sturlu og Ásu. Sigurður skólameistari ritar þar um Sturlu, sem einn niðja Bjarna Pálssonar og móður hans Sigríðar Ásmundsdóttur. Kafli Sigurðar er þannig:

„Þessi fallni förunautur minn á skólabrautinni er Sturla Guðmundsson (læknis í Laugardælum og Stykkishólmi Guðmundssonar). Faðir hans lifir enn á tíræðisaldri í Reykjavík og er systurdóttursonur Bjarna Thorarensens.

Ég hef í árunna rás, bæði á nemendabekk og í kennarsæti, kynnt mörgum ágætum námsmönnum. Mig hefir furðað á, hvílikum feiknum staðreynda, talna, nafna og hinna margvíslegustu skýringa má koma í stöku kolla. Er torfundið, hver þar er snjallastur, næmastur og minnugastur, enda verður eigi skorið úr slíku, nema með nákvæmum tilraunum og mælingum. Ef eg væri spurður, hvaða námsmanni eg hefði mestum kynnt, myndi eg svara því, fortakslaut og viðstöðulaust, að það væri Sturla Guðmundsson.

Þá er hann lauk stúdentsprófi með hárrí 1. einkunn vorið 1902, kunní hann utanbókar á dönsku allt það, sem lesið var í mannkynssögu og við vorum reyndir í við stúdentspróf, en það voru nokkur hundruð blaðsíðna í eigi litlu broti. Fer þetta ekki milli mála. Nálægt hálfum mánuði eftir stúdentspróf hans í sögu, reyndi eg kunnáttu hans í henni heima hjá honum (en hann bjó þá hjá Jóni Magnússyni, síðar forsætisráðherra). Sagði eg honum, hvernig einhver dönsk málsgrein, hér og þar um bókina, byrjaði. Puldi hann þá framhaldið reiprennandi utan bókar á dönsku. Hefði eg eigi trúað, að slíkt næmi væri til, ef eg hefði ei gengið jafn áþreifanlega úr skugga um það. Síðan hef eg farið varlega í að rengja tröllasögur af flugnæmi Bjarna Thorarensens, sem jafn ágætur námsmaður og Jón Helgason, prófessor, gerir þó. Á gönguför skólapilta suður í Hafnarfjörð vorið 1901 þuldi Sturla upp úr sér langan kafla á grísku úr einni kviðu Hómers. Hann hefur áreiðanlega numið þennan gríska kviðustúf án mikillar fyrirhafnar.

Próf. Þórður Sveinsson reyndi eitt sinn næmi Sturlu á því, að hann fékk honum nokkrar línur í einni kviðu Hómers, er hann skildi eigi. Sturla las þær – á að gizka – tvisvar. Kunni hinn hraðnæmi sveinn þær þá utanbókar, er prófað var.



Ása Guðmundsdóttir í Stykkishólmi.

Sturla var talinn ágætur stærðfræðingur og þótti líklegur skákmaður. Hann var drengur hinn bezti, góður félagi og hófsamur í nautnum. „Það var ekkert nema gott í honum“, sagði Þórður Sveinsson um hann við mig. Þá er hann kom til háskólans, varð hann brátt að hætta námi sökum vanheilsu. Er það minni Sigríðar Ásmundsdóttur, er lifir í þessum niðjum

hennar, sem nú hefur verið drepð á?"<sup>4</sup>

Þegar læknisfjölskyldan flutti í Stykkishólm var Ása orðin stálpuð stúlka, níu ára gömul. Eitt sinn tók hún upp á því að fara að starfa hjá skósmið Stykkishólms og lærði skósmiði hjá honum. Sagðist hún á þessum árum hafa verið handgengin föður sínum. Þegar hún þroskaðist fylgdi hún honum oft eftir í sjúkraitjanir og kynntist þar traustum handbrögðum læknisins, en Guðmundur, faðir hennar, var talinn sérlega laginn skurðlæknir, eins og fyrr segir. Þessi kunnátta hennar og umönnun sjúkra átti síðar á lífsleiðinni eftir að koma henni að góðum notum. Varð það til þess að hún fór nokkrum árum seinna að læra hjúkrunarfræði.

Aðstæður voru þá víða mjög frumstæðar hjá fólki og erf- iðar fyrir sjúka. Eitt sinn komu þau á bæ til veikrar konu. Þurfti Guðmundur að gera aðgerð á konunni, og var nauðsyn- leggt að leggja hana á skurðarborð, en langt borð var auðvitað ekki til á bænum. Var gripið til þess ráðs, að taka fjóshurðina af hjörum, koma með hana inn í baðstofu og leggja á milli rúmanna. Var þá komin bætt aðstaða til aðgerðar og konan lögð til uppskurðar á hurðina.

Séra Árni Þórarinsson prestur á Stóra-Hrauni (f. 20. jan. 1860) getur þess, að Guðmundur hafi sagt: „Ég vil heldur skera upp í kotunum hérna í sveitunum heldur en á spítölun- um í kaupstöðum. Það er ekkert eituroft í sveitunum. En það er margv. sem spillt getur loftinu í kaupstöðunum.“ Hann seg-



Á tröppum læknisbústaðarins í Stykkishólmi. Guðmundur og Arndís (fyrir miðri mynd) kveðja vinafólk sitt.

ákveðnu umhugsunarefni.<sup>5</sup> Gerði Guðmundur þetta til dæmis til að fá sjúklinginn til að leiða hugann að öðru um leið og hann skar eða stakk í hold hans. Segir séra Árni frá tveimur sliikum dæmum. Einnig átti Guðmundur það til að fara að tala um allt annað efni, þegar fólk var í miðri sjúk- dómslýsingu.

Kunn er sú saga af honum, þegar séra Valdimar Briem hafði komið heim til hans að Laugardælum og romsað upp mikilli sjúkdómslýsingu af konu sinni. Guðmundur stóð þá við glugga, horfði stöðugt út og snéri baki í prest á meðan á sjúkraþulunni stóð. Allt í einu hrópar Guðmundur: „Ég held sá svarti ætli að hafa það.“ Hafði Guðmundur þá verið að horfa á tvo hunda slást, á meðan á sjúkrasöggunni stóð, og sá að svarta hundinum vegnaði betur.

Prestinum þótti að vonum þetta vera nokkuð mikið skeyt- ingaleysi, en Guðmundur endursagði þá fyrir hann alla sjúk- dómslýsinguna og kom með gagnleg læknisráð. Svo vel hafði hann fylgst með, þrátt fyrir hundaslaginn. Guðmundur virtist

ir að Guðmundur hafi verið „mesti aufúsgestur á heimil- um, vegna þess hve alþýðleg- ur hann var og fræðandi. Hann kom sjaldan svo, að fólk myndi ekki, að hann hefði menntað það í einhverju.“ Guðmundur „brá stundum á þann sið að skipta á augabragði um efni í samræðum eða tala skyndi- lega um allt annað, en nokkur gat búist við að hann hefði orð á, eins og á stóð. Stundum voru þetta brögð, til að kom- ast að einhverju eða beitt í því skyni að leiða huga manna frá

stundum vera mjög mikið utan við sig og talaði þá upp- hátt við sjálfan sig. Um það sagði Guðmundur: „Fólk held- ur oft, að ég sé annars hugar og tekur þá eftir engu. En þá tek ég best eftir. Og þá varar fólk sig ekki á mér. Þá kynnsti ég því best.“

Auk þess að vera héraðs- læknir á svæðinu, hafði Guð- mundur mjög náið eftirlit með bókasafninu í Stykkishólmi. Sagði Ása mér, að pabbi henn- ar hefði pantað valdar bækur fyrir safnið, og hún hefði verið að aðstoða föður sinn við að taka á móti þessum bókum og koma þeim fyrir. Guðmundur las mikið og var afar fljótur að meðtaka það, sem hann renndi augum yfir. Þegar Guðmund- ur var hættur störfum og kom- inn til Reykjavíkur, fékk hann enn sendar erlendar læknabæk- ur og tímarit, og ég man eftir því að hafa fengið að skoða ritið National Geographic, sem hann var áskrifandi að. Einnig bárust honum innlend rit, og ég fékk að lesa og kynnsti útgáfu af Íslenskum þjóðsögum Jóns Árnasonar, sem honum var send í heftum.

Séra Árni á Stóra-Hrauni lýsir þekkingu hans þannig: „Hann var ... ágætlega heima í almennri mannkynssögu og bar oft saman ýmsa nafnkunna menn sögunnar. Hann stúder- aði mjög árbækur. Hann var fróður í Sturlungu. Hann var ættfróður og gerði sér far um að setja sig inn í einkenni ætta.

## Íslandsk likjör

60 g kirsebærsaft, 15 g enebær, 10 g rosiner, 2,5 g kardemomme, 2,5 g bitre mandler (hakkes), 2,5 g fransk brændevin = 1 snapseglas cognac, 200 g ren sprit, 250 g vand.

*Dr. Gudmondsson, Stykkisholm, Island.*

*Meddelt af cand. pharm. Hans Brandt, Fåborg.*



Dr. Baldur Símonarson lífefnafræðingur hefur upp- lýst mig um þennan líkjör og frætt mig um, að Hans Brandt, sá sem kom uppskriftinni til birtingar, hafi verið lyfsali í Fåborg, sem er bær sunnarlega á Fjöni. Hans þessi hafi verið áhugamaður um sögu bæjarfélagsins þar og beitt sér fyrir stofnun bæjarminjasafns. Á árun- um 1917 til 1920 hafi hann verið í Reykjavík og þá komist yfir þessa líkjör-uppskrift hjá Guðmundi.

Heimild: Baldur Símonarson<sup>6</sup>.

Hann var allra manna músikalskastur og gat lesið hljóð af nótum, hvar sem hann sá þær, þó að hann spil- aði ekki á hljóðfæri. Hann var mikill mannþekkjari<sup>5</sup> Guð- mundur var ágætur stærð- fræðingur. Eitt sinn á skólaár- um mínum, sagði Ólafur Danielsson menntaskóla- kennari við mig í kennslu- tíma: „Kunnið þér ekki þessa cosínus-reglu, Sturla? Ég hitti hann Guðmund lækni (frænda yðar) á götu í gær, og þá þuldi gamli maðurinn yfir mér þessa flóknu reglu. Hann kunni hana enn eftir öll þessi ár frá því hann var í skóla.“

Guðmundur var einnig mikill náttúruskoðari og garð- yrkjumaður. Átti hann sæti í stjórn Garðyrkjufélags Ís- lands. Hann flutti inn tré og runna til landsins, sem Ása aðstoðaði hann við að gróðursetja. Þar kynntist hún garð- ræktarstörfum. Guðmundur kom með stikilsberjarunna með sér að vestan, sem settir voru niður í garðinn á Laufásvegi 51 hjá Sturlu Jónssyni, föðurbróður mínum, og mig minnir að hann hafi átt þátt í því að flytja inn víði þann, sem settur var í Alþingishússgarðinn, og síðan hefur verið kallaður Þing- víðir.

Guðmundur var ekki eingöngu læknir héraðsins, heldur rak hann einnig á fyrstu árum sínum lyfsölu staðarins. Þar var auðvitað spiritus til á flöskum, ásamt öðrum algengum



meðölum þeirra tíma. Guðmundur lét stöku mann fá „hundaskammt“, eins og smálögg af alkóhóli var þá kölluð á bannárunum.

Eitt sinn komu til Guðmundar ungir bræður austan úr sveitum, sem lækniurinn kannaðist við. Báðu þeir hann í öllum bænum, að gefa þeim áfengisskammt fyrir afa sinn, sem væri orðinn farsjúkur og þyrfti einhverrar hressingar við. Þá sagði Guðmundur: „Æ, drekkur hann ennþá, karlinn.“ Hann vissi að sá gamli hafði látist fyrir ári síðan.

Guðmundur átti ýmsa fleiri góða dropa og krydd í lyfjaverslun sinni. Bjó hann úr þessu ágætan líkjör, sem varð frægur, og hefur komist á vínlista í Kaupmannahöfn. Er hér gefin dönsk uppskrift þessa drykkjar.

Ágúst kaupmaður Þórarinsson (f. 13. sept. 1864) var mikill vinur Guðmundar og mikill umgangur á milli heimilanna. Dóttir hans var Ingigerður, sem var góð vinkona Ásu. Var hún einu ári yngri en Ása, og áttu þær margar ánægjustundir saman. Settu þær vinkonur meðal annars upp nokkrar leiksýningar, til dæmis Ævintýri á gönguför, og einnig stóðu þær fyrir grímuböllum í plássinu.

Bróðir Ágústar kaupmanns var séra Árni Þórarinsson prestur á Stóra-Hrauni. Kom hann oft í Stykkishólm, til að sækja heim bróður sinn og aðra vini þar í þorpinu. Voru þeir Guðmundur æ síðan góðkunningjar. Í frásögn þeirri, sem Þórbergur Þórðarson ritar eftir séra Árna, er Guðmundar víða getið. Þar er góð lýsing af Guðmundi og ýmsar frásagnir skráðar af háttum hans og tilsvörum.<sup>5</sup>

Margar sögur voru sagðar af ýmsum glettum, sem þeir félagar gerðu hvor öðrum. Ágúst Þórarinsson var faktor fyrir Tangsverslun og stundum við afgreiðslu, kom Guðmundur oft í búðina til að spjalla við hann. Gekk hann þá að venju fyrir



Ása ung stúlka í Reykjavík.

framan búðarborðið. Ostur var þar í glerkúpu, og bar við að Guðmundi væri boðinn ostur úr kúpunni. Eitt sinn fann Ágúst upp á því að láta stangarsápu í kúpuna. Gekk Guðmundur að vana að krásinni og fékk sér væna sneið. Brá honum heldur við, þegar hann beit í stangarsápubitann, sem hann bragðaði á af hrekkleysi. Þótti mönnum gaman að því að geta leikið á lækinn. Guðmundur borgaði seinna fyrir þennan hrekk. Í annað sinn voru þeir Ágúst saman í húsi og var borið inn kaffi. Stóð saltkar á borði og sykur var í annari skál fyrir framan þá. Ágúst skipti þá um í glösunum í flýti og setti saltið í sykurskálina. Guðmundur fékk sér svo vænan

skammt í teskeið úr þeirri skál, er saltið var komið í og setti í kaffibolla sinn. Var þá Ágústi skemmt, þegar hann sá svipinn á læknum, er hann bragðaði á salta kaffinu. Þessar sögur, sem Guðmundur sagði mér, þótti mér gaman að heyra, þegar ég var ungur prakkarastrákur, heima á Laufásvegi.

Þegar Guðmundur lauk héraðslæknisstörfum í Stykkishólmi árið 1927, þá orðinn 74 ára gamall, héldu vinir hans og sveitungar honum veglegt samsæti í tilefni þess, að hann hafði starfað sem héraðslæknir í 50 ár. Sendi Guðmundur Hannesson, landlæknir og háskólarektor honum þá heillaóskir í bréfi. Guðmundur var áfram í Stykkishólmi og sinnti læknisstörfum, þótt annar læknir væri kominn þangað sem héraðslæknir. Hinn 17. júní árið 1931 áttu þau Arndís og Guðmundur gullbrúðkaupsafmæli. Við það tækifæri var mikill fagnaður. Var þeim þá veitt vandað heiðurskjal úr skinni, sem var með áletrun ýmissa vildarvina. Margar snjallar lofræður voru einnig haldnar við það tækifæri. Þau Guðmundur fluttu síðan úr Stykkishólmi og hætti hann þá læknisstörfum 78 ára gamall.

## Reykjavíkur- og Englandsdvöl Ásu

Þóra, móðursystir Ásu, var gift Jóni Magnússyni forsætisráðherra, sem var bæjarfógeti á árunum 1908 til 1917. Bjuggu þau Þóra þá í Þingholtunum. Stóð hús þeirra ofan við franska sendiráðið á Skálholtsstíg. Þegar Ása Guðmundsdóttir stálpáðist, fékk hún að fara frá Stykkishólmi, til bæjarfógetahjónanna í Reykjavík, til þess að leita sér meiri menntunar, frama og lífsreynslu. Þóra, systir Ásu, sem kölluð var Minna, hafði verið tekin sem kjörbarn af Þóru móðursystur sinni og Jóni Magnússyni bæjarfógeta.

Ása lækni fluttist suður frá Stykkishólmi 1912 og var þá orðin tvítug stúlka. Kom hún þá til Reykjavíkur sem náð skyldmenni í hús bæjarfógeta, þar sem systir hennar Þóra var sem uppeldisdóttir.

Þau hjón voru barnlaus og varð Ása þeim mjög handgengin á þessum árum. Aðstoðaði hún frænku sína við móttöku gesta eins og með þurfti, og lærði hún þar að viðhalda rausn og myndarskap á gestkvæmu heimili. Dugnaður og virðuleiki var henni í blóð borinn og uppeldið og skólunin, sem hún fékk þarna hjá frænku sinni og eiginmanni hennar, reyndust henni haldgott veganesti og notadrjúg þekking, þegar hún fór sjálf að standa fyrir heimili.

Oft gat verið gestkvæmt hjá bæjarfógetanum á sumrin, þegar erlendir ferðamenn komu til landsins, og var þá gott fyrir húsráðendur að hafa unga stúlku í húsinu til aðstoðar. Athygli vakti hvað Ása var heilsteypt og glæsileg ung stúlka.

Einn þeirra erlendu gesta, sem þangað komu í heimsókn, var ungfrú Bertha Phillpotts, er var skólastýra Girton College í London og síðar einnig Sommerville College. Hún kom til Íslands með ungfrú May Morris. Heimsóttu þær Þóru föðursystur mína og urðu góðkunningjar hennar.

Ungfrú Phillpotts hafði náð nokkrum tókum á að tala íslensku, þar sem hún hafði dvalist hér eitt sumar til að kynna landi og þjóð. Var hún að rita um norræn fræði og gaf út bókina Kindred and Clan árið 1913. Síðar ritaði hún tvær bækur um Eddu og fornsögurnar, og þýddi svo á ensku sögu Jóns Indíafara.<sup>7</sup> Var hún að lokum heiðruð fyrir verk sín og fékk titilinn Dame, sem samsvarar riddaranafnbót. Eftir að



Ása önnur frá vinstri með Jóni Magnússyni ráðherra og Þóru konu hans fyrir utan hús þeirra á Hverfisgötu 21.



Ása klædd til að ganga fyrir bresku hirðina.

hún hélt til síns heimalands, skrifaði Þóra þessari ensku menntakonu bréf, og bað hana um að útvega Ásu systurdóttur sinni dvalarstað í London hjá einhverju góðu, ensku fólki. Þau hjón komu Ásu þannig fyrir hjá vinafólki ungrúarinnar í Englandi til þess að leyfa henni að kynna þar enskum siðum og tungu.

För Ása því næst út til Englandis og fékk að búa hjá fyrirfólki í London. Var það Lord Buckmaster, Chancellor eða stallari konungs, er bjó við Hyde Park. Hann réði því meðal ann-

ars, hverjum var boðið til hirðar konungshjóna. Kona hans, Lady Buckmaster, átti tvær systur. Var önnur gift Kirkham nokkrum lögfræðingi, er bjó í Surbeton utan Kingston. Þau hjón áttu engin börn. Samt var húshaldið mikið, og höfðu þau þrjár þjónustustúlkur. Var Ása einkum hjá þessu fólki á meðan hún var að koma sér inn í málið. Hún var þá einnig hjá þriðju systurinni, sem var læknir og hét ungfrú Lewin, og bjó í Wimpole Street nr. 25. Liggur sú gata næst við Harley Street. Var talið, að við þessar tvær götur byggju bestu læknar Bretlands.

Dvaldist Ása nú um tíma hjá þessum systurum og var þar sem góður gestur, en hjálpaði konunum samt við sauma, því hún var mjög lagin við þá iðju. Lady Buckmaster kom því svo til leiðar, að Ásu var boðið að taka þátt í hirðveislu og fá að ganga fyrir konung. Var fyrirskipað að allar dömurnar væru í svipuðum kjólum, hvítum að lit með dragsiðum faldi. Þær áttu að skarta blævæng, sem gerður var úr þremur strútsfjödrom og bera slör um hárið, sem næði niður fyrir axlir. Þannig kjól saumaði Ása á sig sjálf. Notaði hún efni úr gömlum gluggatjöldum, sem systurnar gáfu henni. Meðan á veislunni stóð, minnst einhver á það við Ásu, hve kjöll hennar væri undur fagur. Sagðist hún hafa haft vit á að þegja yfir því, að hún hefði sjálf saumað kjólinn. Í þeim félagskap mátti svona hefðarmær ekki hafa unnið að slíku verki.

Heba, frænka Ásu, sagðist sjálf hafa verið hjá Lord Buckmaster um tíma á eftir dvöl Ásu hjá hjónunum. Hefði lávarðurinn eitt sinn beðið sig um að búa til eftirrétt, og hún hefði þá framreitt eggjafrauð, fromage, með sherry. Hefði hún kunnað ýmislegt fyrir sér, því hún hefði áður verið í „hus-holdningskole“ í Hilleröd, Danmörku, og lært eldamennsku. Tvívegis hefði verið boðið stjórnmalamönnum í matarveislur þann tíma, sem hún var þarna hjá hjónunum. Í annað skiptið var Heba þá látin sitja hjá japönskum sendiherra, sem lítið gat talað við hana. Heba sagði, að nú væri búíð að skipta

þessu stóra, glæsilega húsi Kirkham hjónanna niður í smærri íbúðir.<sup>8</sup>

Þegar Ása taldi sig allfæra í ensku, vildi hún hefja nám í enskum skóla og valdi hjúkrunarfræði sem námsgrein. Þær ensku systur fundu þá ágætan skóla fyrir hana, og stundaði Ása nám um tíma í Middlesex sjúkrahúsinu í London og lagði þar einkum stund á ljósmóðurfræði.

Þegar Ása hafði lokið námi og dvöl sinni í Englandi, var haldið heim til Reykjavíkur árið 1914. Á skipi því, sem Ása sigldi með heim til Íslands, var ungur, breskur lögfræðingur, sem hét Newcome. Heillaðist hann mjög af þessari ungu, íslensku konu, sem átti í miklum samræðum við fólk um borð í skipinu. Vildi hann endilega kynna þessari stúlku betur og fór því í heimsókn til Jóns Magnússonar til þess að hitta Ásu. Ungi maðurinn kynnti sig sem Henry Newcome Wright. Var hann að skrifa doktorsritgerð um sögu lagasetninga og trúarreglugerða og hafði hug á því að sjá hinn forna þingstað Íslendinga.

Strax eftir að Newcome var kominn til Reykjavíkur, lagði hann land undir fót, og fór gangandi austur að Þingvöllum. Hreppti hann kalsaveður á Mosfellsheiði og varð að leita í sæluhús á miðri heiðinni. Þar gisti hann um nóttina, og hafði aðeins súkkulaði úr pakka til að narta í um morguninn. Komst hann að lokum til Þingvalla, og naut þess þá að skoða staðinn. Eftir að hafa



Ása 16 ára.

litast um á þingstaðnum, hélt hann aftur til Reykjavíkur, og leitaði þá uppi Ásu ferðafélaga sinn. Tókst þá með þeim kunningskapur, sem leiddi til þess, að þau trúlofuðust.

Newcome fór strax utan eftir þetta ferðalag og þurfti brátt að taka þátt í fyrri heimstýrjöldinni. Var hann þá í skotgröfum í Frakklandi, þar sem hann varð fyrir gaseitrun. Hlaut hann af því varanlegt heilsutjón og var upp frá því veill í lungum, en hafði að visu verið asmaveikur frá ungdómsárum.

Ása fór síðan aftur út til Englandis og giftist Newcome 5. september 1917 í St. Bartholomeus kirkju í London. Newcome hrósaði sér af að vera Yorkshiremaður. Hann var fæddur 5. apríl 1886. Var hann af ágætu fólki kominn, sem átti vefnaðarverksmiðju. Heba Geirsdóttir, frænka Ásu, fór eitt sinn í heimsókn með Newcome til móður hans. Átti gamla konan hema á setrinu Balsam Fields nálægt Walpol. Átti hún bil og var með bílstjóra og þjónustustúlkur og var auðsjáanlega vel efnuð. Hún var elskuleg, eldri

dama, gráhærð og viðmótsgóð, sagði Heba. Þar borðaði Heba góðan hádegisverð og fékk heil jarðarber í eftirrétt, sem hún átti að dýfa í sykur.

Newcome átti bróður, sem var einhleypur og barnlaus. Var hann langdvölum í Kína og öðrum Austurlöndum. Sendi hann Ásu margskonar austurlenska hluti, t.d. saumakassa, kistu og filabeinsskraut.



Systurnar Ása (t.v.) og Þóra (t.h.) Guðmundsdætur með ömmu sinni, Siggrúði Friðriksdóttur.

## Cuddra House í Cornwall á Englandi

Ungu hjónin settust nú að á Cornwall-skaga á suðvestan-verðu Englandi, þar sem Newcome tók að sér að sjá um miklar jarðeignir og byggingar við St. Austell kaupstaðinn. Voru þær í eigu breska stóreignamannsins Carlyon, sem var búsettur í Nýja Sjálandi, en jarðeigandinn átti meðal annars hluta af lóðum þessa bæjar og viðáttumikið land, er náði niður að ströndinni, einnig kalknámur á svæðinu og Tregrehan setrið, sem var ættaróðal hans.

Eitt af eignum stóreignamannsins var gamalt, virðulegt hus, sem stóð í útjaðri bæjarins, og var kallað Cuddra House. Settust þau Ása og Newcome að í þessu húsi og stofnuðu þar sitt fyrsta heimili.

Var mikið starf að annast rekstur þessara eigna, en auk þess vann Newcome á lögfræðiskrifstofu í London. Á þessum árum var byggt mikið Strand hótél fyrir sumargesti, er byrjað var að reisa 1930 og opnað vorið eftir. Einnig var reist klúbbhús til samkvæma og innleikja, og lögðu hjónin fé til þeirrar byggingar. Auk þess var Ása ötul við að leigja út hús við sjóinn fyrir sumardvalargesti. Keypti hún húsgögn á fornsölum, málaði þau sjálf og standsetti og kom öllu fyrir á vistlegan hátt. Sá hún sjálf um útleigu og rekstur þessara húsa, sem jarðeigandinn átti. Ása stofnaði kvenfélag á svæðinu og setti í stand samkomuhús fyrir konur staðarins (Cuddra Womens Institute for Home and Country). Var hún formaður þess félags í mörg ár.

Strax við komuna til Cornwall hóf Ása að skipuleggja og rækta upp lystigarð umhverfis húsið í Cuddra. Lagðir voru stígar sunnan við húsið, og í þá borinn granítmulningur. Á stöku stöðum voru hellulögð torg eða komið fyrir steinlögðum þrepum. Á torgum þessum eða við enda stiganna voru síðan reistar stytur af dvergum eða myndir af gyðjum og sett upp sólúr. Skammt frá húsinu var síðan lítil tjörn og voru



Cuddra House Cornwall, Englandi.


í henni gullfiskar, en þar áttu einnig froskar uppeldisstöð og viðurværi. Við tjörnina var plantað ýmsum fagurblóma liljum, en í slakka lengra frá húsinu óx hávaxinn bambus. Ása varð sér því næst úti um plöntur til gróðursetningar úr Kew-grasagarðinum í London.



Úr Cuddragarðinum.

Tókst henni að gera þarna mjög skrautlegan og sérstæðan trjágarð með blómalundum og matjurtareitum. Mikinn svip á garðinn settu lyngrósir (*Rhododendron*), sem skörtuðu stórum, skrautlituðum blómum á vorin, og þar voru einnig lágvaxnari azaliur í jöðrum skógarins og meðfram grasblettunum. Meðal skrautrunna uxu þar fagurblóma magnoliur og ilmandi kameliur (*Chamellia japonica*). Komið hafði verið upp trégrindum, sem mynduðu göng framan við bakdyrnar út í garðinn, og upp um þessar grindur vöfðu sig bergsól-eyjar eða klematis með stórum, ljósbláum blómum, sem gengið var undir. Hæstu trén í skóginum voru furur, en þar voru einnig margskonar lauftré og Ása náði sér í annarlega sprota og gróðursetti. Þar uxu upp apalopputré (*Araucaria araucana*), sem fengin voru sunnan frá Chile og tröllatré (*Eucalyptus*) frá Ástralíu og þar var bæði mösuður og mahóni innan um heslivið, álm og algengari þarlendan trjágróður. Síðan mátti þar í garði jafnvel sjá pálmatré, sem er nokkuð sérstætt fyrir þennan landshluta, en þarna í suðurhluta Cornwall er einmitt hægt að rækta pálma með sæmilegum árangri.

Ása lét garðyrkjumenn sína slétta blett bakatil við húsið og koma þar upp ágætum matjurtagarði, þar sem rækta mátti grænmeti til heimilisþarfa. Auk þess hafði Ása endur, kalkúna,



Úr garðinum við Cuddra House.

hænsn og perluhænur í gerði og var með hunangsflugur í búrum. Var það mikill viðburður, þegar Ása fór að ná í hunang, því þá þurfti hún að setja upp sérstæðan höfuðbúnað og stóra hanska til að vernda sig gegn býflugnastungum.

Heimilið varð í höndum hennar að óðalssetri, þar sem allt var með glæsibrag og virðuleik innan húss. Þau hjón voru mjög samhent um að velja fagra muni í heimilið. Ása fékk meðal annars marga eigulega ættargripi frá foreldrum sínum og skyldfólki, þannig að í Cuddra ríkti blanda af enskri hefð og íslenskum embættismannabrag. Hjónaband þeirra Ásu og Newcomes var mjög gott, enda var Newcome mjög viðmótsþýður og þrúður maður með fjölda áhugamála, en þau voru barnlaus.

Þegar Ása var komin suður til Cornwall og sest þar að, komst hún brátt í kynni við jarðeignaraðalinn á svæðinu (The landed gentry) og umgekkst einkum fólk af þeim stéttum. Var hún tekin inn í þann hóp, þar sem hún hafði verið kynnt fyrir konungshirðinni, og einnig vegna skyldleika síns við Pétur biskup og tengsla við Jón Magnússon, sem þá var orðinn ráðherra uppi á Íslandi. Stillti Ása upp myndum af því virðulega fólki, sem hún gat sýnt gestum. Hélt hún sig mjög á meðal heldra fólks í héraðinu. Hún var ekki allra og fór óhikað í mikið manngreinaralit í



Asa sjúkraliði í London.

umgengni sinni við fólk. Ása hafði mjög ákveðna framkomu, og var ýmist dáð fyrir framtak sitt eða illa liðin fyrir fjasgírni. Heba frænka hennar taldi Ásu hafa verið gædda svo miklum persónuleika, að hún hafi alveg dáleitt fólk, sem var í návist hennar. Ása talaði tæpitungulaust ensku sína með breiðum hreim og hörðu erri, nánast eins og Skoti en ekki neina Lundúnar mollu.

Húseignin Cuddra House stóð á stórrí landareign. Óx þar villtur stórskógur á hluta lóðarinnar. Nafnið Cuddra er cornwallska og þýðir reyndar húsið í skóginum. Þar við skógarjaðarinn voru einnig tennisvellir, en nær húsinu var þessi skrautlegi garður, skreyttur blómarunnum, tjörnum, gangstígum og ýmsum styttum, eins og fyrr segir. Var talið, að Ása og Newcome hefðu hugsað meira um að kaupa skrautrunna í garðinn en að rækta fjólor til sölu á torginu og afla með því tekna af jörðinni.

Rétt vestan við garðinn var Cuddra bóndabærinn. Þar varð síðar ræktunarstöð fyrir garðplöntur, og hefur á seinni árum risið þar merkileg gróðrarstöð, Pine Lodge Gardens, þar sem getur að líta fagurt áframhald þeirrar ræktunar, sem Ása hóf að starfa við á árunum milli stríða.

Ása og Newcome bjuggu þarna mjög ríkmannlega og höfðu mikið samband við heldra fólk á svæðinu. Þangað komu margir góðir gestir og ýmsir fyrirmenn. Ása talaði um Sir Ernest Cockran, sem var leikritaskáld með meiru. Lét hann dóttur sína heita eftir Ásu, og hélt Ása henni undir skírn. Þangað að Cuddra komu einnig Leslie Henson og Elizabeth Jeans, sem voru bæði frægir leikarar.

Höfðu þau Ása oftast tvo garðyrkjumenn að störfum og ævinlega tvær þjónustustúlkur. Var önnur þeirra virðuleg og roskín matráðskona, sem hét Louise, en hin ungleg stofustúlka, Velvet að nafni, sem sá um að halda húsinu hreinu og bera á borð.

Það þurfti margt þjónustufólk, til þess að halda húsi og garði í horfinu og Ása fékk íslenskar stúlkur sér til aðstoðar við heimilishaldið. Eru nokkrar heiðurskonur hér á landi, sem eiga góðar minningar frá þessum árum í Cuddra og hafa þær ugglaust lært margt af stjórnssemi og framtaksþrótti Ásu.

Til dæmis var um tíma starfandi í Cuddra Ingibjörg Dóróthea Ólafsdóttir (f. 1905), er síðar varð eiginkona séra Jóns Thorarensens, og einnig Eirika Guðrún Árnadóttir

(f. 1903), er seinna gekk að eiga Þorgrím St. Eyjólfsson í Keflavík. Af íslenskum gestum, sem þar dvöldust sumarlangt, má nefna þær Hebu Geirsdóttur frænku Ásu, sem síðar varð eiginkona Alexanders Jóhannessonar háskólarektors, Jónu Guðrúnu Gunnarsdóttur, er giftist breskum manni og Sigbrúði Friðriksdóttur systur mína, er var gift Arinbirni Kolbeinssyni lækni.

Auðug ekkja vínkaupmanns, Parnell að nafni, tók slotið Tregrehan á leigu. Systurdóttir hennar hét Hester og var á aldri við Hebu. Þegar Heba var í Cuddra hjá Ásu, tókst vinátta milli þessara stúlkna. Var Hebu þá boðið að búa í Tregrehan setrinu um viku tíma. Var það eins og að vera prinsessa, fannst henni. Þjónustustúlka vakti hana á morgnana og færði henni te í rúmið. Tveir þjónar sáu um veitingar við matarborðið. Fyrst kom butlerinn inn með matinn og jós upp súpu á diskinn hennar og hellti í glösin, en annar þjónn kom á eftir og skipti um diskana á borðinu. Síðan var þar stúlka, sem hjálpaði til við að bera fram af borðinu mat og óhreinan leirinn eða þurrka af borðdúknum. Við þannig aðstæður bjó enskur aðall í þá daga, og þetta fékk Heba að upplifa og búa við í viku.<sup>8</sup>

### Carlyon ættin

Eins og fyrr segir var eigandi Carlyon setursins ekki búsettur í Englandi um þessar mundir, þegar Newcome var þarna að ráðstafa óðali og öðrum eignum ættarinnar. Ríkiðæmið, sem um var að ræða, var byggt á fornum cornwallskum grunni. Má rekja þá sögu aftur til 15. aldar, þegar fyrirmenn af ættum Bodrugana og Edcumbera áttu Tregrehan og landið þar í kring. Eru til skjöl, sem sýna að riddarar frá Tregrehan voru þá að fá leigu frá landsetum sínum. Eftir miðja 16. öld náði Carlyon ættin síðan að festa sér landið, og með giftingum linn í aðrar stóreignafjölskyldur, sem áttu lönd í nágrenninu, og fnuðust saman miklar jarðeignir á fárra manna hendur.



Henry Newcome og Ása Wright nýgift í London.

Landið reyndist í ríku mæli gefa góðan arð. Auk þess að vera gjöfult landbúnaðarland, með leiguliðum á bændabýlum, sem greiddu óðalsbóndanum árlegt afgjald, var málm víða að finna í jarðlögum svæðisins. Sennilega var tin og jafnvel kopar unninn þarna í hæðunum allt frá því í fornöld, en á 18. öld hagnaðist Carlyon fjölskyldan ágætlega á því að vinna tin og kopar úr svonefndum Crinnis námum, sem voru niðri

við ströndina nokkru ofan við víkina, sem nefnd var eftir Carlyon fjölskyldunni. Seinna var farið að grafa dýpra í jörð eftir málmum þessum, og var þá unnt að fylgja eftir málmauðugum jarðlagæðum langt undir yfirborði lands. Einkum var mikill vöxtur í námugreftri á 19. öld. Voru þá á þessu svæði einna bestu málmnámur Cornwall skagans. Er talið, að mestur upp-gangur í málmvinnslunni hafi þá verið á árunum 1864 til 1892, en þá voru unnin yfir 9 þúsund tonn af tini. Þá voru vinnslu-svæðin á stöðum, sem nefndir eru Wheal Eliza og Wheal Buckler. Var þar grafið allt niður á 400 m dýpi og voru miklir rangal-ar á ýmsum hæðum, þaðan sem grjót-mylnan var flutt að yfirborði. Úr djúpinu var ekið með gróft málmgrýtið upp úr göngunum og því varpað fyrir framan námugöngin til frekari vinnslu. Þurfti fyrst að mala ruðninginn í fint duft, en síðan mátti skola frá léttari leir með vatni. Tinsteinninn var eðlisþyngri og féll til botns í skolkerjunum. Mölunin og skolonin voru drifnar með afli frá gufuvélum, sem gengu fyrir brenndu timbri. Voru þessar gufuvélar hafðar í byggingu við námuopin. Standa húsin í Wheal Eliza þar enn í dag.

Auk málmvinnslunnar voru tvær mölunarkvarnir á þessu svæði, sem drifnar voru með vatnsafli, er fengið var úr ánni, sem rennur þarna ofan af hæðunum. Myllan, sem ofar stóð, malaði korn fyrir héraðsmenn, en í neðri myllunni voru möl-uð bein. Sá beinamulningur var síðan borinn sem áburður á kornakrana.



Ása í Reykjavík.

Carlyon fjölskyldan efnaðist vel á þessari málmvinnslu og myllunum, og gat fjárfest í enn meira landi og fasteign-um. Árið 1778 giftist Tómas Carlyon frænku sinni Maríu Spry. Voru hjónin systkinabörn svo ekki tvístraðist auður-inn. Hins vegar skeði það laust eftir 1900, að einkaerfinginn hljóp á brott með dóttur vagnstjórans og hvarf til Nýja Sjálands. Þar dvaldist sá ættbogi fram undir seinni heimstyrjöld. Á þeim árum, sem Wright hjónin voru þarna, bjuggu engir ættmenn Carlyon fólksins í Tregrehan, og var slotið stundum leigt einhverju hefðarfólki, sem þau Ása og Newcome höfðu valið. Sami húsvörður-inn mun samt hafa starfað þar lengi, og garðyrkjumenn sáu um að halda hinum skrautlega trjágarði í sæmilegri rækt.

Ég fékk að líta inn í þetta slot og þótti mikið til þess koma. Stórt bókasafn var þar innar af stofunni. Þegar dyrunum var lokað í því herbergi, var erfitt að finna aft-ur útgönguleið, því hurðin var öll einn bókaskápur, sem dreg-inn var á spori fyrir gættina. Hús þetta var mjög stórt. Fyrir forstofudyrum var mikill pallur og héldu átta ítalskar steinsúl-ur uppi svalapakinu.

Enn er húsið í eigu ættarinnar, og er garðurinn þar til sýnis. Er hann sérlega frægur fyrir fjölda kameliutegunda, sem kona af ættinni, er lengi bjó þar, hafði sérstaklega safn-að og plantað þar út í reiti.

## Heimsókn í Cuddra House

Mér er eftirminnileg heimsókn móður minnar Mörtu og okkar systkina til Cuddra sumarið 1934. Höfðum við siglt til Grims-by og tekið þaðan járnbrautarlest suður til St. Austell. Var það langt og forvitnilegt ferðalag. Síðan tók við viðburðarík dvöl hjá þeim Wright hjónum í Cuddra House. Þótti mér ævin-týrlegt að skoða lífið í garðinum hjá þeim. Eyddi ég öllum stundum í að reyna að kynnast gróðrinum og safna merkileg-um fiðrildum, drekaflugum og ýmsum furðulegum bjöllum. Ég náði meira að segja í frosk úr einni tjörninni, og eitt sinn rakst ég á lítinn snák, sem ég þorði ekki að höndla. Skógurinn var einnig eftirsóttur af ýmsum framandi fuglum. Þarna heyrði ég korr í skógardúfum á morgnana og ugluvæl á kvöld-in. Ég hafði aldrei áður séð svona há tré, og ég naut þess að leika Tarzan, klifra á milli greinanna og sitja hátt uppi í ein-hverri eikinni, til þess að virða þaðan fyrir mér lífið í skógin-um. Newcome studdi mig í þessari náttúruskoðun. Hann hafði sjálfur safnað skeljum, þegar hann hafði verið á ferð, sem ungur maður í Suður-Ameríku, Nú gaf hann mér við heimferðina, allt þetta skeljasafn sitt.

Fróðlegt var að fylgjast með dýralífinu í kringum húsið, en sumt þessara kvikinda hafði einnig komið sér fyrir innan dyra. Í ganginum fyrir framan eldhúsið á jarðhæð hússins, skutust hraðfara pöddur, sem ég hafði aldrei áður séð. Væri þeim komið að óvörum að kvöldi til, með því að bregða upp ljósi, skutust þar kakkalakkur og silfurskottur af ganggólfinu og hurfu í skyndi undir einhvern gölflistann. Átti Ása í stöð-uggu stríði við þessa meinvætti. Réttirnir, sem bárust úr eld-húsinu við hliðina á ganginum, voru samt alltaf jafn gómsæt-ir. Farið var í lautarferðir eitthvað út í sveitina í nágrenni hússins, stundum til þess að leita uppi sögulega fiskimanna-og smyglarabæi á suðurströnd skagans, svo sem Mevaggissey og Looe eða jafnvel yfir skagann að norðurströndinni. Hafði



Heba Geirsdóttir og Ása Guðmundsdóttir leggja af stað í reiðtúr.

Ása þá látið tilreiða litlar lummustórar brauðkollur, er fylltar voru með lauk og krydduðu kjöthakki að sið héraðsbúa, sem kalla þannig brauðkollur Cornish pastry.

Öðru sinni var mættur hópur af ungu aðalsfólki til þess að fara í merkilegan ævintýraleik. Var liði skipt í fjóra hópa, og hverjum hóp ætlað að safna um tíu sérstæðum gripum, sem skráðir voru á fjóra lista. Vorum við systkinin í einum hópnum, og man ég eftir því, að við áttum meðal annars að koma með rautt hár úr kýrhala og tóma tannkremstúpu, auk átta annarra jafn vandfundinna hluta. Allir voru á sama tíma sendir af stað út af örkinni til að safna samskonar gripum.



*I nágrenni við Cuddra House. Blýantsteikning höfundar.*

Var lengi dags verið að ná öllu þessu dóti saman. Átti sá hópurinn að hljóta verðlaun, sem fyrstur kom með alla gripina til borgar. Okkar hópur vann af miklum krafti og skipulagi og komst fyrstur í mark, en ég klúðraði málinu, því ég hafði ekki kreist nógu vel leifar tannkremis úr tómu túpunni, svo dómari dæmdi hana ekki alveg tóma, og vorum við fyrir bragðið dæmd úr leik.

Nokkur spölur var frá Cuddra House niður að ströndinni. Þangað var samt gengið til að sulla í sjónum. Litum við inn í Strand hótelið, en þar voru gestir einkum efnaðir aðalsmenn, sem komu til þess að eyða frístundum sínum við þessa syðstu strönd Bretlands, eða til að leika golf á velli hótelsins. Stundum komu þangað frægir leikarar og man systir mín eftir að hafa séð þá Charles Laughton (f. 1899) og Douglas Fairbanks yngri (f. 1909) koma niður að ströndinni, og benti

Ása henni á að virða nú vel fyrir sér þessa frægu menn. Við höldum okkur hins vegar mest í klúbbhúsinu, sem var að hluta í eigu Wright hjónanna. Þar lærði ég að leika badminton, og rétt náði því að halda á tennisspaða. Krakkar á svipuðu reki og við systkinin bjuggu á Cuddra bóndabænum í nágrenninu og vildu vingast við okkur. Bauðst ein stúlkan til að kenna Sigþrúði systur minni tennis og leika við hana á völlum í Cuddra House. Þess háttar félagsskapur fannst Ásu fyrir neðan virðingu frænku sinnar, og var slíku sambandi því fljótlega afstýrt.

Á mikilli sumarhátíð kom Ægir, eða Neptún, með þrífork og kórónu vaðandi eftir sundlauginni við klúbbhúsið, en honum fylgdu Ægisdætur vafðar þangi og þara. Var þessu höfðingjaliði sýnd mikil lotning, þegar það óð síðan inn í veislusal hússins og setti þar hátíðarhöldin. Upphófst síðan mikið grímuball, þar sem Ása hafði klætt mig sem stelpu. Átti ég í mestu vandræðum með dansherrana og þó sérstaklega þegar ég brá mér á karlklósettið, sem varð mér til hinnar mestu háðungar verandi í dömuklæðunum.

Ég átti síðar á ævinni eftir að koma í heimsókn til Cuddra og rifja upp þessar fyrstu minningar minar af skoðun framandi lífríkis. Voru trén í garðinum þá orðin gömul og sum fúin, en þar voru enn sömu tjarnirnar, göngustígarnir og stytturnar, sem Ása hafði látið koma þar fyrir. Skrautrunnarnir skörðuðu enn sínu fjölskrúðuga blómahafi og býflugur sveimðu á milli þeirra í leit að hunangi, sem heimilisfólkið hafði þá að vísu ekki lengur til neinna nota. Ég teiknaði þarna mynd og setti niður nokkur stef á blað til minningar um fyrri daga í Cuddra House.

## Gamall enskur garður

*Nú færist ljómi yfir gamlan garð  
með gróin þrep og mosavaxna braut,  
sem líðast fram um fallið blómaskraut,  
er felur hruninn vegg og rofið skarð.*

*Við enda gangsins vegleg stytta stóð  
á stöpli, sem er hulinn þyrnirós.  
Hér kemur aftur liðin stund í ljós  
og leiftra minningar sem geislaflóð.*

*Því hér í garði uxu undrablóm.  
Og oft brá fyrir merkilegu dýri,  
er drekavængjum flaug um fuglahjörð.  
Og fyrir lítinn strák á strigaskóm  
var slíkur heimur mikið ævintýri,  
sem átti vart sinn jafningja á jörð.*

*Í skuggahorni einu ugla sat,  
sem öðru hvoru rak upp draugslegt væl.  
Þá snérist jafnvel hugrakkur á hæl,  
sem hetjulegur ella verið gat.*

*Og skógarþykknin voru villigjörn  
svo veiðimaður lítill saman hrökk,  
er út úr runna feikna froskur stökk  
og faldi sig í liljubláðatjörn.*

*Á leið um bambussetf og vafningsvið  
þá virtist rétt að hafa á því gætur  
að stíga hvergi yfir eitursnák.  
Því nöðrur hafa víst þann vonda sið  
að vefja sig um æskumanna fætur,  
og höggva gegnum strigaskó á strák.*

*Og lærdómsrík var för um furðuheim  
að fikra sig á milli stórra greina.  
Þá unaðsemd fær aðeins sá að reyna,  
er upp sig vó á loft með höndum tveim.*

*Að mega þaðan skoða skógardýr  
var skóli fyrir ungan bæjardreng,  
er kynntist þarna mörgum furðufeng  
og fegurð, sem í náttúrunni býr.*

*Nú drúpir grein á eik, sem eftir varð  
með elliblæ og föla preytutauma,  
sem tákn um það hve hrörnunin er hröð.  
Því tíminn flaug sem fiðrildi um garð  
og fór á braut með þúsund æskudrauma,  
en skildi eftir nokkur bliknuð blöð.*

( Cornwall á Englandi, 1986 )<sup>9</sup>

## Heimsóknir Ásu til Íslands

Ása kom öðru hvoru í heimsókn til Íslands til að heilsa upp á ættfólk og kunningja. Nokkru eftir brúðkaupið komu þau hjónin, Ása og Newcome, til Íslands og fóru ríðandi frá Reykjavík til Þingvalla og þaðan alla leið vestur í Stykkishólm. Var Ása þá að sýna nýja eiginmanninum æskuslóðir sínar. Að sumarhúsi fjölskyldu minnar á Laxfossi í Stafholtstungum, Borgarfirði, kom Ása og bjó þar hjá okkur um tíma. Var það sennilega árið 1928, þegar ég var sex ára. Hún var ekki aðgerðarlaus þá stundina frekar en endranær. Steinahrúgu mikilli hafði verið komið fyrir austan efra hússins við fossinn. Hnullungum, sem ekki voru notaðir undir gólfbita hússins, hafði verið hlaðið þar upp í vörðu. Vann Ása nú það verk að raða öllum þessum steinum í kant undir suðurhlíð þessa húss. Voru þeir síðan málaðir rauðir og urðu þokkalegur setbekkur.

Ása var mér mjög kær og lét vel að mér. Hún átti sjálf engin börn, en vildi sýna mér, að hún gæti látið mig klára graut af disk, sem ég hafði litla lyst á einn morguninn. Man ég eftir því, að hún elti mig út á tún með leifarnar af grautnum, svo þrjósk var hún og hörð á því að láta mig sýna þá eðlilegu háttsemi að klára grautarleifarnar, sem ég hafði skilið eftir. Ég var auðvitað enn þrjóskari, og lét ekki bjóða mér svona ágengni. Ekki lét ég þetta samt spilla vináttu okkar, og mat ég Ásu alla tíð mikils.

Ása var stödd á Íslandi, þegar marsvínavaða mikil gekk inn í Skerjafjörð. Komust menn fyrir hvalina og ráku þá upp í fjöru í Fossvogi. Þóttu þetta mikil tíðindi í Reykjavík, og flykktist fólk þangað, til að sjá þessar furðuskepnur. Sturlubræður fengu bílstjóra til að aka sér inn í Fossvog, því þeir vildu fylgjast með þessum viðburði. Fengum við systkinin einnig að



Ása í garðinum við Cuddra.

fara með í þá skoðunarferð. Þótti mér leiðangurinn eftirminnilegur, enda var þetta í fyrsta sinn, sem ég hafði séð hval. Aldrei fyrr hafði ég fengið að snerta svona dýr og skoða skrokk þeirra, líta upp í marsvínin og þreifa á augum þeirra, sjá á þeim bægslin og sporðinn og skoða ýmislegt fleira furðulegt. Ása var með í þessari ferð. Og ég man að hún var mjög áfjád í að fá kjöt af hvalnum, sem hún vildi matreiða. Stóð hún fyrir því að fá væn stykki af hvalkjöti, sem voru skorin þarna á staðnum, og við höfðum heim með okkur. Tók hún síðan til við að steikja þetta kjöt, þegar heim var komið. Gerði hún úr þessu ljúffengan rétt, sem var hvalbuff með lauk og steiktum kartöflum, er öllum þótti herramanns matur hjá Ásu.

Ása kom einnig til landsins í mars 1939, þegar Balkanbaróninn svonefndi var á ferð í Reykjavík og tók hún þá þátt í viðræðum við ríkisstjórnina, eins og getið verður um í kaflanum hér á eftir.

## Newcome og viðreisn á Íslandi

Newcome Wright kom talsvert við sögu atvinnu- og fjármála á Íslandi seinni hluta vetrar 1939. Höfðu Sturlubræður áður átt nokkur bréfaskipti við hann vegna hugsanlegrar vinnslu á Járni og bákíti til álframleiðslu úr Eyrarfjalli í Önundarfirði. Þeir höfðu alltaf haft mikinn hug á að finna málma til vinnslu hér á landi. Faðir minn Friðrik féll frá vorið 1938, en Sturlubræðir hans hélt áfram þessum hugleiðingum og vildi leita til erlendra kunnáttumanna til að hrinda þessu máli í framkvæmd. Hafði Sturla því samband við Ásu og mann hennar. Gerði Newcome sér nú ferð til Íslands í febrúarmánuði 1939, til þess að semja við Flateyrarhrepp um leyfi til málmvinnslu úr Eyrarfjalli, en þar hafði fundist lag af brúnjárnsteini. Í þessari ferð fylgdi honum aðalsmaður frá Balkanríkjunum, Telepnef að nafni, sem blöðin nefndu Balkan-baróninn. Voru þeir með áform um, hvernig mætti standa að þessum námugreftri, og áætlanir um magn þess málm, sem þarna væri að finna. Var talið, að þar mætti vinna í fyrstu um 75.000 tonn á ári af málmgrýti, sem jafnvel mætti auka árlega í 300.000 tonn. Gætu í fyrstu unnið við þetta starf um 300-400 manns og vörðar jafnvel 1.500 verkamenn. „Þar ætluðu þeir að leigja járnámu Kristjáns Torfasonar og hefja þar stórkostlega járnvinnslu byggða á vísindalegum rannsóknum Steins Emilssonar. Með þessu fyrirtæki gerðu milljónerarnir ráð fyrir að fljótlega yrði útrýmt öllu atvinnuleysi á Íslandi og skapaður þriðji fóturinn undir fjárhagsafkomu Íslendinga.“<sup>10</sup>

Sagt var að Newcome og félagi hefðu jafnframt verið með hugmyndir um að vinna ennþá dýrari efni úti á Reykjanesi og vörðar á landinu. Urðu mikil skrif um þetta í blöðum, og fór Jónas Jónsson frá Hriflu mörgum, háðuglegum orðum um komu þeirra og erindi í skrifum sínum í Tímanum.<sup>11</sup>

Var þetta þjóðþrifamál strax gert að pólitísku bitbeini, sem ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn snérist gegn. Hins vegar voru Sjálfstæðismenn hlynntir þessari viðleitni og þó einkum Héðinn Valdimarsson í Sameiningarflokki alþýðu.<sup>12</sup>

Ekki létu þeir Newcome og félagar við það eitt sitja að vilja vinna málma hér á landi, heldur reyndu þeir að rétta við efnahagsörðugleika Íslendinga með því að leita fyrir sér um hagstætt fjármagnslán fyrir þjóðina. Kom Newcome aftur í þeim erindum til Íslands í byrjun marsmánaðar og í það sinn í fylgd Englendinga, sem hét G. Draper. Þá var Ása kona hans einnig með í þeirri ferð. Höfðu Sturlu Jónssyni þá borist þær fréttir, að landið gæti fengið 60 000 króna lán í Bandaríkjunum. Var þetta nú ekki lengur pólitískt innanríkismál, heldur viðkvæmt utanríkismál, sem snerti hernaðarlegt svæði Norður-Atlantshafsins, þar sem Þjóðverjar og Bandamenn deildu um yfirráð. Hefur Þór Whitehead fjallað um það efni í einni bóka sinna.



Í lystigarðinum við Cuddra.



Henry Newcome Wright.

Þar segir: „Tilboð Wrights og Balkan-barónsins hefði „gef-ið ótal framtíðarmöguleika fyrir íslensku þjóðina, leyst atvinnuleysið, aflétt viðskiptakúgun Þjóðverja og tengt Íslendinga við lýðræðisþjóðina miklu í Vesturheimi. Þessu einstaka tækifæri hefur ríkistjórn framsóknarmanna glutrað niður með hirðuleysi og skætingi. Kenndu sósíalistar einkum Jónasi frá Hriflu og „Landsbankaklíkunni“ um þessi afgangi. Sögðu sósíalistar að „Jó-nasistar“ stæðu í vegi fyrir bandaríska „viðreisnarláninu“ í því skyni að halda við einræði sínu og Hambrosbanka „yfir fjármála- og atvinnustjórn lands-ins.“<sup>13</sup>

Eitt er víst, að Newcome gekk á fund ríkisstjórnarinnar og ræddi þar við þá Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson. Á þeim fundi voru einnig þau Draper, Ása Wright og Sturla Jónsson. Var ríkisstjórnin með ýmsar efasemdir og vafninga og vildu fá hrein svör um það, hverjir væru væntanlegir lán-



Ása með breskum hermönnum um 1917. Newcome Wright lengst til vinstri.

veitendur Vestanhafs. Vildi Newcome ekki gefa upp nafn þeirra að svo stöddu, vegna þess að þá glataði hann milli-göngu og væntanlegum umboðslaunum. Lauk þessari við-leitni um viðreisnina loks með því, að allt þetta tilboð um lán og áætlun um járngrýtisvinnslu rann út í sandinn, þjóðinni til mikillar ógæfu.

## Enn um foreldra Ásu

Ása var nú ein eftirlifandi barna læknishjónanna úr Stykkishólmi. Bauð hún þeim að koma og vera hjá sér í Cuddra House í Cornwall á Englandi. Þangað fóru Arndís og Guðmundur og ætluðu að njóta þar efri árána. Þau undu samt illa til lengdar dvölinni á Englandi. Guðmundur fór þar oft í göngu-leiðir, eins og hans var vani að gera í Stykkishólmi. Gaf hann sig þá á tal við fólk, sem var úti að störfum, en Bretar tóku þessum samræðum ekki eins vel og landinn hafði gert, og ekki þótti Ásu heldur viðeigandi að virðulegur faðir hefðarfrú-arrinnar í Cuddra House væri að rabba um daginn og veginn við almúgafólk. Gömlu hjónunum tók því að leiðast vistin erlendis og sættu sig illa við þetta viðhorf. Þau fluttu aftur heim til Íslands, og öðlingurinn Sturla Jónsson, föðurbróðir minn, tók þau inn á heimili sitt á Laufásvegi 51. Þar var ég heimgangur og kynntist þeim hjónum því mæta vel. Voru þau bæði einstaklega umhyggjusöm og elskuleg við mig unglínginn.

Heilsu Arndísar hrakaði brátt og þurfti hún þá mikillar umönnunar við, en Guðmundur var hraustur fram á efri ár. Spjallaði hann við mig, þegar ég fékk að fara með föður mínum til Sturlu og horfa á þá bræður spila l'hombre við félagana sína, eða við önnur tækifæri. Sat ég þá oft hjá Guðmundi og hlustaði á sögur hans.

Séra Áni Þórarinnsson kom þá oft í heimsókn til Guðmundur. Sagðist Guðmundur þá þurfa að fela skóhlífarnar eða göngustafinn sinn, því séra Áni væri vis til að taka það dót í misgripum. Eitt sinn sagði Guðmundur: „Nú er engin hættu á því lengur að séra Áni taki göngustafinn minn, því sóknar-lóm hans gáfu honum svo fallega silfurbúinn stökk.“

Lítið komu konur úr Hafnarfirði í heimsókn til Sturlu franda míns. Var erindi þeirra að biðja hann um fjárstyrk



Ása Wright og Gagga Lund í London á seinni stríðsárunum.

fyrir einhvern kristilegan söfnuð. Sturla tók vel á móti þeim og ræddi við þær góða stund. Pétur Zophaniasson ættfræð-ingur og skákmaður kom oft í heimsókn til Sturlu móðurbróð-ur síns. Hann spurði nú Guðmund, hvað þessar konur úr Hafn-arfirði hefðu verið að spjalla allan þennan tíma við Sturlu



frænda sinn. Þá sagði Guðmundur: „Það veit ég ekki. Það kemur sér stundum vel að heyra illa.“

Guðmundur tók loks að gerast svolítið meira utan við sig en vant var og var á köflum orðinn úti á þekju. Þurfti hann eitt sinn að ganga yfir á Hverfisgötu til að fara í Sparisjóð Reykjavíkur. Hann tók þá fram litla hnakktösku, raðaði í hana ullarsokkum og trefli og sagðist þurfa þetta á leiðinni yfir heiðina. Þá fannst honum allt í einu, að hann væri kominn austur að Laugardælum og þyrfti að leggja á Hellisheiðina til þess að komast í bankann í Reykjavík.

Arndís lést 15. ágúst 1936, þá orðin 79 ára. Fór Guðmundur nokkru síðar á Elliheimilið Grund. Dvaldist hann þar um tíma, þar til Ása dóttir hans kom frá Englandi og hélt með hann til Trinidad. Sagan segir, að Guðmundur hafi þá stundum haft mikil samskipti við annan öldung, er svipað var orðið ástatt fyrir. Stóðu þeir stundum aftan við steingrindverk garðsins á Grund. Hafði vinurinn þá verið með góðan göngustaf og rétt hann öfugan út á milli rimlanna í steingirðingunni. Töldu þeir félagar sig vera á laxveiðum í Hvítá og húkkuðu vegfarendur, sem um gangstéttina fóru, og hugðu vera laxa. Taldi Guðmundur laxana, sem hinn veiddi með ífærinni, sem var öfugi stafurinn.



Heba við eina tjörnina í Cuddra garði.

## Vistaskipti

Blómaskeið Ásu og Newcomes í Cornwall tók að lokum snöggan enda. Seinni heimsstyrjöldin skall á og þar með lagðist niður allur hótélrekstur og strandlíf á sunnanverðu Englandi. Á stríðsárunum voru skólakrakkar frá Kantaraborg send að hótelinu til að forða þeim frá væntanlegum loftárásum Þjóðverja. Börn frá London voru einnig flutt þangað vestur, og kunnu borgarbörnin ekki öll jafnvel við sig í þessu framandi umhverfi.

Newcome eiginmaður Ásu varð þá í upphafi stríðs að láta af störfum sem rekstrarstjóri eignanna, og þau hjón urðu loks að bregða búi og flytjast til London. Komu þau sér þá fyrir í húsi við Holland Park. Þar átti Ása nokkur samskipti við gamla kunningja sína frá fyrri árum og þar batt hún vináttu við söngkonuna Göggju Lund. Urðu þá mikil umskipti í lífi þeirra hjóna. Ása tók að starfa við ritskoðun og þurfti að vera langdvölum í Liverpool. Þau ráðgerðu nú breytingar á högum sínum. Newcome hafði ungur maður farið til Bólívíu í Suður-Ameríku til þess að hafa eftirlit með rekstri á tinnámum. Í þeirri ferð hafði hann komið til Venezüela og Trinidad. Hafði hann safnað þar ýmsum náttúrugripum og varð snortinn af þessum heimshluta. Þar hafði honum liðið vel og ekki kennt neins ofnæmis. Nú langaði hann til þess að flytjast eitthvað þangað vestur og dveljast í hitabeltisloftslagi bæði vegna heilsu sinnar og einnig vegna áhuga á náttúruskoðun. Þeim fannst að Vestur-Indíur Breta gætu verið ákjósanlegur staður.

Í lok styrjaldarinnar fóru þau því fyrst siglandi með alla búslóð sína norður til Íslands og dvöldust þar sumarið 1945. Þjuggu þau þá á Laufásvegi 51 hjá Sturlu Jónssyni frænda mínum. Ása var með ýmsa skrautmuni með sér frá Bretlandi, sem hún hugðist selja í Reykjavík til þess að afla sér skot-

silfurs, sem hún þurfti á að halda í Bandaríkjunum. Fékk Ása nú frænku sína Jarþrúði Jónsdóttur frá Ólafsvöllum á Skeiðum, sem þá var starfsstúlka hjá Sturlu, meðal annarra til að koma þessum varningi í lóg. Ása gekk einnig oft um bæinn í ýmsum viðskiptaerindum. Hefur hún vafalaust verið áberandi í miðbænum, eins og hennar var venja. Þar kom Halldór Þétursson teiknari auga á þessa eftirtektarverðu konu, sem sópaði heldur betur að og var áður óþekkt í bæjarlífiðnu. Brá hann upp skopmynd af henni, sem hann gaf mér síðar (bls. 69).

Eftir sumardvöl í Reykjavík héldu þau Wright hjónin svo áfram á skipi vestur um haf til Bandaríkjanna og hafði Ása þá föður sinn háaldraðan með sér í förina. Ég var þá staddur við nám í Íþöku í Bandaríkjunum. Var mér tjáð í bréfi, hvenær von væri á þeim til New York, og fór ég til borgarinnar til þess að taka á móti þeim. Ása var þá mjög athafnasöm við að hjálpa skipverjum við að koma dóti sínu upp úr lestum. Átti hún kassa og fjölda af kistum, sem þurfti að koma fyrir í geymslu við höfnina. Ég aðstoðaði hana lítið við þennan töskuburð, því ég var settur til þess að hafa ofan af fyrir gamla manningnum á meðan á uppskipun stóð. Á veitingastöðum gat Guðmundur verið matvandur og lystarlaus. Hafði Ása þá þann háttinn á, að gefa föður sínum brennivínsstaup til að láta hann skola niður bitunum, sem hún hafði stungið upp í hann. Hún átti alltaf ráð við öllu.

Nú þurftu þau Newcome að finna sér rúm í skipi, sem gæti flutt þau suður til Trinidad. Var það nokkuð snúið, því um farþegaskip á þeirri leið var ekki að ræða á þeim stríðsárum. Þar að auki var skallið á hafnarverkfall. Ásu tókst samt að lækum með sinni ýtni og þrautseigju, eftir ótal símtöl og fyrirspurnir, að koma þeim um borð í flutningaskip. Á þessum tíma var skrifstofa íslenska aðalræðismannsins í New York staðsett uppi á 33. hæð í háhýsi við fjölfarna götu. Hét skýjakljúfurinn Fuller bygging og stóð á horni Madison og 57.

götu. Kom Ása þangað nokkrum sinnum á meðan á dvöl hennar stóð í borginni, er hún þurfti á fyrirgreiðslu að halda. Þá fékk Guðmundur faðir hennar að sitja þar úti við glugga, þaðan sem hann gat horft yfir borgarhverfin. Þegar Guðmundur sá öll þessi háhýsi, heyrðist hann segja, þessa viðfrægu setningu: „Ja, mikið er búið að byggja í Hólminum.“

Eftir skamma dvöl í New York-borg var í nóvember haldið siglandi suður í Karíbahaf til Trinidad, en sú eyja var þá í eigu Breta. Þarna á eyinni leituðu þau um nokkurn tíma að landsvæði, en hittu um síðir hjón, sem hétu Holmes, er áttu ágæta jarðeign, sem þau vildu selja. Festu þau Ása að lokum kaup á þessari bújörð, sem lá hátt í dalverpi, uppi við jaðar á frumskógi fjalllendisins norðanvert á eyinni. Hét þetta óðal Spring Hill Estate. Á landinu var reisulegt, einlyft íbúðarhús byggt úr steini og timbri. Setrið stóð hátt í fjallshlíð frammi á brekkubrún og sást þaðan yfir skógivaxið dalverpi.

## Saga Spring Hill setursins

Sögu Spring Hill setursins frá fyrri tíma kynnti Ása sér allvel áður en kaupin voru gerð. Þarna hafði frá alda öðli verið frumskógur í fjallshlíðunum með nokkrum rjóðrum á milli og með lækjum og sitrum, sem skorið höfðu gil í gljúpt bergið. Þá var það að ungur maður af þýskum ættum, Charles William Meyer að nafni, varð fyrstur til að ryðja þar skóg og setja þar á stofn kakaóplantekru. Pilturinn var fæddur í Trinidad 1875, en faðir hans, sem hét Friedrich og var lyfsali í Port of Spain, hafði flust þangað frá Þýskalandi. Árið 1906 hóf Charles þessi að byggja sér hús á jörðinni, og er það setrið sem enn stendur þar. Var húsið gert úr hlöðnu grjóti og múrað í grunn og reist á súlum brekkumegin, en allir viðir hússins voru fengirnir úr trjám staðarins. Tók það hann um tvö ár að fullgera bygginguna.


Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út, gerðu Bretar allar eigur Þjóðverja upptækar á Triniad, og missti faðirinn lyfjaverzlunina og allar eignir sínar, en sonurinn, Charles var orðinn Triniadbúi og gat því haldið Spring Hill eigninni. Á kreppuárunum, eftir fyrri stríð, var verð á kaffi og kakói mjög lágt, og var orðið erfitt að framfleyta stórrí fjölskyldu á afurðum setursins. Þurfti Charles því að lokum að yfirgefa óðalið 1921 og flutti þá niður í þorpið Arima. Bankinn hirti svo eignina, og hafði hana til sölu og auglýsti 1926, en það var ekki fyrr en 1936 að kaupandi fékkst loks að jörðinni.

Var það yfirverkfræðingur í amerísku olíufélagi, sem starfaði í Trinidad, er þá festi kaup á setrinu. Sá hét Joseph Holmes og var giftur konu að nafni Helen Bruce. Þau tóku til við að hressa upp á eignina. Hafði skógurinn þá vaxið inn yfir ræktaða landið og húsið hrörnað verulega. Réðu þau til sín tuttugu manna lið til að dytta að húsinu og hreinsa gamla ræktarlandið. Ameríski verkfræðingurinn lét hendur standa

fram úr ermum. Hann kom rennandi vatni frá uppsprettu í leiðslu að húsinu, þá virkjaði hann læk, reisti rafstöð og leiddi rafmagn að setrinu. Einnig hressti hann upp á svalirnar og strengdi flugnahelt vírnet fyrir gluggaopin. Síðan tóku hann og menn hans að bæta við nytjajurtum í ræktarlandið. Hann gróðursetti ýmsa sitrusrunna, svo sem appelsínur, sitrónur og greipaldin. Þá setti hann niður bananaplöntur og gerði að lokum ágætan trjágarð fyrir framan bygginguna. Þar setti hann niður ýmsa skautrunna, svo sem flamingóblóm *Anthurium* og felublóm *Bougainvillea* með sínu fagra blómskrúði, auk grænmetis af ýmsum gerðum, sem hann ræktaði til heimilisþarfa. Margir landar þeirra, sem bjuggu í Trinidad, komu í heimsókn til þeirra hjóna upp að setrinu og þangað leituðu einnig amerískir sjómælingamenn, sem voru að kortleggja sundið milli lands og eyjar og strönd Venezuela. En svo skall síðari heimstyrjöldin á, og Holmes, sem hafði verið stórskotaliði í fyrri heimstyrjöld, var kallaður aftur í herinn. Að stríði loknu kom Holmes, sem hafði verið gerður að ofursta, heim að eign sinni í Spring Hill. Hann átti samt annan bústað á meginlandinu í Caracas, Venezuela.

Þegar hér var komið sögu, voru Ása og Newcome nýkomin til Trinidad úr langferð sinni og siglingu um Atlantsála. Þau höfðu um skeið verið að leita sér að jarðnæði í Trinidad, og þarna árið 1946 rákust þau á Holmeshjónin til allra heilla. Ása og Newcome fóluðust eftir eigninni Spring Hill, sem þau höfðu skoðað og þótt eftirsóknarverð. Eftir nokkrar umræður um verð og skilmála voru kaupin gerð.

Eignuðust Wright hjónin jörðina að undanskildu dálitlu koti, sem stóð á 10 ekra stórum landskika, ásamt rafstöðinni við lækinn og hylnum undir fossinum. Þessari séreign héldu Holmes hjónin eftir til ársins 1955, en þá fluttu þau alfarið



Spring Hill Spring Hill eftir Sturlu Friðriksson frá 1951.

búferlum frá Caracas til Florida. Nokkru seinna keypti Ása einnig þennan litla blett af amerísku hjónunum og átti hún þá alla jarðeignina. Ása sagði að þessi hjón hefði verið ánægjulegt að þekkja. Var alltaf mjög góð vinátta þeirra á milli, og tíður samgangur á milli heimilanna.

Rétt eftir að Wright hjónin settust að á þessum nýja dvalarstað, tóku þau til við að koma sínum svip á heimilið. Ása hafði flutt með sér ýmsa húsmuni frá Englandi. Voru nú settir upp kunnuglegir gripir í stofuna. Var þar hátt til lofts og vítt til veggja, stórar stofur og rúmgóð verönd. Brátt var þar kominn nýr heimilisbragur á húsakynnin. Þar var marglitt, persneskt teppi lagt á gólfíð og þangað voru borin inn þung, ensk chesterfield húsgögn. Á gömlu, virðulegu, mahóni stofuborði var aftur stillt upp myndunum af þeim Jóni Magnússyni ráðherra og Pétri biskupi. Á lítilli hillu voru hins vegar kinverskir karlar, útskornir í filabein, er stóðu þar á svörtum ibenviðarpalli. Á vegg var gríðar stór spegill í gullnum ramma, sem hafði verið í eigu söngkonunnar, sænska næturgalans Jenny Lind. Svört, kinversk kista var látin standa frammi á gangi. Í borðstofu voru fornir, kinverskir vasar á anréttuborði og þar fyrir ofan héngu skrautföt á veggnum. Tvö stór, kringlótt borðstofuborð voru á miðju gólfi. Bollaskápur stóð við einn vegginn, og uppi á honum hafði verið komið fyrir þremur silfurbúnum kertastjökum. Voru þeir nokkuð sérstæðir, því tveir þeirra voru þríarma, en sá stærsti þeirra var með fimm örmum. Allir höfðu þeir fangamerki dönsku konungshjónanna, þeirra Alexöndru og Kristjáns. Þar að auki var á þá grafin mynd af æðarfugli, svipuðum þeim, sem var á tarínunni frægu frá Friðriki Eggerz í Akureyjum.

Ráðnar voru tvær karabískar stúlkur í eldhúsið og fenginn góður ráðsmaður til að stjórna búskapnum. Honum til aðstoðar var hópur karla og kvenna, sem unnu við ræktunarstörf. Þjó þetta fólk í smákofum, sem byggðir höfðu verið uppi í brekku þarna í næsta nágrenni við setrið. Þar voru einnig

skúrar fyrir búfénað og þurrkhjallar og geymslur fyrir uppskeruna. Þarna var því á þriðja tug manna í heimili, þeldökkt starfsfólk, sem vann við uppskeru og reyndi að sporna við innrás frumskógarins, er stöðugt ógnaði öllu ræktuðu landi.

Á Trinidad er hitabeltisloftslag með miklum raka og daglegu regni, en þarna uppi í fjallendinu er þokusamara heldur en á láglendinu og er því minni sólarsterkja þar um miðjan daginn. Á kvöldin gat því oft verið notalegt að sitja úti á veröndinni. Skógivaxinn dalurinn var iðandi af lífi. Sporðdrekar, kóngulær og slöngur skriðu um svörðinn, en í trjákrónum kviðruðu litskrúðugir fuglar. Svæðið var undraheimur fyrir náttúruskoðara á borð við Newcome. Meðal annars voru þarna á landareigninni hellar með leðurblökum og þar átti einnig heima mjög sjaldséður fugl, sem innfæddir nefndu djöflafuglinn. Er hann sérstæður að því leyti, að fuglinn getur flogið í myrkri eftir bergmálshljóðum. Var þetta eini staðurinn á eyinni þar sem auðvelt var að skoða þennan fugl. Margt var við að vera og undu þau hjón dvöl sinni í þessu litrika umhverfi.

Var nú hafist handa við að nýta öll þau gæði, sem fá mátti af jörðinni. Reyndist alltaf mikið starf að hirða aldin sítrusrunnanna, tina banana á réttum tíma, safna kaffibaunum og bera heim kakaóaldinin til þreskingar. Síðan þurfti stöðugt að halda skóginum í skefjum, sem var áleitinn við að ráðast með stöðugum rótar- og rengluvexti inn yfir aldirtrén. Var nú einnig æskilegt að endurnýja ýmsa nytjarunna, og síðan hófu þau hjón að gera tilraunir með ýmsar nýjar tegundir ávaxta og grænmetis. Ása bað mig um að senda sér fræ af íslenskum gulrófum, hvað ég gerði. Síðan þurfti að slá grasið í kringum ávaxtatrén og grasflöt utan við húsið. Til þess voru notaðar litlar handsigðar eða jafnvel aðeins sveðjan góða, „cutlessinn“, sem er allsherjar vinnutæki innfæddra. Nota þeir sveðju þessa, hvort heldur sem þeir þurfa að höggva

stór tré eða trjágreinar, ryðjast um þunna, stinga upp jarðveg eða bara skafa undan nöglunum á höndum sér. Að nota þannig tæki til sláttar fannst Ásu ekki nægilega hentugt. Hún bað mig um að senda sér að heiman bæði örf og ljá. Þessum verkfærum kom ég til hennar, en ekki veit ég hvernig innfæddum tókst slátturinn.

Að venju fékk Ása sér margskonar húsdýr og safn af öðrum furðuskepnunum. Ræktaði hún svín í stíum, hafði kýr til mjólkur og kálfa til kjöttmetis. Hún var með asnann Nello sem gæludýr, er gerði lítið gagn, og síðan var þarna heimilishundurinn hennar, sem var mórauður af kinversku chowchow kyni. Hún var síðan með kalkúna, endur og þánsni til heimilisþarfa, en einnig voru þar tveir þáfuglar, svona rétt til skrauts.

Þetta þeir mikinn svip á aðkomuna að húsinu, þegar þeir komu úr stélinu og mættu gestum með viðvörunarköllum, sem hljómuðu líkt og hrópað væri hjálp, hjálp! Þá hafði Ása þarna býflugur í þremur kössum. Stundaði hún þar býflugnarekt, eins og hún hafði einnig gert í Cuddra á Englandi. Var því ávinlega hunang á borðum hjá henni.



Ása 16 ára í Reykjavík

Á skammri stundu höfðu Wright hjónin komið sér vel fyrir á þessu nýja heimili. Þau voru þarna þrjú. Ása hafði flutt Guðmund föður sinn af Elliheimilinu Grund í Reykjavík alla leið suður til Trinidad og annaðist hann nú af mikilli alúð þessa síðustu ævidaga hans. Gamli maðurinn var nú orðinn háaldraður og dómgreindinni farið að förla, enn hafði hann samt sína gömlu kímínigáfu. Á daginn lét Ása fara með hann út í garð, til þess að leyfa honum að sitja í stól í góðri forsælu undir pálmatriám. Sagan segir, að hann hafi þá haldið sig vera kominn til himnaríkis. Ása hafði fengið þeldökka þjónustustúlku til þess að vera þarna úti og líta eftir föður sínum. Þegar Guðmundur sá svona svarta stúlku undir pálmunum, á hann að hafa sagt: „Klókur er djöfsi, að vera búinn að koma árum sínum fyrir hér inni í Paradís.“

Guðmundur lifði þarna á Spring Hill setrinu fram til 22. júlí 1946, og var hann þá orðinn 93 ára gamall er hann lést. Hann var jarðaður í grafreit í Port of Spain.

## Simla og sambandið við Beebe

Þegar Wright hjónin höfðu dvalist á óðali sínu í rúm tvö ár, voru þau orðin vel kunn í dalnum og höfðu einnig góð sambönd í höfuðstaðnum, Port of Spain. Oft komu gestir til þeirra, bæði innlent fólk, en einnig Englendingar og Ameríkanar, sem voru þá helst náttúruskoðarar í leit að torkennilegu umhverfi og merkilegum gróðri eða fuglum.

Eitt sinn kom vel þekktur Bandaríkjamaður upp í Arimadalinn til þess að skoða sig þar um í skóglendinu. Var honum bent á að heimsækja hjónin á Spring Hill setrinu. Þetta var fuglafræðingurinn og ævintýramaðurinn dr. William Beebe. Hann hafði reyndar komið til Trinidad 1908, en staðið þar stutt við. Nú var hann orðinn frægur fyrir þær bækur, sem hann hafði skrifað um ýmis lífríki og þó einkum fyrir að hafa árið 1932 kafað í kúlu niður á 923 m dýpi í sjónum við Bermuda eyjar til þess að rannsaka sjávarlífið þar neðra og taka myndir af ýmsum sæskrimslum. Var það mesta dýpi, sem menn höfðu fram að því náð að kafa. Hann var nú einnig orðinn eftirlitsmaður fugla í Bronx dýragarðinum í New York borg.

Beebe leist svo vel á sig þarna uppi í dalnum, að honum datt í hug að spyrja Newcome, sem var góður lögfræðingur, hvort hann vildi ekki kanna fyrir sig, hvort ekki væri einhver landskíki falur frammar í dalnum. Newcome og Ása brugðu skjótt við, enda vissu þau af landi, sem hét Simla, er var til sölu í næsta nágrenni við þau, um fjórum mílum neðar í dalnum. Varð það úr, að Beebe keypti þarna 22 ekrur lands, sem hann ánafnaði síðan Dýrafræðifélaginu í New York. Í framhaldi af þessum kaupum setti hann þar á stofn hitabeltissannsóknastöð. Voru þar síðan stundaðar fjölmargar og merkilegar athuganir á lífríki skógarins í hlíðum Arimadalsins. Þekktir vísindamenn komu þangað og dvöldust þar

um lengri eða skemmri tíma, til að fást við sín áhugamál. Sumir voru að skoða fugla og hátterni þeirra, eða kanna eðli annarra villtra hitabeltisdýra. Menn höfðu að venju mikinn áhuga fyrir olíufuglinum á Spring Hill, en voru einnig að rannsaka leðurblökur og krabba. Að stöðinni komu einnig skordýrafræðingar, sem greindu allskyns pöddur og eltu uppi fiðrildi út um allan skóg. Ritaðar voru hávísindalegar greinar um allar þessar athuganir frá Simla stöðinni og þær birtar í virtum tímaritum. Einkum komu þær út í ritinu Zoologica, sem gefið er út í New York. Þessir vísindamenn komu flestir í heimsókn að Spring Hill setrinu og fengu þar jafnan góðar ráðleggingar og þægilegar móttökur húsráðanda. Margir þökkuðu Wright hjónunum þennan góða viðurgjörning í greinum sínum og ýmsir árituðu bæklinga og bækur, sem þeir gáfu Ásu og Newcome. Eignuðust þau hjón brátt ágætt safn fræðibóka um náttúru Trinidad eyjar. Dr. William Beebe ritaði sjálfur fróðlega grein um vistfræði Arimadalsins og gaf þeim nágrönnum sínum og vinum. Mikil og góð tengsl héldust jafnan milli þessara tveggja staða, og var tíður samgangur milli bæjanna.

Eins og síðar segir kom ég oft þangað með þeim hjónum, öðru þeirra eða báðum. Ég ræddi þar við marga fræðimenn, og hældu þeir mikið móttökunum á Spring Hill setrinu. Var Ása rómuð fyrir súkkulaðiterturnar sínar, sem þeir fengu þar með kaffinu. Stöðin á Simla varð viðkunn og smám saman keypti Dýrafræðifélaginu land til viðbótar þar í nágrenninu. Árið 1952 festi það kaup á St. Patrick's setrinu, sem átti 170 ekrur lands og síðar var enn aukið við land stöðvarinnar, þannig að Simla eignaðist alls 265 ekrur lands neðan við jarðeign Spring Hill setursins.



Wright hjónin á Spring Hill.

Á þessum árum var mjög að glæðast hjá fólki áhugi fyrir náttúruskoðun, vistfræði og umhverfisvernd. Margir Evrópu- og Ameríkanar voru einnig meir en áður á faraldsfæti, vegna þess að ferðabjónusta og frjálsari millirikjaviðskipta. Varð einnig talsverð aukning á heimsóknum til Trinidad og skoðunarferðum upp í Arima dalinn, meðal annars vegna skrifa þessara vísindamanna frá Simla um lífríki svæðisins. Ekki var auðvelt fyrir þetta ferðafólk að afla sér gistingar, því lítið hótel var ekki að fá í Arima þorpinu og ekki fölskur herbergi á Simla. Því var það, að Ása tók að hýsa stöku fræðimenn, sem vildu dvelja um tíma í dalnum. Þannig stuðlaði Beebe beinlínis að því, að Ása fór að taka kostgangara inn á heimili sitt á Spring Hill. Á Simla stöðinni héldu menn áfram rannsóknum á lífríki skóganna á Trinidad, en árið 1962 gataðist William Beebe á Simla setrinu úr lungnabólgu, þá þá 84 ára gamall. Urðu þá strax nokkrar breytingar á stöðvarinnar og vegna fjárhagsörðugleika var henni lokað árið 1970.

## Spring Hill

Spring Hill á eyrni Trinidad í Vestur-Indíum er gamalt setur á 175 ekrum lands. Liggur það uppi í fjöllum austanvert á eyrni, sem nefnd eru „Northern Range.“ Landið liggur í hlíð, og hallar því frá um 300 m til 700 m yfir sjó, og er sjálft íbúðarhúsið í um 400 m hæð. Allt er landið sundurskorið af giljum og drögum og þakið skógi, nema þar sem húsið stendur. Þar er dálítið rjóður í kringum byggingarnar, og þar hefur verið rutt svæði fyrir matjurtagarða.

Húsið er gömul timburbygging, reist á steiptum súlum. Þar sem húsið stendur í brekku, eru um þrjár metrar frá jörð að gólfhæð hallamegin, en að ofanverðu er gengið beint út á hlaðið.

Vatnsleiðsla er að húsinu, og rennandi vatn úr einu gilinu. Einnig er þar rafmagn frá heimarafstöð, þar sem einn giljalækurinn hefur verið virkjaður.

Útsýni er vitt yfir dalinn, og sést allt niður á sléttuna framman við dalsmynnið. Hæðirnar beggja vegna eru um þúsund metra háar. eru þær klettóttar og útskornar giljum, sem öll eru að vísu hulin skógi.

Landareign þessi er nytjuð sem plantekra, þar sem ræktaður er suðrænn nytjagróður. Mest er þar af kakaótrjám, sem hafa verið gróðursett á ýmsum tímum. eru sum orðin all hrörleg, en önnur gefa góðan ávöxt. Þarna vaxa auk þess kaffirunnar. Margt er þarna einnig af tonkabaunatrjám, sem eru 10–13 m há. Baunir þessara trjáa hafa ilmefni að geyma, sem meðal annars er notað til að bæta í tóbak. Þarna vaxa einnig ýmis tré sitrusættar, svo sem um 600 tré, sem bera greipaldin, fjöldi af appelsínutrjám, mandarínutrjám og tré sem bera sitrónur, lime og matrónutré eða „shaddock“ *Citrus maximus*.

Um 60 stór lárperutré eru þar og gefa rikulega ávexti. Því næst ber þess að geta, að á landsvæðinu er mikill fjöldi bananaplantna, sem skipta hundruðum og eru á misjöfnu aldurs skeiði. Sumar plönturnar eru orðnar mjög gamlar og gefa lítið af sér, aðrar eru arðbærari. Þessir ávextir eru aðal söluvara plantekunnar, en auk þess vex þarna urmull trjáa, sem bera góða ávexti, sem eru nýttir til matar á heimilinu. Má þar nefna mömmueplið *Mammea americana*, brauðaldin *Artocarpus communis*, barbados kirsuber, sem vaxa á þriggja metra háum runnum með rauðum, svólitið súrum berjum, og ósköpin öll af mangó, svo ekki vantar fjölbreytnina í ávaxtasalötin á Spring Hill setrinu.

Þar sem kakaótrén eru viðkvæm fyrir mikilli sólarbirtu, eru ræktuð sérstök tré til hlífðar þeim. Þessi tré eru kölluð „Matre de cacao“ eða ódáinsviður *Erythrina micropteryx*, og voru upphaflega flutt inn frá Perú. Getu þau orðið yfir 30 metra há. Í janúar og febrúar eru þessi hávöxnu tré þakin rauðgulum blómum, sem gefa dalnum sérstakan blæ á þessum tíma árs eða um tveggja mánaða skeið. Á öðrum tíma tekur skógurinn á sig heiðgulan blæ af blómum poui trésins, sem er af svipaðri hæð, en blóm þess, sem eru undurfögur, standa mun skemur en blóm ódáinsviðarins. Allur undirgróður er síðan samofið teppi af smærri trjám, runnum og blómplöntum með fjölbreyttu litskrúði, í hundruðum tegunda. Ég kann að nefna einstaka plöntu, svo sem datura, sætar kartöflur, riddarastjörnu, kakaólilju, sem plöntufræðingar nefna *Hippeastrum* og er mjög eftir sótt af kólíbrífuglum. Margt fleira ber þar fyrir augu, sem kemur norrænum manni annarlega fyrir sjónir. Í skóginum vex einnig urmull brönugrasa, sem erfitt er að kunna skil á.

Dýralífið þarna á setrinu er sérkennilegt. Bæði eru þar otrar í lækjum og þvottabirnir í trjánum. Otrana kalla þeir innfæddu „waterdogs“, þótt þeir séu að vísu ekkert skyldir

hundum. Þarna má einnig sjá svonefnt naflasvín eða villisvín frá Suður-Ameríku, er þar kallast „peccary“. Þá þykir gullhérinn eða „agúti“ vera merkileg skepna. Þarna eru ýmsir íkornar og rottur. Sérstæðar eru pokarottur eða opossum, sem mikið er af. Einnig skríður þar um í skógarbotni beltisdýrið armadillo, sem innfæddir kalla „tattoo“.

Fuglalíf er sérlega fjölskrúðugt þarna á landi búgarðsins. Eru taldar vera þar á svæðinu einar 170 tegundir fugla, og margar þeirra mjög sérstæðar. Enda velja fuglafræðingar og fuglaskoðarar Spring Hill sem aðsetur til þess að kynna lifnaðarháttum ýmissa fugla hitabeltisins. Er staðurinn reyndar orðinn heimspektur sem paradís fuglaskoðara.

Þarna var mikill sægur skrautlegra pokastara *Cacicus*, sem á ensku er nefndur corn-bird eða greater crested cacique. Hreiður þeirra eru oft mörg saman og hanga eins og meters langar hálmtrjáur niður úr háum trjám. Sagt er, að fuglinn velji þau tré til hreiðurgerðar, þar sem vespur hafa áður sest að, því þær fæli frá apa, sem annars ræni hreiðrin. Er fuglinn mjög sérkennilegur með sterkgulum stélfjögurum. Eftirtekt vekja strax aðrir skrautlegir fuglar, svo sem trogónar eða þrúgufuglar. Eru þeir bæði til með gula og rauðgula bringu og hafa áberandi langt stél. Einnig eru ýmsir tánar áberandi. Af þeim eru þarna margar tegundir og sumar allskrautlegar. Þá sést urmull kólíbrífugla vera að sjúga hunang úr blómaskrúðinu, sem þekur runna og klifurplöntu viðsvegar um skóginn.

Af lægri dýrum má nefna eðlur, froska og snáka, sem urmull er af. Eðlurnar eru margar taldar vera þarfaping inni í húsinu, þar sem þær eta moskítóflugur og bitmý eða ýmis önnur skordýr, sem eru þar annars til ama.

Urmull skordýra helst við í skóginum, í jörðu og skriðandi á trjám og runnum, lifandi á gróðri svæðisins. Skrautleg fiðrildi í öllum regnbogans litum sveima á milli blómarunnanna

Þar fremst í flokki stóra, safirbláa morpho fiðrildið, sem þykir eftirsótt í skrautmuni.

Stórar og smáar kóngulær eru á laun í flestum skúmaskotum, og bænabeidur eru á flugnaveiðum, en sporðrekar leynast undir steinum og eru varasamir, þegar verið er úti við grjóttinslu. Urmull maura skríður síðan á og undir gróðrinum, svo sem laufskurðarmaurar, sem eru skaðræðisgripir í plöntuuppeldinu. Þeir eru samt merkilega hugvitsamar lífverur, sem fróðlegt er að fylgjast með, þar sem þeir ferðast í löngum halarófum berandi uppskeruna eins og regnhlífar yfir höfðinu á leið heim í holu sína.

Eftir góða rigningu fara landkrabbar á stjá. Þeir þykja góðir til átu, og er þeim safnað af innfæddum. Einnig eru humrar í hyljum sumra giljanna. Þeir eru veiddir í gildrum og starfsfólkinu á Spring Hill þykir þeir vera mesta lostæti.

Loftslagið uppi í fjallendinu, þar sem Spring Hill stendur er fremur svalt miðað við önnur svæði á Trinidad. Má hitinn teljast um 5 gráðum lægri en niðri í höfuðstaðnum Port of Spain.

### Heimsókn mín til Spring Hill

Ég lagði upp í ferð frá Íslandi til Suður-Ameríku, veturinn 1961 vegna þess, að Ása frænka mín og Newcome Wright höfðu itrekað skrifað mér og spurt, hvort ég vildi ekki skoða búgarð þeirra og vita hvort mér litist ekki á að vera hjá þeim um tíma og jafnvel taka við rekstri plantekunnar. Nú vildi svo til, að Hákon Bjarnason skógræktarstjóri var að safna ljúktegundum víða að úr heiminum til þess að leita að kvæmum trjám, sem hentuðu íslensku veðurfari. Hafði hann verið í sambandi við skógræktarmenn á þeim slóðum, þar sem veðurfari svipaði til þess, sem er á Íslandi. Hann hafði komist í samband við garðræktarmann í Patagóníu, sem taldi vert að fara að trjátegundum þar og á Eldlandi. Bauð Hákon mér að

fara þangað í söfnunarferð fyrir sig. Ég sló til, og reyndi að sameina þessar tvær ferðir í einum leiðangri.

Á leiðinni til Trinidad sat ég í flugvél við hliðina á Hollendingi. Hét hann Kars og vildi svo til, að hann þekkti ungfrú dr. Simon Thomas, sem var stúdent og hollenskur skiptinemi, heima á Íslandi um 1932–3. Var hún oft gestur hjá foreldrum mínum, bæði á Laufásvegi 49 og á Laxfossi. Gaf hún okkur doktorsritgerð sína, sem hún ritaði um verslunarferðir milli Hollands og Íslands á miðöldum, *Onze Ijslandsvaarders in de 17de en 18de eeuw*, Amsterdam 1935, 319 bls.<sup>14</sup>

## Land hins eilífa sumars

Ég er að velta því fyrir mér, hveurrar þjóðar ekillinn er, sem flytur mig upp eftir þessum ævintýralega vegi. Hann talar ensku með frönskum og spænskum hreim og gæti verið sambland af svertingja, Indverja og jafnvel indíána. Ég sit við hlið hans í fornfálegrri, enskri bifreið, sem mjakast silalega áfram upp brekkuna með hóstum og stunum. Öðru hvoru nemur hann staðar og kælir vélina. Gangurinn er hægur, því bæði háu framdrifin eru óvirk, svo hann ekur aðeins í fyrsta gír. Að vísu hefur það ekki komið að mikilli sök hingað til, því leiðin hefur öll verið á brattann. Langt að baki, niðri á sléttunum, liggur flugvöllurinn.

Ég kom fljúgandi hingað til Trinidad snemma morguns frá Norður-Ameríku yfir karabíska hafið og lenti á þessari sögulegu eyju, sem liggur um tíu gráður fyrir norðan miðjarðarlinu, rétt norðan við Venezuela. Trinidad er syðsta eyjan í karabíska hafinu, ein hinna svonefndu Vestur-Indlandseyja. Fann Kristófer Kólumbus hana árið 1498 ásamt öðrum eyjum karabíska hafsins, en hann hugði sig, sem kunnugt er, vera kominn til Indlands. Eftir það var eyjan heimsótt af ýmsum ævintýramönnum og eru margar sagnir af viðburðaríkum ferðalögum þeirra og viðskiptum við innfædda. Smáeyja ein, norður af Trinidad, álíta sumir, að sé jafnvel fyrirmynd að dvalarstað Robinson Crusoe.

Trinidad hefur ýmist verið undir yfirráðum Breta, Frakka, Spánverja eða Hollendinga, en varð að lokum bresk nýlenda árið 1797 með Port of Spain að höfuðborg og stjórnaraðsetri. Í henni búa um 530 þúsundir manna.

Eyjan er á stærð við Sjáland, en megnið af eyjarskeggjum eru þeldökkir. Annars er á Trinidad einn hrærigrautur allra þjóða og er eyjan fræg fyrir kynþáttablöndur sínar, en auk



Ása Wright og Sigrún Ása Sturludóttir í Trinidad.

þess fyrir framleiðslu á rommi, angastúra bitter og skemmtilegri hljómlist, og auk þess er þar tjörutjörnin mikla.

Indíánar eru aðallega af tveim kynstofnum. Annars vegar Karabindíánar sem voru aðallega ættaðir frá þeim eyjum karabíska flóans, sem norðar liggja og hins vegar Trinidad-indíánarnir, sem voru upprunalegir innbyggjar eyjarinnar og kallast Arawak. Þriðjungur þjóðarinnar eru hins vegar afkomendur Indverja, sem fluttir voru frá Indlandi á árunum 1845 til 1917, til að starfa á sykurreysökrum, eru þeir bæði Hindúar og Múhamedóstrúar. Ganga þeir í þjóðarklæðnaði sín-

um, karlarnir með túrbana og höfuðbúnaði og konurnar í þarlskikkjum.

Reyndar halda hin ýmsu þjóðarrot enni gomium síðum **heimalanda sinna**. Þar má víða sjá musteri Múhamedóstrúarmanna og bænahús úr leir standa við hlið lúterskra og katólskra kirkna, sem eru múrsteinshlaðnar byggingar af spænskri gerð, eða með útlúr og járngrindverk frönsku húanna. Þar er portúgalskt þjóðarbrót, kinværskir kaupþýslumenn og knæpuhöldar, kanadískt kvenfélag, skoskir fiskasalar og **amerískur flugvöllur**, sem Bretar létu falan fyrir tundur-spilla í síðustu heimstyrjöld, og þar býr í fjöllum uppi ein íslensk kona ættuð frá Stykkishólmi. Öll lifa þessi þjóðarbrót í sátt og samlyndi og kynþáttahatur er þar nánast óþekkt fyrirbrigði.

**Bilstjóri** minn hefur nú stöðvað bifreiðina í einni bröttustu brekkunni og gufustrókurinn stendur upp af vélinni, sem blæs og hvæsir. Ég nota stundarbið, til þess að skyggjast um **Vegurinn** framundan er krókóttur, mjór stígur, sem liggur áfram upp fjallið, er hann að vísu malbikaður, en holóttur og **uppétinn** af regni og fúa. Ber þess þá að geta, að einmitt hér á Trinidad, einhvers staðar í fjarska niðri á sléttunni, er tjörutjörnin fræga eða asfaltnáman með svartri, seigfljóandi **tjöruleðju**.

Eyjarskeggjar nýta tjöruna og flytja hana út um allan heim. Er ekki ósennilegt, að malbik úr þessari tjörn þeki meðal annars einhverjar götur Reykjavíkurborgar. Tjörn þessi er annars heldur ógnvekjandi svelgur. Eftir að vinnuskóflur hafa rökkað upp úr damminum daglangt, hefur að vísu myndast gróf í yfirborðið, en að morgni hefur tjaran sigið saman, fyllt grófina, og allt virðist óhaggað og þakið svartri eðju sem áður, þegar menn tæka til starfa á næsta degi. Sérhvert kvikindi, sem vogar sér of langt út á tjöruskánina, á það á hættu að festast og síga ofan í eðjuna til ævarandi geymslu. Þannig hafa verið grafnar upp úr tjörnunni órotnaðar dýraleifar frá

ýmsum tímum jarðsögunnar. Hefur við það fengist vitneskja um dýralíf eyjarinnar á fyrri öldum.

Ekillinn, sem hefur bætt vatni á kælinn, hefur ferðina að nýju upp eftir stignum, framhjá smákofum, sem gerðir eru úr bjálkum og bambusviði, eða leirkofum með stráþökum. Nokkrar þeldökkar mannverur koma gangandi á móti okkur. Menn bera þarna allir stórar sveðjur. Hvarvetna eru karlar með þessi vopn, og ég er í fáfræði minni ekki ugglaus um, að ófriðarástand sé í landinu.

Seinna kemst ég að raun um, að þetta er nauðsynlegasta handverkfæri allra landsmanna, áhald, sem þeir skilja aldrei við sig, því að ógerningur er að ferðast um skógana án þess að ryðja sér braut með þessari sveðju. Geitur standa við vegkantinn og upp við kofana ægir öllu saman; ösnum, svinum og berum, blökkum krökkum.

Við ökum í gegnum smáþorpið Arima. Þá er lúður bifreiðarinnar þeyttur í sífellu. Ekillinn vill láta vekja á því athygli, að hann sé kominn með farþega í þorpið, en hvorki skepnur né menn sinna merkjum hans, né sýna nokkra viðleitni til að forða sér úr vegi.

Þegar út úr þorpinu er haldið, tekur við dalur milli skógivaxinna fjalla. Vegurinn liggur inn með hliðinni sunnan megin dalsins. Hann fer smám saman hækkandi, þræðir inn í hvert gil og fyrir hverja snös. Á hægri hönd er fjallið, sums staðar með þverhniptu bergi, en víðast sést aðeins inn í svartan myrkviðinn og slúta himinhá trén yfir veginn.

Á vinstri hönd er skógi klædd hliðin og glittir öðru hvoru í ársprænu hið neðra. Allt í einu hvolfir yfir helliskúr, sem ekki styttrir upp það sem eftir er leiðarinnar. Að vísu stendur þurrkatiminn yfir, þegar ég er hér á ferð, en í fjöllum rignir stöðugt. Nær regntíminn yfir mestan hluta ársins eða frá maí til janúar. Er þá allt á floti eftir þessu að dæma. Rigningarskúrinnar standa þó venjulega ekki lengi yfir, og á milli þeirra brýst sólin út. Um miðjan dag hvílir hún beint yfir höfði

manns, en þar sem loftið er jafnan þrungið vatnsmóðu fer hiti dagsins sjaldan yfir 30 gráður C, en þótt hitinn sé vel þolanlegur, er hinn sífelldi raki þvingandi og leiðigjarn. Allt er blautt viðkomu og klístrugt.

Föt manns eru hráblaut. Blekið þornar ekki á pappirnum. Bækurnar slaga og blöðin límast saman. Skórnir mygla og viðir fúna. Einstöku sinnum kemur andvari frá sjónum, en hvirfilvindar eru hér óþekkt fyrirbæri. Regnið hellist niður, þar sem við ökum áfram inn í þykknið. Skógurinn verður þéttari og lyktin svo þrungið, að slær fyrir vitin. Allt drukknar í grænum gróðri, allt er rotið og fúðið og rennandi blautt. Á einum stað hefur regnið grafið undan vegkantinum og er brautin að hálfu hrunin niður í gilið. Nokkru framar hefur fallið skriða ofan úr hlíðinni. Við ökum eftir trjaborðum, sem vegagerðarmenn hafa lagt yfir skurðina og með þessum uppslætti brúað geilarnar í veginum.

Í dalbotninum hátt yfir sléttunni eru loksins vegamót. Er þar komið að afleggjara að setrinu. Þar stendur skrifað á skilti, að svín séu til sölu. Nokkrir negrar hima þar í hóp. Þeir eru tötralega klæddir og holdvotir eftir regnið. Sumir halda á stórum bananablöðum yfir höfði sér líkt og regnhlífum, og nota þau til að skýla sér fyrir mestu vætunni. Einn þeirra ber svartan hattkúf og tekur virðulega ofan, þegar bifreiðinni er ekið framhjá. Þar eru á ferð starfsmenn frá Spring Hill, óðali frú Ásu Wright, en þangað er ferð minni heitið í heimsókn til hins íslenska landnema.

### Aðkoman að Spring Hill

Ekið er eftir heimreiðinni. Byggingar setursins koma brátt í ljós milli trjána. En nú hefur eklinum loksins algjörlega tekist að ofbjóða farartækinu. Ég geng síðasta spölinn heim að húsunum. Spring Hill er ævintýrlegur staður. Hús eru öll byggð á steinstólpum, þar sem aðrar undirstöður myndu fljótt fúna, og vistarverur fyllast af maurum, termítum og

öðrum skriðkvikindum. Glerrúður eru engar, en aðeins þéttariðin virnet fyrir gluggum. Regnið dynur á bárujárnsþökunum og fossar niður í rennurnar, en inni bíður min íslensk gestrisni.

Eftir hinar hugljúfustu móttökur og viðurgerning gefst mér kostur á að litast um og skoða næsta nágrenni við húsið. Mér hefur strax verið fengin sveðja hinna innfæddu að gjöf og ég finn mig öruggari en áður.

Setrið liggur fyrir botni Arima dalsins uppi í fjalllendingu og þaðan sést fram dalinn og niður á slétturnar í vestri. Skógurinn umlykur allt. Hvarvetna blasa við runnar og risatré, en hátt uppi í krónunum ber enn við himin rauð blóm ódáiinstrjána. Tré þessi eru ekki til neinna beinna nytja, en þeim hefur verið plantað í landið til þess að skýla hinum ræktuðu nytjarunnum.

Á þessum tíma árs eru blóm þeirra að falla. Undir laufkrónum þeirra vaxa kókostré með þroskuðum baunum, og kaffirunnar með grænum aldinum. Þarna eru mangótré með hnöttóttum ávöxtum, alls konar hálfviltar bananaplöntur með löngum áralaga blöðum, appelsínur og mandarínur, en einnig sítrónur og greipaldinrunnar og ótal aðrar tegundir aldintrjáa regnskógabeltisins.

Þessar nytjajurtir vaxa í rjóðrum, sem rudd hafa verið í skóginn, og eru líkt og vinjar í torfæru hins græna vítis frumskógarins. Með elju og ástundun er risaillgresi hitabeltisins haldið í skefjum, og þar sem sólar nýtur er rjóðrið þakið fjölskrúðugum jurtagróðri, en allt um kring umlykur skógurinn sem þéttur flóki, er gerir umferðina ógreiða og órugga.

Risatré frumskógarins eru þéttofin smærri gróðri og reyri í viðjar ótal snikjujurta. Þær vefjast um trjábolina, teygja sig eftir stofninum, fíkra sig fram um greinarnar, tylla sér út í limið og jafnvel á trjálaufið sjálft.

Þessar snikjujurtir eru af öllum stærðum og gerðum og allt frá litlum, þykkum bleðlum og laufum eða vindingum og

stærðum, sem líta út eins og grænt viravirki, þar sem þær vaxa saman í slaufur á berki trjána. Aðrar eru risastórar blaðhvirfingar eða tröllslegir vendlr. Meðal þessara snikjujurta eru brönugrösín, orkideurnar, fegurstar allra blómjurta, en þær vaxa oftast hátt uppi í laufkrónunum, og mér gefst ekki að sinni kostur á að líta þær augum.

Dýralífið í kringum húsið er einnig mjög fjölskrúðugt, fuglar í öllum regnbogans litum sitja á trjám og flögra í kringum okkur. Örsmáir kólumbri-fuglar, lítið eitt stærri en maðkaflugur, koma fljúgandi undan skugga trjána út í sólskinið. Þvílíkt litskrúð er vart hugsanlegt nema meðal fugla himinsins. Suðandi sjúga þeir hunang úr blómunum og virðast standa kyrrir í loftinu á meðan, svo að herra þeir vængina. Það bregður fyrir glampa af fjöðrunum, sem væru þær settar spegilfægðum málmflögum og litluggölin leika, græn, rauð og blá, eftir því hvernig fiðrið ber við birtu, er þeir skjóttast frá einu blómi á annað. Fáeinir svartir fuglar sitja í einum kókospálmanum. Þetta eru hinar sjö svölur, og hermír sagan, að þær fari ævinlega sjö saman.

Á hlaðinu vappar skrautlegur páfugl, sem sýnir myndugleik sinn og sperrir út allar stélfjaðrirnar í dýrindis gullofinn blævang. Perluhænur eru þar einnig á vappi og gera sér dælt við að espa páfluglana með nærveru sinni, og innan um allt þetta litskrúð haltrar öskugrár asnagarmurinn hann Nelló, sem varð fyrir því óláni að lenda í bifreiðarslysi og skaddast á öðrum afturfæti. Að vísu var hann græddur til hálf, greyið, en eitthvað hefur sú aðgerð tekist ambögulega, því vart má hann hjálparlaust hræra sig úr stað, og án hans þrjóska vilja



Ása í Trinidad.

fær enginn þokað honum úr sporunum. Úti á grasflötinni eru nokkrar holdgrannar kýr á beit og tvær tjóðraðar geitur.

Hænsnin og endurnar halda til í hlaðvarpanum, en auk þeirra setja hundur og köttur sinn staðarlega svip á heimilislífið. Í stíum nokkurn spöl frá húsinu eru svínin, og þar dveljast einnig tvær framandi skepnur.

Önnur er á stærð við stálpaðan grisling, enda skyld svínunum, um 20 kg að þyngd, dökk með hvíta rönd um hálsinn, lítil augu og upp Bretta trjónu. Þetta er peccary eða naflasvín *Dicotyles tajaca*, eitt af furðum eyjarinnar, sem hefur verið tekið til fósturs af Ásu hér á heimilinu. Það ber orðið naflasvín, vegna þess að á bakinu er nafli, eða raunverulega þefkirtill, sem gefur frá sér moskusilm. Hitt dýrið er agouti eða gullhéri *Dasyprocta aguti*, sem er nagdýr á stærð við stóran héra, rauðgult að lit og slær á hárfess gullinni sliki. Þetta dýr á einkum heima í héruðunum kringum Amazonfljótið, en hér á eyrni er það einnig talsvert algengt.

Mér hefur dvalist við að skoða hið framandi umhverfi. Mógræn sliki liggur yfir landinu, en myrkrið skellur á, ekki hægt og hægt eins og rökkur norðurhjarans, heldur á nokkrum mínútum, því sólin gengur ekki skáhallt niður eftir sjóndeildarhringnum, heldur rennir hún sér um háloftið beint yfir hvirfilmanns og hverfur niður fyrir jarðarbrúnina án nokkurs rökkurs. Ljós hafa verið kveikt í húsinu og við sitjum og röbbum saman úti á veröndinni. Skordýrin leita í birtuna og þekja glugganetin. Að innan er húsið einnig iðandi af lífi.

Mér er tjáð, að mörg séu þau dýr, sem þar getur að líta, til nokkurs gagns. Kakkalakkar og maurar hreinsa upp hinn dauða smáflugnasverm, sem sest í allar rifur í húsinu. Gekki-óarnir, sem eru um 15 cm langar eðlur með sogskálar á fótum og búa bakvið myndir og gluggatjöld, lifa síðan á kakkalökkunum og maurunum, sem annars yrðu fljótlega að plágu.

Slanga ein meinlaus fær að una óáreitt í skotinu sínu á veröndinni, þar sem hún er talin hið þarfasta húsdýr, þar sem hún heldur í skefjum bæði gekkóum og músum.

Stórar kóngulær hafa spunnið vefi sína fyrir gluggana og veiða óspart úr flugnasverminum, sem hópast að á kvöldin, en við og við koma fuglar og tína burt kóngulærnar. Þannig helst jafnvægi í náttúrunni, og allt sem hefði raskað því gæti gert veruna óbærilega í húsinu.

Samt er eitt dýr heimilisins, sem mér er verulega illa við. Það er fuglakóngulóin, loðin og lappalöng skepna á stærð við barnshönd, sem býr undir rjáfrinu og stundar þar veiðar sínar, en hefur að sögn stundum látið sjá sig í stofunni.

Frá bústöðum blökkumanna, sem vinna á setrinu, heyrir trumbusláttur. Lengi vel er aðeins ein bumba barin, rólega og



Sigrún Laxdal, Sturla Friðriksson og Sigrún Ása í Djöflafuglahellinum á Spring Hill setrinu ásamt tveimur fuglaskoðurum.

háttbundið, en fleiri tónar gripa síðar inn í, þegar á líður kvöldið. Hinir dökku innbyggjar berja bumbur sínar með breytilegu hljómfalli langt fram á kvöld.

Ég sit uppi í rúmi mínu sveipaður mýflugnaneti úr hvítri grisju, sem hefur verið spennt allt í kringum hviluna, til þess að hinar suðandi moskitóflugur, er bera malaríuna, sjúgi ekki allt blóð úr skroknum. Í huganum líður fyrir mér mynd af svörtustu frumskógum Afríku, landkannanir, villidýraveiðar og ógnandi svertingjaher.

Ekki er að undra, þó að mér verði órótt innanbrjóst, þegar ég nokkru seinna vakna af værum blundi við skerandi vein, sem berast utan úr náttmyrkrinu. Vein, sem blandast sogandi hrygluhljóði einhverrar furðuskepnu. Einhver ókyrra

er í starfsmannabústöðunum og utan af ganginum heyrir kallað: „Tigrisköttur, tigrisköttur.“

Ég grip ósjálfrátt um sveðjuna miklu, sem húsráðandi hefur gefið mér, og sprett fram úr rúminu. Húsið er í uppnámi. Nokkrir þeldökkir starfsmenn eru á hlaupum. Einhver hefur gripið ríffil. Alvopnað lið gengur í myrkrinu í áttina, þaðan sem hljóðið kom: „Tigriskötturinn er að eta svínin“, segir einhver, en tigriskötturinn er helsta villidýr eyjarinnar, sem

þó visu er miklu minni en tigrisdýr, eða á við stóran kött, en gerir talsverðan usla í hæsnakofum og svínastíum.

Einhver er svo hygginn að bera ljós. Hann hefur stungið tuskukveik ofan í steinoliuflösku, kveikt á og ber sem blys.

Aftur kveða við neyðarópin og hrygluhljóðin, en nú breytt þau í rýmið, sem allir þekkja. Þeir þeldökku reka upp skelli-hlátur og dansa af kátinu. Ósköpin stafa aðeins af því, að asninn hann Nelló, fótbrotni auminginn, hefur dottið ofan á tvo grisarunga og má sig hvergi hræra. Hann er í þann veginn að kæfa grislingana, en er sjálfur óttasleginn yfir öllum þessum látum í svínunum og loftið fyllist af rými og hrinum.

En brátt dettur allt aftur í dúnalogn og svartmyrkrið, hitinn og rakinn hvíla enn sem fyrr yfir húsi íslensku konunnar í frumskóginum.

### Djöflafuglinn

Andarsteggurinn, sem lætur mjög til sín heyra í húsdýrahópnum, stendur á trjábol fyrir framan gluggann og blæs hjáróma undir morgunsárið.

Með þessum söng er nærkyrröin rofin og á örskömmum tíma er allt umhverfið iðandi af fjöri og loftið fyllist af kliði. Fuglar frumskógarins kvaka og tista í ótal tóntegundum og við samhljóminn blandast hinn kunnuglegi heimasöngur þáfugls, kalkúna og svína, að ógleymdri hinni ólustrænu rödd Nellós, asnans, sem komið hafði róti á húsfrið fyrstu kvöldveru minnar á Spring Hill. Brátt er heimilisfólkið einnig komið á kreik.

Ekki og ráðsmaður heimilisins, sem heitir Rose, mjög viðkunnalegur, þeldökkur Indverji, er kominn til þess að ræða við Newcome óðalsbónda um störf komandi dags. Hafði verið ákveðið að kanna ný svæði fyrir plantekru einhvers staðar í frumskóginum ekki alllangt frá helli nokkrum, sem á að vera ilvalarstaður fugla og forynja. Átti ég að fá að taka þátt í þessum leiðangri. Ég hafði gyrt mig sveðjunni góðu, sett á

mig hitabeltishattinn og smeygt mér í hálfhá vaðstígvél, sem mér höfðu verið fengin til notkunar. Þessi fótabúnaður er nauðsynlegur fyrir óvanan mann, því í skógarbotninum leynist margt, sem að grandí má verða, ef óvarlega er farið, en lítil gúmmistígvél verja biti kóngulóa og snáka. Höggvi til manns eittraður ormur eru miklar líkur fyrir því, að hann reyni að glefsa í útlimina og því eru góðar fótverjur bráðnauðsynlegar í slíkum skógargöngum. Watson fuglafræðingur, sem kominn er norðan úr Bandaríkjunum til þess að kynna fugla-lífi skógarins, og einnig er gestur í húsinu ætlar með í förina.

Paul hinn þeldökki, sem er aðalskógarhöggsgmaður búgarðsins, og mælir aðeins á hina torskildu tungu eyjarskeggja, fransk-spænska mállýsku, á að kanna svæðið, sem fyrirhugað er að ryðja. Hann er berfættur með svartan hattkúf og klæði hans eru í töturum. Við göngum niður eftir einstigi, er hlykkjast út úr rjóðrinu, sem húsið stendur í, og inn í frumskógin.

Rose gengur á undan og heggur öðru hvoru sundur trjágreinar, sem fallið hafa yfir gangstíginn eða hreinsar burt klifurjurtir, sem vaxið hafa í flækju og eru hinar verstu tálmanir. Hann beitir hinni skæðu sveðju sinni af mikilli list, svo allt hrekkur undan og gatan greiðist. En við förum okkur ekki óðslega, þreifum okkur allt að því áfram, því að skógurinn hvelfist um okkur og umlykur allt útsýni framundan. Öðru hvoru hríslast geislar sólarinnar niður yfir okkur í gegnum krónur risatrjánna, og þá kemur fyrir, að bregði fyrir tveimur stórum, himinbláum vængjum, sem glampa í sólargeislunum og flökta milli krónanna.

Þetta eru gallego fiðrildin, ein hin fegurstu fiðrildi jarðarinnar. Sumir hafa gert það að atvinnu sinni að safna þessum fiðrildum. Ganga þau kaupum og sölum. Eru vængir þeirra notaðir til að prýða áferð ýmissa skrautmuna, og eru þeir þá greptir undir gleri eða lakki. Margt er þarna litskrúðugra



fiðrilda, en ekkert þeirra jafnast á við þessa fögru drottningu þeirra allra.

Það er samt fleira en litskrúðug fiðrildi, sem leynist í þessum skógargöngum. Í sagga undir hinum þetta runna-gróðri eru ákjósanlegir dvalarstaðir fyrir alls kyns skriðdýr og skorkvikindi. Við höfum heldur ekki gengið langan spöl eftir stignum, þegar Rose, sem farið hefur á undan, staðnæmist allt í einu og bandar til okkar hendi. Ég sé, að hann sveiflar sveðjunni með leifturhraða, síðan eru nokkrar sviptingar. Það er krafsað í grasi og laufi og hraðar, dökkar hendur fálma eftir einhverju í skógarbotninum.

Við hinir höfðum allir numið staðar og horft á aðfarirnar án þess að gera okkur fyllilega grein fyrir, hvað um væri að vera. En áður en varir skín í móbrúnt andlitið á Rose inni í skógarþykkninu. Sigrí hrósandi snýr hann sér að okkur, og á sveðjunni, sem hann heldur hátt yfir höfði sér, hangir lítil eiturslanga. Rose hafði með sinni sívakandi athyglisgáfu komið auga á kvikindið, og áður en ormurinn gat lagt til atlögu, hafði Rose lostið hann banahöggi.

Við nánari athugun reyndist þetta vera fer-de-lance eða lensunaðra *Trimeresurus atrox* önnur eitradasta slöngutegund eyjarinnar. Getur hún orðið 72 þumlungar að lengd og er þá ekki neitt lamb að leika sér við.

Mér fór sannarlega ekki að verða um sel við að sjá slíka eiturnöðru leynast á leiðum okkar, og þar sem ég var þess háttar allsendis óvanur, hét ég mér að vera nú vel vakandi og taka eftir hinum minnstu merkjum, sem bent gætu til nærveru slangna.

Ég þurfti heldur ekki að biða lengi eftir atburðum. Ég hafði veitt eftirtekt litlum fugli, sem minnti nokkuð á músarrindil og reyndist raunar frændi hans náskyldur, enda þótt þessi lifði við nokkuð ólíka staðháttu og okkar rindiill. Ég hafði vikið nokkuð út af brautinni til þess að athuga þennan litla kunningja og orðið viðskila við féлага mína.

Ég var kominn inn í lítið skógarrijóður, sem var þéttvaxið liljugróðri og smápálmum, og var í þann veginn að hlaupa aftur út á stíginn, þegar ég snögglega stirðnaði í sporum mínum.

Undir liljubláði, ekki meira en faðmslengd frá mér, sá ég risastórt slönguhöfuð. Ekki var mér kunnugt um það, hvort kyrkislöngur væru á eyggi, en varla gat farið hjá því, að hér væri um slöngu að ræða og hana feiknalega stóra eftir höfðinu að dæma.

Í þessum sporum stóð ég augnablik og þorði hvorki að hreyfa legg né lið. Ég reyndi að rifja upp fyrir mér, hvað ég hafði heyrt að gera ætti við slíkar aðstæður. Smátt og smátt fór ég að hörfa aftur á bak, ofur varlega og án þess að hafa augun af dýrinu, sem var jafn hreyfingarlaust og áður og virtist gefa mér nákvæmar gætur. Jafnframt furðaði ég mig á lystarleysi skepnunnar, þar sem hún virtist algjörlega ætla að forsmá mig.

Þegar ég var kominn í hæfilega fjarlægð gerðist ég alldjarfur, tók langa trjágrein, sem ég gat seilst til og stjakaði við liljubláðinu, sem huldi dýrið. Undrun mín var mikil. Hér virtist að vísu vera slönguhaus, en búkurinn var hnöttöttur sem keppur, á stærð við manns höfuð, grár og slepjulegur, en allan orminn vantaði aftan við hausinn. Augsýnilega var ekki um slöngu að ræða, heldur furðulega stóran frosk eða pöddu, sem aðeins hafði stungið höfðinu út undan liljubláðinu, svona rétt til þess að gá til veðurs. Enda þótt ég væri að vísu sneypulegur yfir því að hafa látið blekkjast, var ég þó ánægður í hjarta mínu yfir að hafa öðlast að sjá stærsta frosk veraidar, tröllfroskinn, pödduna *Hyla maxima*, stærsta ferlika af froski, sem ég hef nokkurn tíma séð.

Ég komst nú aftur út á stíginn eftir froskaævintýrið og reyndi að hraða för minni til þess að ná félögum mínum.

Hitti ég þá skammt frá, þar sem þeir höfðu staldrað við til þess að horfa á fugl nokkurn, er þeir töldu mjög sjaldgæfa

og kölluðu bjöllufugl eða *Procnias carolinensis*. Sat hann í trjátoppi og gaf frá sér einkennilega hvell hljóð, líkt og ómaði úr bjöllu undan trékólfi, og er það- an runnin nafngiftin. Töldu félagar mínir, að mjög væri hreiður fuglsins vandfundnið og ekki lánaðist að finna það heldur í þetta sinn.

Nú var komið að staðnum, sem ryðja átti fyrir hina nýju kakaóekru. Var þá gengið yfir landið og þau tré valin, sem talin voru gefa nothæfan við. Gekk Paul til einu tré til annars og merkti börkinn með sveðju sinni. Hann óð berfættur eftir í rökum skógarbotninum og grágræn ljáan spýttist upp á milli tánna. Skeyttil hann því engu, þótt maurar og kóngulær

gætu á vegi hans, og þegar á það var minnst, hvort hann væri ekki várfættur, brosti hann aðeins góðlátlega, svo að skein í þessu einu lönn, sem stóð eftir í efra skolti hans, og tautaði hana lörskildu tungu. Ég gekk með honum frá einu tré til annars. Sum voru af þekktum góðviði, önnur voru mér framandi og sum voru jafnvel enn óþekkt og óskírð af hvítum mönnum, þar sem gróður eyjarinnar er langt frá því að vera fullkannaður. Skógarbotninn var þarna þakinn alls kyns skuggaplöntum, bláum, turknum og smápálmum. Trjástofnarnir voru reifaðir vefingviði og fléttum og ofan úr trjágreinunum hékk kögur af smjúfléttu.

Á gímlum, hálfrotnuðum trjástofnum mátti víða sjá hina litla kastala termitanna (*Isoptera*), sem líkt og maurar lifa í hólum og byggja háa hrauka úr limkenndri munnvatns-vefðu, sem hurðnar í nothæft byggingarefni. Eru hraukar þess einskis og risavaxnar gorkúlur eða svampar, gráir og



H. N. Wright.

útsmognir með ótal göngum, er iða af morandi termitum, sé brotið skarð í vegg kastala þeirra.

Annars halda termitarnir sig mest í hýbýlum sínum og eru ljósfælnir. Dátar og þernur bera drottningu sinni mat, þar sem hún liggur ósjálfbjarga af þunga sínum. Er talið, að termitadrottningin geti rutt úr sér þúsundum eggja. Termitar þessir gera nokkurt gagn í hitabeltinu, þar sem þeir lifa aðallega á tréni, en trénið rottnar einna hægst af hinum líffrænu efnum, og mundi ef til vill annars hlaðast um of upp í skógarbotninum. Trénið melta þeir með aðstoð gerla, sem lifa í þörmum þeirra. Á hinn bóginn er tjónið, sem termitar valda furðulega mikið.

Staurar og stoðir eru óðar uppétin af termitum, undirstöður húsa og húsgögn úr tré eru sundur grafin og útsmognin, þangað til ekkert er eftir nema þunnt hismi, sem hrynur saman, þegar við það er komið. Pappir er ekki síður að þeirra smekk en annað tréni og ekki ólystugri, þótt prentaður sé. Er talið, að bókakostur hitabeltislanda hafi aldrei getað orðið mikill meðal annars af þeim sökum, að eftir nokkurra ára geymslu í söfnum eru öll rit horfin ofan í termitana, og stendur það óefað að nokkru leyti menntun hitabeltisþjóða fyrir þrifum.

Enda þótt termitarnir hafi ekki marga keppinauta um öflun fæðunnar, eiga þeir eigi að síður nokkra óvini. Má þar til nefna pelsmjúka, trýnismjóa skepnu af frumstæðu spendýrakyni á stærð við ikorna, hina litlu mauraðu *Cyclopes didactylus*. Er þessi dýrategund fremur sjaldgæf þarna á eyggi og fer þar að auki lítið fyrir henni. Felur hún sig í trjáliminu á daginn, en er helst á ferli um nætur. Silalega fikrar hún

sig eftir trjágreininum með hjálp griprófu og klóa, uns hún finnur maura- eða termitabú. Tætir hún þau sundur með krókbognum klónum, sem eru stórar og sterkar, rekur út úr sér slímuga tungu inn í termitapvöguna og lætur hana liggja inni í búinu eins og flugnapappír, þangað til hún er orðin vel þakin termitum.

En termitarnir eru mjög sólgirnir í slímið og festast því unnvörpum á tungunni og verða þannig mauraætunni að bráð.

Þegar lokið var við að merkja nokkuð af þeim trjám, sem nota átti í byggingarvið, héldum við áfram ferðinni í gegnum frumskóginn. Leiðin lá upp eftir hlíðinni. Öðru hvoru urðum við að skriða á fjórum fótum, vega okkur áfram með því að grípa í tágur og renglur, sem héngu líkt og kaðlar niður úr trjágreininum, klungrast eftir hráblautu flögubergi, sem var hált af mosa og þörungum, og vaða þess á milli eftir lækjarfarvegum eða leðjunni í skógarbotninum.

Við vorum á leiðinni til hellisins, þar sem eitt af undrum eyjarinnar dvelur, djöflafuglinn eða Diablotin eins og eyjar-skeggjar nefna hann. *Steatornis caripensis*. Þessi furðufugl er afar sjaldgæfur orðinn. Áður fyrr hélt hann til í klettum niðri við strendurnar, en Spánverjar komust brátt upp á lag með að nota hann sér til fæðu og eyddu honum alveg á þessum stöðum. Nú dvelur hann aðeins í einstaka hellum, sem eru hér og hvar í fjöllum á norðurhluta eyjarinnar. Fugl þessi hefur einnig verið nefndur oliufuglinn, vegna þess hve feitur hann er eða sérstaklega ungarnir. Fitu sína fær hann af því að lifa á aldinum oliupálmans og öðrum fituríkum ávöxtum, en hefur fyrir bragðið orðið eftirsóttur til matar af aðkomumönnum. Af innfæddum var hann löngum veiddur vegna fitunnar og lýsið af honum notað til ljósa.

Nú hafa yfirvöld stranglega bannað, að nokkur hreyfi við þessum fugli framur og er hann því að kalla orðinn friðhelgur í þessum felustöðum sínum.

Við höfum komist upp á brekkubrúnina og fikrum okkur áfram eftir gilbarmi um stund. Héðan að ofan sést yfir runna-gróðurinn, og hliðarnar handan dalsins blasa við bakvið stofna risatrjána. Héðan sjást hin óendanlega mörgu gil og skorningar, sem vegurinn handan dalsins hlykkjast um, leiðin, sem farin er neðan úr dalnum upp að setrinu. Væri hliðin ekki skógivaxin mundum við sjá veginn liggja utan í snarbröttum hömrum og giljum. En trjágróðurinn hylur þá synvegfarenda og gefur um leið öryggiskennd.

Við förum ofan af hæðinni eftir sneiðingi niður í dálitla kvos í fjallshlíðinni, lækjarseytla rennur um kvosina, og sést bera kletta, þar sem vatnið hefur grafið sig í gljúfur.

Annars er grjót náttúru fyrirbæri, sem ekki ber mikið á fjöllum, þar sem allt er þakið gróðri hátt sem lágt. Hér heldur ekki um að ræða neinar harðar bergtegundir, allt er mjúku flögubergi eða leirsteini, sem molnar og veðrast í hita og regni, og myndar hinn frjósamasta jarðveg fyrir allar gróður. En af hinu eilífa regni verður bergið hált, og þegar þunginn af gróðrinum, sem vaxið hefur á hinum þunna jarðvegi í hlíðum fjallsins, hefur náð ákveðnu hámarki, getur jarðvegstorfan allt í einu tekið að skriða niður hliðina. Þannig umturnast stundum stórar spildur og berast niður fjallshlíðar. Þetta skeður þó einkum á regntímabilinu, þegar jarðvegurinn verður gegnsósa af vatni.

Sárin, sem myndast á þennan hátt í gróðurinn, eru örskamma stund að gróa, því allar jurtir vaxa hér jafnt um þétt allan ársins hring og teygja sig út yfir hvert autt svæði sem opnast. Þær vaxa ein yfir aðra og ein á annarrar stöðu sjúgandi næringu frá sínum nánustu í þrotlausri baráttu um að afla sér hins brýnasta viðurværis og í látlausri samkeppni um vaxtarrými og ljós. Þessi samkeppni á sér einnig stað öllum svæðum, sem opnuð hafa verið af manna völdum.

Eftir að rjóður eru rudd í skóginn og nytjajurtum hefur verið plantað, er maðurinn upp frá því bundinn við að hafa

villigróðri í skefjum, sem sækir inn í landið. Stöðuga árvekni þarf að hafa við að höggva niður teinunga og runna, sem þjóta upp úr sverðinum og mynda þétt þykkni á örskömmum tíma.

Margvíslegt getur andstreymi verið við ræktun nytjajurta í hinum ýmsu löndum heims, en hér í hitabeltinu er það ekki allstóft fólglið í eilífu stríði við ofurvöxt hins innlenda gróðurs, sem allt ætlar að kæfa. Á Spring Hill setrinu er það daglega márga manna að ryðja undirgróðurinn á plantekrunum. Eftir að kaffi- eða kakaótrjám hefur verið plantað, líða mörg af þeim til þau fara að bera ávöxt. Allan þann tíma þurfa þau tilin innfæddu að fara öðru hvoru um landið með hárlitlar sveður sínar og ryðja burt hinum áleitna gróðri, og þetta er látlaus baráttu, því sífellt spretta aðrir nýir sprotar af hinum okerta stofni. Þeir teygja sig móti birtunni og græða örskömmum tíma þá litlu skeinu, sem vanmáttug hönd með hristaröðu vopni særir hitabeltisgróðurinn.

Þá sláttumaður gengur í teiginn og beitir sveðjunni af milli list Blómjurtir, runnar og trjabolir standa fyrir framan þeim eins og fylkingar í óvinaher eða raðir af margvíslega bláum og fjaðurskreyttum stríðsmönnum eða eins og furðuleg frumskógarinn, og hann gengur vígdjarfur móti þeim með hvern sveðu. Hann heggur á báða bóga, fellir allt sem fyrir sig og hleður valnum upp í kesti að baki sér. Varnarstríðið þar milli gróðursins er ekki unnið í skyndiáhlaupi. Sláttumaðurinn ryður aðeins lítinn blett hverju sinni. Enda þótt hann sé verkið að ævintýri og gangist upp við ímyndaðan fjanda, missir hann að lokum baráttuviljann. Hann tyllir á fallinn trjabol í skugga risavaxinna bananablaða og þar sig á freyja áframhald orustunnar.

Í þessum stöndu hrjúfir vætlandi kvistir, ómjúkir undir þessum þess Paul, sem gengur berfættur um nýrutt landið. Margvíslegar jurtir, sem hafa unað í skjóli runnanna, visna þegar eftir að hulið verið sviptar vernd birtuþolnari blaða

og undir skrælnuðu laufi glyttir í gráa, raka leirjörð. Fjöldi fiðrilda hópast í rjóðrið, hænd að angan dísættra jurtafafa og trjávöðu, sem vætla úr hverju sári afhöggvinnu greina og stofna. Hvergi er fiðrildamergöin jafn mikil og í nýruddum rjóðrum. Óvenjulegar tegundir safnast saman í hópum. Við afkvistaða grein idar kös af mjög skrautlegum, rauðleitum smáfiðrildum, sem aðeins sjást örsjaldan. Þetta er hópur karldýra í bónorðsferð, en kvendýrið á greininni hefur fyllt loftið af aðlaðandi ilmefnum og gefur með því karldýrunum boð um tilveru sína.

Marglitar bjöllur koma skriðandi innan úr skuggafylgsnum út í gráan jarðveg rjóðursins og glampar á þær eins og lítill málmlikön bifreiða og vinnuvéla barna í sandkassa. Drekaflugur sveima látlaust yfir svæðinu, en herskarar flugna og maura skriða um laufkestina.

Lækjarseytlan, sem hefur grafið sig hér niður í gljúfrið, getur haldið gróðrinum í skefjum, þar sem hið síkvika vatn þvær steina og klappir bakkanna, en lengra frá nær gróðurinn yfirhöndinni. Hið næsta vaxa vatnaliljur og ýmsar annarlegar raklendisjurtir hitabeltisins, sumar með geysistörum, hóflaga blöðum eða marggreindum, örfinum flotblöðum, aðrar örliðlar, grænar, fljótandi blöðkur eins og smástirni, sem hefur dagað uppi, er þau urðu of síðbúin að þurrka út spegilmynd sína af vatnsfletinum, áður en þau hurfu af næturhimninum. Fjær taka við runnar og hávaxið sef, en yfir öllu lykja krónur rismikilla trjáa og hefur náttúran þannig þakið lækinn og klætt haglega gerðri hvelfingu úr blómskrúði og trjálími.

Við göngum spölkorn niður eftir lækjarkakkanum meðfram mannhæðarháu sefinu. Kveður þá allt í einu við seiðandi þytur eða niður frá fjarlægum fossi, en framundan blasir við svartur hellismunni, bryddaður grænu laufskrúði. Rennur lækurinn að hellismunnum áfram inn í hellinn og hverfur loks inn í fjallið.

Um aldaradur hefur regn-  
vatnið streymt niður, safnast  
saman í lægðum og sprung-  
um, seytlast fram í hið mjúka  
berg og unnið óslitið að því að  
grafa sér göng lengra og dýpra  
í iður fjallsins. Ný jarðgöng  
eru brotin fram en gömul yfir-  
gefin. Standa þau eftir eins og  
gangar og salir gamalla must-  
erisrústa, og með endalausri



Ása með gesti við matarborðið í Spring Hill.

iðju dropans, sem látlaust holar steininn, myndast hvelfing  
við hvelfingu og gangur við gang uns fjallið er útgrafið að  
ofan til róta.

Og þarna í þessum ævintýralegu salarkynnum býr hið  
fljúgandi eldsneyti, hinn sjaldséði fugl, er eyjarskeggjar  
kenndu við sjálfan myrkrahöfðingjann, djöfulinn. Við göng-  
um inn um hellismunnann, inn í forsál musterisins. Enda þótt  
birtumunurinn sé talsverður frá flóðljósi hitabeltissólarinnar,  
er myrkur hellisins langt frá því að vera algjört. Viða eru göt  
í hellisloftið hið fremra og stafar gulgrænum geislum niður á  
gólfíð, sem er þakið hnulungsgriði, er hrúnið hefur úr loft-  
inu. Í fjarska heyrir hinn sami þytur af samspili ótal sytra og  
fossa innar og neðar úr göngunum, sem endurómar í hvelfing-  
um og kórum þessa mikla völuðarhúss.

En allt í einu er þessi þýði seimur rofinn með nístandi  
kveini, sem sker hold og bein og margfaldast enn og verður  
ógnarlegra undir hvolfi hellisins, og á samri stundu flögrar  
hópur dökkleitra, broddvængjaðra fugla skrikjandi út úr  
myrkrinu. Eitt augnablik bregður þeim fyrir í birtunni utan  
hellismunnans, eins og svörtum, flöktandi flyksum. Og þar  
sem við stöndum þarna við anddyri hinna miklu undirheima,  
verður okkur fyllilega skiljanlegt sjónarmið ímyndunaríkra  
eyjarskeggja, er töldu furðufugla þessa vera sálir framliðinna,

sem dæmdar höfðu verið til  
eilífrar glötunar og helgaðar  
djöfli þeim, er ríkti yfir undir-  
djúpum þessa ógnvekjandi  
heima. Þetta voru Djöflafugl-  
ar.

### Andinn Pababoa

Blámóðan, sem hvílir á daginn  
yfir flatlendinu hið neðra, hinn  
kæfandi raki, uppgufandi úr

óteljandi tjörnum og kílum, síkjum og mýrarflákum, þéttist í  
gráa þoku, þegar líður að kveldi. Hún fikrar sig síðan upp eftir  
dalnum eins og risavaxið frumskógarskrimsli með ótal  
arma, er sveigja sig og teygja, fálma utan í hliðarnar og  
svelgja í sig hnjúka og runna, eða umlykja þá, svo þeir líta út  
sem eyjar í gráu hafi. Þokuörmum þessum tekst sjaldan að  
teygja sig alla leið upp að Spring Hill setrinu, því það liggur  
hátt og horfir yfir dalinn. Engu að síður eru úrkomur tíðar  
uppi undir fjallinu. Venjulega tekur að rigna upp úr hádegi.  
Þegar dökkir skýjaflókar hrannast upp og þéttast yfir fjall-  
lendinu, er sem allar flóðgáttir himinsins séu opnaðar í einu.  
Risavaxna bólstra dregur upp á háhimininn. Þeir kembast  
saman yfir höfði manns. Það syrtir skyndilega í lofti og áður  
en varir hellist regnið niður. Droparnir eru stórir og falla lóð-  
rétt og ofsalega, því vindur fylgir að öllu jöfnu ekki slíku  
regni. Það dynur í hinum stærri laufblöðum og önnur smærri  
kikna undan fallþunganum. Stærstu droparnir mynda spor  
hinn gljúpa jarðveg skógarbotnsins, sem áður en varir er orð-  
inn að eðju. Forin slettist upp um blöð og trjástofna eða tek-  
ur að síga undan hallanum niður fjallshlíðina.

Allt kvíkt reynir að leita sér skjóls. Fuglar þeir, sem fyr-  
skemmstu höfðu kvakað í lofti eða tifað á trjágrein, hima ne-  
þögulir undir lafinu. Eðlur og ormar hrökkva í fylgsni sín og

fljótlega er einnig skordýramergöin horfin af sjónarsviðinu,  
flúin í hin óendanlegu afdrep, sem slík kvikindi eiga á þessu  
landi. Venjulega slotar regninu, þegar líða tekur á daginn, en  
í kvöld bregður út af þessum vana.

Ég hafði verið í veiðiferð niðri í skóginum, þegar regnið  
skall á. Einhver þeirra dökku hafði hrópað, að hann hefði séð  
skógarhind í þykknu neðan við húsið. Það varð uppi fótur  
og flt í kofum vinnufólksins og nokkrir þustu af stað með  
brugðnar sveðjur í fylgd með gjammandi hundum. Húsráð-  
endur tjáðu mér, að vinnufólkinu væri leyfilegt að afla sér  
læðu úr hinni villtu náttúru landareignarinnar, enda lifði það  
aðallega á villtum ávöxtum, rötum og nokkrum smádýrum.  
En þar sem um stóra hind væri hér að ræða, þætti ekki rétt  
að láta þau sitja ein að krásinni, og væri réttast að ég tæki  
vitni og reyndi sjálfur að leggja dýrið að velli. Ég braust því  
inn í skóginn af miklum vígamóð, án þess nokkuð að skeyta  
um eltraðar slöngur eða kóngulær, og stefndi í gilskorning  
nokkurn ofanverðan, en neðar mátti heyra, að hinir dökku og  
bundar þeirra geystu áfram í eltingaleiknum. Ég taldi víst, að  
hindin myndi hrökkva upp gilið undan hávaðanum og hugð-  
ist sitja fyrir henni þar.

En mér varð ekki kápan úr því klæðinu, því hundarnir  
höfðu fljótlega snuðrað uppi slóð hindarinnar og umkringgt  
hana. Þá biðu hinir svörtu ekki boðanna en köstuðu sér yfir  
gjóð og unnu á því samstundis með sveðjum sínum. Þeir  
svo búnir að bregða böndum á skrokkinn, þegar ég komst  
bakins að þeim, og voru að hefja hann upp á burðartré. Ekki  
var laust við að þeir væru dálítið vandræðalegir, þegar þeir  
svo þung koma með ríffilinn, en gátu þó ekki dulið ánægju  
svo yfir veiðinni. Tveir þeirra öxluðu burðartrén, og svo var  
hentið af stúð heim. Nokkrir hræfuglar höfðu komið sér fyrir  
í nærliggjandi trjám. Burðarmennirnir stugguðu hundunum  
í þar sem þeir sleiktu blóðið af vellinum.

Þá hafði sortnað í lofti, og áður en varði var regnið skoll-  
ið á með öllum sínum ofstopa. Ég varð rennandi votur og  
síður en svo fyllilega ánægður yfir veiðiferðinni, þegar ég  
kom heim til gestgjafa minna. En hátppróði hinna dökku  
bætti úr ósigri mínum í veiðiferðinni, því húsráðendum var  
færður stór hluti af dýrinu, og meðan hin óstöðvandi rigning  
buldi á þakinu, sátum við og gæddum okkur á steikinni. Elda-  
buskurnar Antonía og Ísabella höfðu annast tilreiðslu matar-  
ins, og að síð þarlandra voru nú bornir með steikinni hinir  
ljúffengustu réttir úr grænmeti og ávöxtum, sem vart munu  
kunnir utan hitabeltisins.

Annars átti ég bágð með að fylgjast með því hvers eðlis  
þeir réttir voru, sem þar voru fram reiddir, svo frábrugðin var  
fæðan því, sem við á norðurhvara eigum að venjast. Kartöflur  
og rófur sáust eðlilega aldrei. En í stað þeirra voru etnar mjög  
ljúffengar liljurætur. Ýmsar bananategundir voru steiktar á  
pönnu og notaðar fremur sem grænmeti en ávextir. Ávaxta-  
safar voru drukkinn að staðaldri, enda uxu hvarvetna kókós-  
pálmur, ananasjurtir og alls kyns sítrusávxatatré.

Negrastúlkan Philis færði okkur rommblöndu fram á ver-  
öndina eftir matinn. Úti á þessum svölum var alltaf þægilegt  
að sitja, jafnvel þótt eitthvað væri að veðri. Þeir veggir á ver-  
öndinni voru úr vírneti og gat því jafnvel andvari borist inn  
um svalirnar þótt hitamolla hvíldi yfir landinu. Þessa kvöld-  
stund gustaði svolítið, og það var allt að því of kalt til þess  
að sitja á skyrtunni einni saman. Öðru hvoru leiftruðu elding-  
ar um loftið og með nístandi braki og þrumugný heyrðust  
risastór tré falla til jarðar. Ekki féllu þau tré af æstum stormi,  
því utan gluggans virtust laufin aðeins bærast fyrir léttum  
vindblæ. En gömul risatré þola ekki hinar minnstu vindsveiflur,  
þegar vatnseigurinn hefur skolað rótfestu þeirra burt. Í  
þessu veðri hrundu þau hvert af öðru.

Hrynjandi tré valda feikimiklu tjóni falli þau yfir plantekr-  
una, því hætt er við því, að þau brjóti fjölda nytjatráa, sem

tekur fleiri ár að endurnýja. Einnig má óttast, að þau falli yfir sjálft íbúðarhúsið eða önnur mannvirki á staðnum, og þarf þá ekki að sökum að spyrja um eyðilegginguna.

Eldingaleiftrín hrísluðust eftir himninum. Þrumuveðrið færðist nær setrinu, og leiftrín urðu skærari. Allt í einu brá fyrir skærum glampa. Á broti úr sekúndu blasti skógurinn við í bláköldu ljósi. Nístandi brestur skar loftið með ærandi þrumuhljóði. Síðan fylgdu á eftir drunur miklar utan úr skógurinum, og ljósin slokkuðu.

Rafstöð setursins hafði stöðvast eða tré fallið yfir raflögna. Við sátum eftir í myrkrinu meðan regnið dundi fyrir utan. Ísabella bar kertaljós inn á veröndina. Ljósið flókti órólega á skarinu, og ég varð var við útundan mér skugga af veru, sem reis upprétt með fórnandi höndum og hnöttóttum augum, sem stóðu langt út úr höfðinu og hreyfðust í allar áttir. Mér kom til hugar, að eitthvað þessu líkar væru máske verur annarra hnatta, og það, sem styrkti skoðun mína enn betur um að þar væri á ferð furðuvera, var að upp úr höfði skuggamyndarinnar stóðu tvö spjót. Mér ógnaði við tilhugsuninni um að verða á vegi slíks skrímslis, ef það væri á stærð við skuggann. Ég gerði mér reyndar grein fyrir því, hvaðan skugga þennan bar, og að þar væri aðeins um að ræða skorkvikindi eitt, sem skriðið hafði upp á flöskuna, sem stóð á borðinu.

Kvikindi þetta er grænt að lit með langa framfætur. Með þeim grípur það önnur skordýr og treður þeim upp í sig. Er þá sem það standi og fórn höndum, og hefur það þess vegna verið kallað hinn biðjandi munkur, beiða *Manteodea*. Fyrir ötulleik sinn í flugnadrápinu er þessi heilaglegi ræningi heldur vel séður í þessu húsi, þar sem allt getur morað í mýi. Meðal annars drepur bænaflugan sandmýið, sem smýgur virnetið og angrar heimilisfólk einna mest.

Það er erfitt að forðast þessar flugur, og lítið verður vart við bit þeirra, fyrr en tekur að bóligna upp undan þeim, en þeim mun meira angrar mann kláðinn. Því er öllum vel til

þeirra skepna, sem eyða þessum vargi, þótt þær séu sumar hverjar ekki sérlega geðfelldar. Í þessari óstjórnlægu rigningu, sem beljaði fyrir utan, bar meira en nokkru sinni fyrr á þeim skorkvikindum, sem sækja í ljósið og setjast á virnetið. Loðin náttfiðrildi af öllum stærðum og gerðum hópuðust í afdrepið undir þakskegginu. Stórar vængþykkar og gljáandi bjöllur læstu klónum utan um þræðina, og finlegar, skankalangar æðvængjur stikuðu nettlega eftir viravefnum. Þetta var sérkennilegur dýragarður og ekki sist vegna þess, að hér fékk áhorfandinn aðeins að sjá undir kvið dýranna, en bak þeirra vissi frá honum út í myrkrið. Og því líkt myrkur. Nóttin virtist niðdimmari en tjörutjörn, því skógurinn varð eins og bleksvartur flóki, sem kæfði hverja glætu.

Og þetta kvöld gerði regnið og rafmagnsleysið allt óvenju drungalegt. Á slíku kvöldi gat margt verið fleira á ferli en skringileg skordýr. Mér datt í hug sagan, sem viðgerðarmaður og ekill heimilisins hafði sagt mér áður um daginn, af andanum Pababoa, sem situr fyrir mönnum í svörtum skúmskotum og veldur þeim ýmsum skræveifum. Ekki var mér kunnugt um ætterni þessa anda. En eins og þjóðernið er blandað hér á Trinidad, þá renna einnig margar stoðir undir hjátrú og hindurvitni eyjarskeggja, og getur því andinn Pababoa einn vel verið ættaður austan úr Súdan eða Indlandi eins og að vera arfleifið frá hinum gömlu frumbyggjum eyjarinnar Indíanunum.

En hvað sem uppruna hans liður, þá er þetta hinn viðsjálasti andi, sem ber að óttast og virða. Hann er þeim eiginleika gæddur að geta breytt sér í hvaða gervi sem er. Þannig verður hann á vegi manna, þegar verst gegnir og leiðir þá í glapstigu eða reynir á einhvern hátt að koma þeim óþægilega á óvart. Hann á það jafnvel til að breyta sér í líki spekinga og leggja fyrir menn snúnar þrautir eða ginna þá til þess að óska sér einhverrar óhæfu, sem uppfyllist samstundis.

Rafmagnsleysið hefur lamað lífið í búðum starfsfólksins. Þar er allt undrahljótt þetta kvöld. Það ríkir jafnvel þögn hjá dýrunum. Þrumuveðrið fjarar smám saman út, en samt heldur áfram að rigna.

## Kakaó

Mér þótti alltaf tilkomumikið að ganga um kakaóplantekruna á Spring Hill setrinu. Skógarbotninn var rakur, og þótti mér nauðsynlegt að vera í hnéháum vaðstígvélum, bæði vegna bleytunnar og einnig vegna sporðdreka og snáka, sem ég hélt að kynnu að leynast við hvert fótstígvél. Innfæddir hirtu ekki um þess háttar smámuni. Ungir og gamlir létu sér fátt um finnast og óðu þar um berfættir eða í einhverjum ómerkilegum bandölum og voru sjaldan bitnir af þessum yrmlingum. Þessi bústjóri gekk með mér og leit eftir verki starfsfólksins, sem var að tina síðustu belgi trjána af þessum hluta uppskrunnar. Mikið starf er fólgið í því að safna saman baunabælgjunum, en maður fer fyrst að bera virðingu fyrir þessari miklu plantekru, þegar maður gerir sér grein fyrir, hve mikla þögn þarfnar þarf að hafa við að koma trjánnum upp og búa þar undir að geta gefið arðbæra uppskeru.

Kakaótré, sem sænski grasafræðingurinn Linneus nefndi þessu guðanna *Theobroma*, er aðflutt til Trinidad frá meginlandi Suður-Ameríku. Hófu Spánverjar ræktun trésins þar á fyrri hluta 16. aldar, og náði kakaó frá Trinidad brátt svo miklum vinsældum, að það varð mun eftirsóttari vara heldur en kakaó annara ríkja. Plantekrur Spánverja eyðilögðust hins vegar að mestu í geysilegum fellibyl, sem gekk yfir eyna 1777, og lá þá við að landið yrði algerlega yfirgefið. Ræktun kakaótrésins var þó seinna endurvakin af breskum sjómanni, og hóf brátt aftur sína fornu frægð. Er enn talið, að besta kakaó koma frá Trinidad. Þannig geta hamfarir náttúrunar eyðilaggt svona ræktun á einni nóttu, og tekur áralangur tími að koma trjánnum aftur í samt horf. Hvirfilvindur geisar

yfir ekrurnar, slítur og rífur upp veikbyggð trén, og þótt gróður hitabeltisins sé ör og látlaus allan ársins hring, tekur það samt kakaótré allt að fimmtán árum að ná fullum þroska. Ræktun kakaótrésins krefst því mikillar fyrirhyggju og stöðugar umönnunar í fjöldamörg ár, áður en ræktunin fer að gefa einhvern arð. Alla þessa umönnun á löngu æskuskeiði launar tréð hins vegar ríkulega með því að gefa dýrmætari ávöxt, en nokkurt annað tré getur veitt.

Þegar sáð er til nýs trés, eru tekin nokkur úrvalsfræ af góðri móðurplöntu, og þeim stungið niður í frjósamt beð. Verður síðan að verja útsæðið fyrir allskonar fræætum. Þegar ungplantan hefur vöxtinn, er hún veikbyggð og þarf þá að fá gott skjól og varnir gegn brennandi sólargeislum. Er henni því skýlt hið fyrsta undir blaðmiklum bananaplöntum, sem ævinlega eru ræktaðar ungplöntum kakaósins til hlífðar. Þegar kakaótréð vex loks upp úr skjóli bananaplantnanna, þarf samt enn að skýla því gegn ofgeislun. Löngu áður þarf því að hafa þá fyrirhyggju að planta eilífðartrjám í akurlendið. Eru þetta risavaxin tré, sem breiða út laufkrónur sínar hátt yfir plantekrunni. Í forsælu þeirra vaxa síðan kakaótrén, þroskast og dafna.

Indíánar Suður-Ameríku viðhöfðu sáningarathöfn og ýmsa helgisíði samfara útplöntun trésins, löngu áður en hvíti maðurinn kynntist hæfilegri meðhöndlun plöntunnar. Þeir fórnðu hundum og fuglum og ruðu blóði fórnardýranna á guðalíkneski, en stökkðu því einnig yfir akrana, til þess að frjósemisguðir varðveittu ungplönturnar gegn veðri og illum öndum, sem ásóttu þær á æskuskeiði í líki svartra flugna og allskyns illyrmis.

Fullvaxið kakaótré er fimm til tíu metra hátt með aflöngum, sígrænum blöðum og smáum, gulleitum blómum, sem vaxa í smáhvíringum á trjástofnunum. Þegar aldinin ná að þroskast, eru þau eins og rauðfjólubláar, stórvaxnar sítrónur með þykkum berki. Hanga þessir eggglöguðu ávextir á stuttum

legg viðsvegar um stofn trjána. Í aldinu eru um fjörutíu aflangar baunir, sem liggja í bleiku aldinkjöti. Aldinin eru að þroskast allan ársins hring, en samt eru aðaluppskerutímarnir seint að hausti og snemma sumars.

Vinnufólkið á plantekrum Spring Hill setursins var um þær mundir, sem ég dvaldi þarna, að safna aldinum haustuppskerunnar. Karlmennirnir, vopnaðir sveðjum og löngum krókstaf, gengu milli trjána og skáru aldin af greinunum, og söfðu þeim saman í hrauka á við og dreif um runnaekruna. Þar voru aldin síðan klofin með sveðju. Ungar stúlkur losuðu síðan baunirnar úr aldinhyðunum með tréspæni og helltu þeim í strákörfur. Körfur þessar báru þessar ungu blökkumeyjar svo heim á höfði sér, gangandi hægt og virðulega með mjúkum dillandi hreyfingum, berfættar og léttklæddar, sönglandi eitthvert suðrænt lag eða blaðrandi í sífellu á klíðmjúkri mállýsku eyjarskeggja.

Þegar heim var komið, voru baunirnar settar í stíur og byrgðar bananablöðum. Í þessum stíum gerjast eða „svitna“ baunirnar, eins og það er kallað, en við það mildast beiskjan, sem er í ferskum baunum. Fær baunin þá á sig þennan alkunna, rauðbrúna kakaóglans.

Uppi í brekkunni, norðan við íbúðarhúsið á Spring Hill, stóð baunapurrkhjallurinn. Þar voru baunirnar breiddar til þerris á gríðarstóru trégólfi. Þar sem baunirnar mega hvorki blotna um of né skorpna af hinni brennandi sól hitabeltisins, var þeim öðru hvoru skýlt með færanlegu þaki. Mátti renna því á spori til og frá, og var unnt að draga það yfir baunapallinn hvenær sem þurfa þótti. Þessari verkun var haldið áfram dag eftir dag, þar til baunirnar voru orðnar vel þurrar, en jafnframt voru hreinsaðar af þeim allar eftirstöðvar aldinkjöts og trefjar úr belghýðunum. Þær voru núnar með höndum og fótum og nuggaðar með rauðum leir uns þær urðu hreinar og loddu ei lengur hvor við aðra. Síðasta meðhöndlunin á baununum var svo sjálfur kakaódansinn, sem var mikil og viðburðarík athöfn á Spring Hill setrinu.

Ég hafði tekið eftir því einn föstudagsmorgun, að óvenju mikil kátina hafði gripið um sig í hópi hinna innfæddu, og var auðséð að eitthvað nýstárlegt var í aðsigi. Ekki þurfti lengi að biða eftir skýringu á þessari ókyrrð og eftirvæntingu, sem legið hafði í loftinu, því að upp úr hádegi var þakið dregið af baunapallinum. Hópuðust þá allir blökkumenn búgarðsins í kringum þennan miðdepil svæðisins. Húsbóndinn hafði komið með birgðir af drykkjarföngum, og nú var starfsfólki veittur glaðningur áður en því var leyft að stíga út á gólfíð.

Uppskeruhátíðin var að hefjast. Vinnufólkið óð nú berfætt og léttklætt út í baunaflekkinn og hóf að stíga dans. Konur og karlar í langri halarófu með hnigandi og rísandi handatilburðum og tilheyrandi lendaruggi liðuðust eftir pallinum. Nokkrir heimamanna sátu á pallbrúninni og léku *limbölög* með því að slá á botna af tómum stáltunnum, en dansfólkið hreyfði sig í takt við hljómfallið og néri baunirnar með ták og hælum á þann hátt, sem í danssölum meiri menningarþjóða er stigið sem calypsó, rumba eða mambó, og söngur sífelli viðeigandi stef við danssporið. Þannig liðuðist hersingurinn áfram í baunabingnum lengi dags, góðglöð af veigum húsbóndans, troðandi súkkulaðibrúnar baunirnar, þar til þær urðu spegilfagar og gljáandi sem perlur.

Að kveldi var verkinu lokið, án þess, að nokkur hefði látið sér til hugar koma, að hér hefði verið um annað en skemmtilegan dansleik að ræða, en ekki strit og puð við að hreinsa baunir.

Eftir þennan lokapátt, en ekki fyrr, var uppskeran orðin söluhæf vara. Síðan var þessi gljáandi baun, sem böðuð var suðrænni sól og dönsuð af blökkum iljum, að endingu möluð og úr henni unnið þetta uppleysanlega kakaóduft, sem var þekktum tillukt í tinkrúsum og jafnvel flutt alla leið norður undir heimskautsbaug, þar sem við sötrum seyði þess með vellystingum á meðan úti geisa íslenskir hríðarbyljir.

## Nánar um ferðir mínar í Trinidad 1951

### Simla

Ég ók í bifreið upp brekkuna, sem er hér fyrir ofan Spring Hill landareignina. Komst ég alla leið upp á fjallið og um fjalls-eggjarnar, en vegurinn liggur þar fram á hengiflugi. Farið var eftir mjóum, bugðóttum vegi með himinháum trjám á aðra hönd, en annars vegar lá dalurinn í djúpinu langt fyrir neðan. Blökkumenn búa hér víða við veginn lengst uppi í fjalli og lifa á landsins gæðum, en svæðið er eign ríkisins.

Á leiðinni til baka ókum við framhá Spring Hill afleggjaranum, og fórum í heimsókn til dr. Williams Beebe, sem eins og áður kom fram leiðir hér rannsóknaleiðangur dýrafræðingja í hitabeltinu. (Head of the Zoological Tropical Expedition). Ég hefur aðsetur í mjög fallegu húsi á setrinu Simla. Með honum er Henry Flemming skordýrafræðingur, Jocelyn Crane rannsóknadýrafræðingur, Robert Cody teiknari, en Ellen Dilway, dóttir einhvers efnamanns, er þar gestur. Er þetta þetta þetta áhugaverður hópur vísindamanna og grúskara. Ása var að sýna mér svæðið og kynna mig fyrir fólkinu. Ég sá þarna dýr, sem þeir hafa tekið til geymslu og hafa í búrum. Þarna var önnur tveggja þeirra apategunda, sem eru hér á vinni. Er það hettuapi, og heitir sá *Cepus apella* á fræðimáli. Ég þann alfar illa, hljóp um öskrandi, snérist um og beit í skott- og sé. Þetta var samt áhugaverð heimsókn. Mér var boðið að koma aftur á staðinn seinna.

### Þjón skoðuð

Þessi hefur verið úrhellis rigning. Rakastigið er 78% og hitinn um 20°C. Það virðist vera tilfellið, að hitinn sé um 25°C allt um leið hér uppi í fjallinu. Newcome hefur fylgst með hitanum, og sýnið hann reglulega. Segir hann, að hitinn hafi aldrei verið hærri fyrir 16°C og ekki upp fyrir 25°C.

Hingað að setrinu komu gestir í dag, hjúkrunarkona frá einhverjum spítalanum í Port of Spain. Með henni var oliuverkfræðingur, en hann fór fljótt aftur. Hefur hann ferðast víða um heim, hafði verið í Indlandi, Tibet, Afríku og á Íslandi, og í ótal fleiri löndum. Hjúkrunarkonan ætlaði hins vegar að staldra lengur við. Mér þótti hún heldur fyrirferðarmikil. Ég þurfti að víkja úr rúmi fyrir henni, og varð nú að sofa úti á veröndinni, þar sem flugurnar átu mig næstum upp til agna. Hjúkrunarkonan byrjaði á því að henda safirbláa fiðrildinu mínu, sem Robert Weston fuglaskoðari hafði gefið mér, en hann er gestur hér á setrinu. Hvilíkur missir.

Áðan sá ég lítinn músarindil *Troglodytes musculus clarus* hér í trénu fyrir utan gluggann, en venesúlskur bjöllufugl *Procnias carolinensis*, sem er mjög sjaldgæfur, var hér í háu tré neðar á landareigninni, síkallandi með sínum hola, hvella bjölluhljómi. Ég er smám saman að kynnast fuglunum. Hérna rétt fyrir neðan veröndina sá ég mexíkanskan svarthauk *Buteo swainsoni* koma fljúgandi á eftir smáfuglum, sem hann náði samt ekki að klófesta. Hérna í kring um húsið er reyndar urmull af smærri fuglum. Eftirtektarverður er kúgarinn *Pitangus sulphuratus trinitatis*. Eins og nafnið bendir til, er þetta afbrigði, sem á heimkynni á Trinidad, brennisteinsgult á bringunni. Þessi litli, spræki fugl, gefur frá sér mjög hvella tónaröð, og er líkt og hann væri að syngja á frönsku og segði „Que' est ce qu' il dit?“

Amerísk hjón komu í heimsókn. Þau eiga heima niðri í Arima þorpinu. Þau voru hér um stund og spjölluðu við okkur. Við sátum úti á veröndinni um kvöldið. Sagði Ása okkur þá draugasögur af svæðinu. Innfæddir og aðfluttir eru að vonum hugmyndaríkir. Þeim hafa fylgt ýmsar yfirnáttúrulegar verur frá heimabyggðum í Afríku. Aðrar verur kunna að eiga

rætur sínar meðal indíána eða vera heimagerðar hér í Trinidad. Ég reyni vonandi að læra meira um þær seinna.

Þar sem ég sit hér undir ljósi úti á veröndinni, eru flugur sem sækja í birtuna, alltaf að hrynja niður á skallann á mér. Þær eru margar forvitnilegar og flestar hef ég aldrei áður augum litið.

Ég gekk til náða hér úti á veröndinni í uppþúnu rúmi umluktum flugnaneti. Mig var farið að dreyma um yfirnáttúrulegar verur. Þá hrökk ég upp við það, að mér sýndist vofa standa bak við flugnanetið hjá rúmgaflinum. Þarna var Ása komin til þess að vita hvernig mér liði á þessum nýja svefnstað. Svona er umhyggja hennar og hún nærgætin.

### Merkilegir ávextir og andar

Ég hjálpa Ásu við að planta út grænmeti í gróðurreit neðan hússins. Setjum við niður kínverskt sellerý og hvítkál. Þeir þeldökku hafa verið að laga til undir húsinu. Einn þeirra, sem hefur þurft að safna saman smásteinum í húsgrunninum, hefur lent í kasti við sporðdreka. Kemur hann með tvo dreka, til að sýna mér mun á kerlingu og karldýri. Ég sá áðan venesúelska hunangssugu *Cyanerpe*, sem er mjög fallegur fugl.

Nokkrar stúlkur hafa verið að tina greipaldin. Ávöxtinn hafa þær í körfum, sem þær bera heim á höfðinu.

Í hádeginu snæðum við eins konar spinatjafning, sem er ágætt léttmeti hér í hita miðdagsins. Eftir hádegi fer ég í vagninum með Newcome niður á landareign Simla setursins. Sér hann um þessa eign fyrir þá William Beebe og fleiri eigendur. Hefur hann allan hagnað eða tap af þessum rekstri.



Carlyon Bay Strand hótél.

Þar sé ég fyrst ávöxt, sem heitir kvöldberkja *Annona reticulata*. Er þetta broddótt hnyði, sem vex á háu tré. Þarna eru einnig ræktuð múskattré *Myristica fragrans*. eru þau um 15 metrar á hæð með sigrænum blöðum. Kjötið utan af hnotunni er sultað. Fáum við slíka sultu með steikinni hér á staðnum. Hins vegar eru rauðar trefjar milli kjöts og hnotunnar, sem er múskatshýðið. Það er þurrkað í tíu til tólf daga og úr því unnið krydd. Einnig er sjálf hnotan þurrkuð og síðan möluð í múskatsduft. Fæst einnig úr henni olía, sem kölluð er múskatssmjör. Er allt þetta nokkuð verðmætur ávöxtur, því trén bera aldin í ein sextíu ár.

Við öikum upp veginn heim á leið. Alltaf er úrhellis rigning. Við vegkantinn sjáum við hreiður. Þaðan flýgur rufus ryðdúfa *Columbigallina rufipennis*. Við heimkomuna fann ég afar fallegt fiðrildi rétt utan við húsið. Það er bæði rautt og blátt og skreytt furðulegu mynstri.

Við Róbert fuglaskoðari sátum við netgluggann á veröndinni og heyrðum þessi ógnar læti í tágunum rétt fyrir utan húsið. Eitthvað virtist vera að ónáða þær. Við horfðum í sjónauka og sáum ugluræfil húka þar uppi á grein. Það reyndist vera hérland sparrugla *Glaucidium brasilianum phalaenoides*. Ódáiðstrén eru enn í blóma og verða það þangað til kemur að lokum regntímans, en regnið virðist ætla að endast enn um hríð. Hér úti á veröndinni eru litlar, svartar flugur stöðugt að angra mig. Þeim tekst öðru hvoru að bíta og sjúga úr mér blóð. Þetta er smágerit bitmý „sandmý“ *Culicoides fureus*,

flugur, sem eru svo litlar, að þeim tekst að smjúga í gegnum möskvana í virneti glugganna. Gott er að hafa hér eðlur og kóngulær, sem heimilisdýr til þess að halda þessum kvikindum í skefjum.

Ég þurfti áðan að fara niður undir húsið að sækja hluti fyrir Ásu, en þorði varla, því draugurinn Pababúa er hér alls staðar, og hann er stórhættulegur. Annar draugur, sem hér sést, er Zuccian, og er sá allt annars eðlis. Hann er blóðsuguskratti, sem smýgur í gegnum skrárgöt. Þess vegna má helst aldrei hafa skrár og aldrei loka hér hurðum með lykli, en glugga eða opnar dyr fer hann ekki inn um. Þessi skratti sýgur blóð úr manni um nætur og getur gengið af manni dauðum.

Ekki var það draugur heldur gekkó, sem ég sá á bak við stóra spegilinn hennar Ásu. Nú situr uppi yfir mér gekkó. Þarna getur þessi eðla hangið öflug í loftinu og hlaupið eftir veggjunum, þar sem hún er með sogskálar á fótum. Þessi sérstæða tegund er nokkuð stór og luraleg og heitir vist *Theocdactylus rapicaledus* á fræðimáli. Hún lifir, eins og áður sagði, á kakkalökkum og öðrum skordýrum og er til mestu þarfa og er því ekki amast við henni.

Ása fór niður í sveit og seldi sex svín og kom heim með mikilli kátinu eftir að hafa gert góð viðskipti.

Mér var sögð sú saga af Ásu, að eitt sinn hefði hún verið að aka pallbil sínum í krappri beygju uppi í fjallshlíðinni efst í Arima dalnum, þar sem vegurinn var mjög þröngur. Kom þá bill á móti henni að ofan. Ása tók þá til bragðs að aka beint framan á aðkomubílinn og laskaðist hann við það á stuðara og framlukt. Urðu málaferli útaf þessum árekstri. Ása vildi ekki að Newcome, lögfræðingurinn, tæki að sér málið og færi að verja hana. Það ætlaði hún sjálf að gera. Nú mætti hún fyrir rétti, og þar hélt hún því fram, að hún hefði bjargað lífi fólksins í aðkomubílinum og bjargað þeim frá stórtjóni með því að aka framan á bil þeirra. Hún hefði ekið brekkumegin á

veginum, og ef hún hefði reynt að komast framhjá þeim í þrengslunum, er eins víst að bill hennar hefði lent utan í hlið hins vagnsins og við það steypt aðkomubílinum niður hengiflug fjallsins. Dómara leist svo vel á þessi rök, að hann sýknaði Ásu af ákærinni. Lauk þeim viðskiptum með góðri sætt og því til viðbótar, að Ása seldi dómaranum fimm grislinga, sem reyndar voru aðeins ófæddir í gyltunni. Þannig lauk þessu árekstrarmáli með fullkomnum sigri Ásu.

Enn er ég að sjá ýmis merkileg skordýr. Ránmaurar ganga hér um og fara fram og aftur eftir gólfinu í löngum röðum, hvítleiðar skepnur, því þær eta allt sem ætt er og mundu hreinsa húsið gersamlega, ef þær fengju að vera hér óárettar. Þeir hafa verði utan fylkingarinnar, sem gæta þess, að allt gangi eftir röð og reglu. Mér er sagt, að maurarnir hafi jafnvel etið barn, sem lá úti í vöggu.

### Gerlarannsókn

Hér er vanalega vaknað og risið úr rekkju fyrir klukkan átta, enda væri ekki unnt að sofa fyrir fuglasöng eða hrini í svinunum. Í morgun var ákveðið að halda niður í höfuðborgina, Port of Spain, til þess að forvitnast um tilraunir með eggjahvítuframleiðslu. Newcome fór með mig og hjúkrunarkonuna í þessa ferð. Ætlar ungrúin að hitta vini sína þar neðra, á meðan við Newcome höldum á gerlarannsóknastofnunina. Hittum við þar mjög viðkunnanlegan gerlafræðing, dr. Leach að nafni. Sýndi hann okkur tilraunaverkefni sitt, sem er að nota gerla til að breyta sykrum í eggjahvítu. Er Newcome með áhuga fyrir þessum rannsóknum, því hann á mikið af úrgangsbannönum, sem unnt væri að breyta í eggjahvíturíkt fóður fyrir svín. Viðfangsefnið er að nota geril, sem heitir *Torulopsis oteas*. Er hann mjög stór og fjöllitna gersveppur, sem breytir sykrum í eggjahvítu. Til þess þarf að sjóða bananamaukið, kæla það niður í 20°C og setja gerilinn í blönduna. Síðan þarf að láta loftstraum ganga um súpuna. Breytist þá

sykurinn í ostahvítu, en trénið verður eftir óbreytt.

Við hittum svo aftur hjúkr-unarkonuna. Fórum við öll þrjú á veitingastað og snæddum nýrnasúpu og svínaböku með hrísgrjónum. Þegar út úr verts-húsinu kom, lentum við í steypiregni og þrumuveðri. Newcome fór nú akandi með okkur í Grasgarðinn, þar sem ég sá margt lærdómsríkt. Þar óx tré, sem notað er í ilmvatns-

gerð. Gekk ég um garðinn, skoðaði og tók ýmsar myndir af tjörnum og gróðri.

Á heimleiðinni valdi Newcome afar fallega leið upp í Arima þorpið. Var farið um fjallaskarð ofan í dal, sem þakinn var appelsínutrjám. Í þessum dal býr Major W. Knaggs, er stundar blómasölu og rekur dýragarð. Heimsóttum við búgarð hans. Var herra Knaggs afar viðfeldinn maður og sýndi okkur svæðið hátt og lágt. Ég tók myndir af dýrunum og fór meira að segja inn í búr til þess að mynda kyrkislöngu *Boa constricta*, sem þar var til sýnis. Einnig voru þarna apar og tók ég mynd af hettuapa „capuchin“. Margt fleira var þar fróðlegt að sjá. Frá búgarði þessum ókum við í átt að Arima bænum. Á leiðinni var farið um smáþorp. Þar bjó mislitt fólk af ýmsu þjóðerni. Blökkumenn eru yfirleitt illa til hafðir, en þarna voru einnig þjóðarbrot af indverskum ættum, og voru ungu stúlkurnar þar þrífalegar og margar snotrar. Við komum um síðir heim fyrir myrkur.

### Útborgunardagur

Snemma morguns lögðum við aftur af stað til Port of Spain og vorum þar fram yfir hádegi. Ég komst í banka og opnaði



Oliufuglinn.

þar reikning, fór síðan með Newcome, til þess að sjá endalok próteinframleiðslunnar hjá dr. Teison, sem er hálf-danskrar ættar. Mestum hluta sykursins úr banönunum hafði honum tekist að breyta í prótein, og þar með að fá gott svínafóður. Við fórum svo heim til hans, hittum þar konu hans og dótturina, sem var hálfvötn. Drukkum við þar glas af bjór. Hann býr þarna í

afar fallegu húsi á landi rannsóknarstöðvarinnar. Í kring um húsið er stór lóð skrydd blómum. Á veggjum inni hjá honum hengu myndir frá Danmörku. Newcome fékk reiðhjól handa einum blökkumanninum á búgarðinum. Eftir nokkrar fleiri búðarferðir og snúninga héldum við síðan heim, því Newcome þurfti að greiða fólkinu kaup. Fimmtudagar eru útborgunardagar og þá byrjar helgin.

Stór trumba „gong gong“ er barin og Rose yfirmaður kallar saman allan hópinn, um 25 karla og konur. Það er grenjandi rigning og þeir þeldökku hima undir húsveggnum. Það eru kölluð upp nöfn og einn og einn gengur inn og þiggur launin, sem eru frá einum upp í ellefu dali í laun fyrir vikuna, eftir því hve mikið hann hefur unnið, eða hve mikið hann hefur fengið greitt fyrirfram, en Bandaríkjadalur jafngildir 1,70 Trinidad-döllum. Allt er það vandlega bókað. Síðan er viðkomanda gefið glas af rommi. Sumir, sem hafa unnið sérlega vel, fá jafnvel hálfu flösku. Þessar dökku verur, sem standa þarna úti í rigningunni, koma mér dapurlega fyrir sjónir, en þeir eru samt léttir í lund og áhyggjulausir. Nú hafa þeir fengið útborgað og eru ánægðir með að hafa fengið nokkra dali og geta farið niður til Arima þorpsins og keypt sér romm

Þar sitja þeir og drekka, þar til allt kaupið er búið. Eftir helgi þurfa þeir svo aftur að hefja störf. Kaupið hérna er lágt. Newcome segir mér, að hann greiði um \$ 6.000 á ári fyrir öll laun. Það er komið kvöld og við sitjum hér í hálförökrinu, því ljósin eru ekki í lagi. Flóðið hefur borið lauf í innrennslisrörið af rafstöðinni, sem er hér niðri við gilið í landareigninni. Einkennileg móða leggst yfir dalinn neðan hæðarinnar og fíkrar sig upp með ánni. Svæðið verður eins og hulduheimur, dularfullt í aftankyrriðinni, en þrungið af framandi lífi. Við sitjum hér frammi á veröndinni, sem er aðalsetustaður hússins eftir að rökkva tekur, og röbbum um fornminjar og þjóðsögur.

### Arðsamur búrekstur

Andapabbi, steggurinn, sem liggur hér fyrir neðan veröndina, vekur mig klukkan fimm til sex á morgnana, ásamt kúgarafuglinum, sem kviðrar uppi í trjánum, kalkúninum, sem tekur til við að ropa, svínunum, sem hrína, og að ógleymdum asnanum, Nelló, sem rymur óheyrilega hátt eins og gömul vatnsdæla, og er fótbotinn og útbittinn af blóðsugum, vesalingur, en hreyfir sig vart þó rigni eldi og brennisteini, eða þótt ekið sé á bil alveg að honum.

Ása fór niður til Port of Spain með fullfermi af kakaó uppskerunni. Það voru um 2.000 pund, eða þriðjungur af þessari uppskeru, sem Rose segir mér að hafi verið um 6.000 pund. Áætlað er að ársuppskeran sé um 20.000 pund. Og fyrir hana fást um 12.000 Trinidad dalir. Við þessa upphæð bætast 7.000-3.000 dalir fyrir grænmetið sem matjurtagarðurinn gefur af sér. Síðan fæst skildingur fyrir kaffið, greipávöxt og afurðir af svinum. Gæti ég trúað, að brúttótekjurnar af eigninni væru um 20.000 Trinidad-dalir á ári.

Útgjöldin eru mannahald, sem er um 6.000 dalir, og viðhald bíllanna, en viðgerð þeirra fer að miklu leyti fram heima á staðnum. Búið er að mestu leyti sjálfu sér nægt með öll matföng. Kaup á klæðnaði eru ekki mikil, og dagleg eyðsla er

afar lítil, nema ef fólk stundar mikið gleðskapinn í Port of Spain. Sennilega hafa þau Ása og Newcome um 10.000 dala nettótekjur á ári, og er það þokkalegt til að lifa af hér efra. Þessar tölur eru aðeins ágiskun mín, og ekki unnt að draga miklar ályktanir af þeim vangaveltum.

Ég fór með Robert Weston niður í skóg til að skoða vegar-slóða, sem húskarlar höfðu verið að ryðja. Alltaf var ég að koma auga á fleiri og fleiri torkennilega fugla. Við Robert urðum þarna varir við hvítan hauk, þann sem heitir á fræðimáli *Leukopternis albicollis albicollis*

Við Newcome gengum niður að stíflunni til þess að laga það sem stöðvað hafði innrennslíð í rafstöðina. Einn hinna dökku var með okkur. Hann tindi upp krabba, sem búa í holum við vatnsbakkann. Fór hann heim með þá, því þeir eru góðir til átu, en mikill hluti þeirra er að vísu skurn.

### Leðurblökuplága

Nú er grenjandi rigning og þrumuveður mestan hluta dagsins. Mary Gaul og maður hennar frá Suður-Afríku komu í heimsókn. Hann kannaðist við Kennard yngri, ég held Edward að fornafrni, sem var á Laxfossi við veiðar í Norðurá og þó einkum við Langá. Hann hafði verið með honum í skóla í Englandi. Mary var afar geðfelld og viðræðugóð. Þau hjón snæddu hérna hádegisverð, en héldu síðan á brott. Hún gaf Ásu heimalagað konfekt, en Philis, litla svertingjastelpan hérna, át það að mestu upp úr kassanum. Philis þessi er mjög óáreiðanleg, segir Ása, og svikst um eftir nótum, en það gera að vísu allir hér í Trinidad. Hún gengur hér um beina. Hér eru einnig hinar stúlkurnar tvær, Ísabella og Antonía. Önnur þeirra eldar nú matinn, en hin sér um viðgerðir og þvott.

Í gær var skilið eftir hálf papaya aldin í skál á borðinu inni í borðstofu, en í morgun var það nærri því horfið. Í þetta sinn var það leðurblaka, sem hnuplaði því, en ekki sú litla, þeldökka, þar sem við sáum för eftir blökuna við rifu í loftinu.

Leðurblökurnar fljúga hér um allt á kvöldin, og sjúga sumar blóð úr dýrum og fólki. Bíta þær allt upp í fjórtán sinnum á nóttu, að mér er tjáð. Verst er, að þær bera hundaæði í menn. Ása er að láta smíða stíu fyrir asnann og tvö svin undir húsinu til að verja þau fyrir biti. Newcome veit ekki af þessari ráðagerð og má ekki fréttu af áætluninni, enda mundi hann væntanlega vera því mótfalinn að hafa svínastíu undir húsinu.

## Regn

Í morgun var sagað stórt tré fyrir neðan húsið, og það síðan halað upp með mannaflí. Við Newcome hjálpuðum þeim blökku við að ná trénu. Síðan var farið að mæla fyrir vegi, sem á að leggja héðan niður að rafstöðinni. Rose hélt áfram að höggva tré og kom þá við vespuhreiður. Allur herinn flaug út, réðist að honum og stakk hann óspart. Nú er hann allur blár og bólgin, og þarf Ása að hjúkra honum og bera smyrsl á sárin.

Byrjað er að rigna aftur síðdegis, og forða ég mér inn í húsið. Venjulega koma hér um þetta leyti árs, á þurrkaskeiðinu, aðeins stórar rigningadembur, eins og hellt væri úr fötu, en síðan skín sól á milli með góðum hita, en nú bregður svo við, að regninu slotar ekki. Það steypist niður eins og þegar verst lætur heima eða miklu verr, ein heljardemba allan eftirmiðdaginn og langt fram á kvöld. Við förum snemma að háttu, því ekkert er hægt að aðhafast. Lækirnir eru orðnir að stórfljótum og rífa allt með sér. Rafstöðin er biluð, vatnsleiðslan heim að húsinu er stífluð og engin viðarkol til að elda við. Í fjarska heyrir brak í fallandi trjám. Þetta er dimmt og drungalegt kvöld.

Ása vakti mig klukkan fjögur í nótt. Enn var sama úrhellis rigningin. Hún var hrædd um að skepnurnar væru að drukka, og vatnið úr einni þakrennunni væri að grafa stoð undan húsinu. Við förum út, gáðum að líðan svínanna og löguðum renn-

una, þannig að vatnið beindist frá stoðinni. Síðan var aftur gengið til náða.

Risið er úr rekkju að venju fyrir klukkan átta, drukinn kaffisopi og snæddur morgunverður. Rigningin er söm og fyrr og öll jörð á floti. Þeir dökku hafa verið úti að líta eftir og segja veginn vera ófæran, skriður hafi víða fallið yfir hann og tré liggi sem hráviður út um allt. Ég fór út til þess að líta á skemmdirnar. Vegurinn var allur á floti, sums staðar runnu ár eftir honum. Rétt fyrir utan garðhliðið hafði skriða fallið yfir veginn, og lengra frá hafði hann gersamlega þvegist í burtu. Þar hjá lá einnig risastórt tré yfir miðja heimreiðina. Þeir dökku komu með axir og sagir og fóru að bíta sundur tréð. Þeir tjáðu okkur, að von væri á, að þrjú til fjögur tré til viðbót- ar gætu fallið, því þau væru komin að því að losna, stórt ódáiinstré væri farið að hreyfast. Það var um 50 metrar að hæð, afar fallett tré, sem hafði vaxið í neðri brún vegarins. Og þar sem við stöðum þarna, fór þetta ferliki að hallast, fyrst hægt og hægt, en síðan féll það með braki og brestum, en að lokum steypist það fram yfir sig ofan í gilið, mölbrotnaði og valt að hluta ofan að stíflunni fyrir rafstöðina. Til allrar hamingju virtist stífluveggurinn hafa sloppið.

Síðastliðna nótt hefur leðurblökugarmurinn flogið undan rigningunni inn í húsið. Hangir hún nú á afturfótunum uppl í rjáfri inni á veröndinni. Ég reyndi að taka mynd af henni og ónáðaði hana. Fór hún þá að flöggra um salinn. Hún er af þeirri gerð, sem etur skordýr, en er ekki blóðsuga.

Í dag hafa þeir blökku unnið að viðgerð á veginum, og á sumum stöðum þurft að leggja algerlega nýja braut, þar sem sú gamla var horfin ofan í gilið. Verður þessi viðgerð að minnsta kosti hálf mánaðar vinna með skóflum og hökum og öðrum handverkfærum. Það rignir jafnt og þétt, svo ein má búast við fleiri skriðum. Menn muna vart slíka rigningu áður, svona á þurrkatímabilinu.

Í gærkvöld heyrðum við tré falla einhvers staðar mjög nálægt húsinu, en sáum ekki í morgun, hvar það hefði gerst.

## Skógarganga að Simla

Enn eru húskarlarnir að gera við veginn. Veðrið hefur batnað mikið. Ég fór út til starfsmannanna og sá þegar þeir felldu eitt risastórt tré. Það féll með braki og brestum og var nærri því búð að drepa svarta Poul. Ég tók mynd af Rose með landkrabba, sem ég fann við trjárótina og lauffrosk, sem var að skriða neðan á bananablaði.

Okkur var síðan boðið til hádegisverðar til dr. Beebe að rannsóknastöðinni í Simla. Ása hafði farið niður til Arima í pallbilnum, svo við Newcome gengum niður skógargötuna um lvegga tíma gang. Við förum fyrst um þéttan frumskógin, en síðan fram hjá skúrum svertingjanna og Indverjanna. Eru kofarnir byggðir úr leir og þaktir strá. Við þurftum tvívegis að vaða yfir ár á þessari leið, en í eitt skipti förum við yfir á brú og í annað skipti fikruðum við okkur yfir ána á trjádrumbi, sem hafði fallið yfir gilið. Loksins komumst við á aðalvegin og þaðan til Simla. Auk starfsfólksins, sem þarna er að venju, var nú fólk frá Bandaríkjunum í heimsókn. Á staðinn var kominn yfirmaður dýragarðsins í New York, dr. Osburn og kona hans. Hann er höfundur bókarinnar „A Plundered Planet“, sem Hákon Bjarnason hefur þýtt á íslensku. Varð hann mjög undrandi yfir tilviljunum, þegar ég sagði honum, hvernig við Hákon værum tengdir. Sagðist hann ekki hafa hitt Hákon, en hafa skrifast á við hann og bæði kærlega að heilsa honum. Dæmi þetta sannfærir mann enn um hvað heimurinn er raunverulega smár, þegar allt kemur til alls. Tengum við þarna ágætan hádegisverð. Sat ég á milli þeirra þröng hjóna. Á eftir fór Robert Cody, teiknarinn á staðnum, út til að sýna mér umhverfið, en þegar ég kom aftur að húsinu var fólk mitt farið. Ég varð því að ganga einn sömu leið heim. Á leiðinni var ég að grúska í ýmsum plöntum, sem voru

mér ókunnar áður. Við veginn óx villtur ananas, *brómeliu* plöntur. Eru þær raunverulega mjög víða á trjám út um allan skóg. Þarna uxu einnig runnar með appelsínnum, greipaldinum og margar tegundir banana. Þarna voru avocadotré, papaya og tré með brauðaldinum, sem eru stórir, gulir ávextir. Það var farið að skyggja, þegar ég komst að lokum heim að húsum. Leðurblökurnar voru á flögri og náttfarar sveimdu yfir húsinu.

Kínverskur kaupmaður hafði komið í heimsókn. Hafði hann keypt ávexti af Ásu í skiptum fyrir grænmeti.

Á kvöldverðarborðið var borinn með dádyrakjötinu stappaður rótarávöxtur af kassavarunna *Manihot utilissima*, sem einnig heitir manjok. Eru ræturnar nýttar og líkist rétturinn rófustöppu. Alltaf er eitthvað nýtt að birtast á matseðlinum.

## Fjallaferð með náttúruskoðurum

Ég fór niður til Port of Spain með Ásu. Vegurinn heim að húsum er enn ófær, en við ókum í pallbilnum, sem hafði verið niðri í Arima, þegar vegurinn skemmdist. Þegar í borgina kom, förum við í verslanir og heimsóttum Ray Johnson, vin þeirra hjóna, en héldum síðan aftur heim á leið.

Í dag komu Ray og fjölskylda í heimsókn. Kona hans er af Asteka ættum, dökk á brún og brá, með gulleitt hörund, en langt og þunnt andlit. Hér þykir mikill heiður að vera af innfæddum indíánakynstofni, en ekki af innfluttum blökkuprælum eða indverskum vinnulýð. Dóttir þeirra hjóna er samt merkilega kynblönduð með rautt hár, en brún augu og koparbrún á hörund. Ray er afar fróður um fugla, og förum við Robert með honum upp í fjall til þess að leita að sjaldsæðum fuglategundum. Við gengum niður hliðina hinum megin fjallsins, og komum ekki heim fyrr en undir myrkur. Útsýnið af fjallsbrúninni var afar tilkomumikið. Þarna er vafalaust fallett hluti Trinidad, en við sáum ekki marga fugla. Hins



Leðurblökurnar fljúga hér um allt á kvöldin, og sjúga sumar blóð úr dýrum og fólki. Bíta þær allt upp í fjórtán sinnum á nóttu, að mér er tjáð. Verst er, að þær bera hundaæði í menn. Ása er að láta smíða stíu fyrir asnann og tvö svín undir húsinu til að verja þau fyrir biti. Newcome veit ekki af þessari ráðagerð og má ekki fréttu af átætluninni, enda mundi hann væntanlega vera því mótfalinn að hafa svínastíu undir húsinu.

### Regn

Í morgun var sagað stórt tré fyrir neðan húsið, og það síðan halað upp með mannaflí. Við Newcome hjálpuðum þeim blökku við að ná trénu. Síðan var farið að mæla fyrir vegi, sem á að leggja héðan niður að rafstöðinni. Rose hélt áfram að höggva tré og kom þá við vespuhreiddur. Allur herinn flaug út, réðist að honum og stakk hann óspart. Nú er hann allur blár og bólginn, og þarf Ása að hjúkra honum og bera smyrsl á sárin.

Byrjað er að rigna aftur síðdegis, og forða ég mér inn í húsið. Venjulega koma hér um þetta leyti árs, á þurrkaskeiðinu, aðeins stórar rigningadembur, eins og hellt væri úr fötu, en síðan skín sól á milli með góðum hita, en nú bregður svo við, að regninu slotar ekki. Það steypist niður eins og þegar verst lætur heima eða miklu verr, ein heljardemba allan eftirmiðdaginn og langt fram á kvöld. Við förum snemma að háttu, því ekkert er hægt að aðhafast. Lækirnir eru orðnir að stórfljótum og rífa allt með sér. Rafstöðin er biluð, vatnsleiðslan heim að húsinu er stífluð og engin viðarkol til að elda við. Í fjarska heyrist brak í fallandi trjám. Þetta er dimmt og drungalegt kvöld.

Ása vakti mig klukkan fjögur í nótt. Enn var sama úrhellis rigningin. Hún var hrædd um að skepnurnar væru að drukna, og vatnið úr einni þakrennunni væri að grafa stoð undan húsinu. Við förum út, gáðum að líðan svínanna og löguðum renn-

una, þannig að vatnið beindist frá stoðinni. Síðan var aftur gengið til náða.

Risið er úr rekkju að venju fyrir klukkan átta, drukkinn kaffisopi og snæddur morgunverður. Rigningin er söm og fyrr og öll jörð á floti. Þeir dökku hafa verið úti að líta eftir og segja veginn vera ófæran, skriður hafi víða fallið yfir hann og tré liggi sem hráviður út um allt. Ég fór út til þess að líta á skemmdirnar. Vegurinn var allur á floti, sums staðar runnu ár eftir honum. Rétt fyrir utan garðhliðið hafði skriða fallið yfir veginn, og lengra frá hafði hann gersamlega þvegist í burtu. Þar hjá lá einnig risastórt tré yfir miðja heimreiðina. Þeir dökku komu með axir og sagir og fóru að bíta sundur tréð. Þeir tjáðu okkur, að von væri á, að þrjú til fjögur tré til viðbót- ar gætu fallið, því þau væru komin að því að losna, stórt ódáiðstré væri farið að hreyfast. Það var um 50 metrar að hæð, afar fallett tré, sem hafði vaxið í neðri brún vegarins. Og þar sem við stóðum þarna, fór þetta ferliki að hallast, fyrst hægt og hægt, en síðan féll það með braki og brestum, en að lokum steypist það fram yfir sig ofan í gilið, mölbrotnaði og valt að hluta ofan að stíflunni fyrir rafstöðina. Til allrar hamingju virtist stífluveggurinn hafa sloppið.

Síðastliðna nótt hefur leðurblökugarmurinn flogið undan rigningunni inn í húsið. Hangir hún nú á afturfótunum uppl í rjáfri inni á veröndinni. Ég reyndi að taka mynd af henni og ónáðaði hana. Fór hún þá að flögna um salinn. Hún er af þeirri gerð, sem etur skordýr, en er ekki blóðsuga.

Í dag hafa þeir blökku unnið að viðgerð á veginum, og á sumum stöðum þurft að leggja algerlega nýja braut, þar sem sú gamla var horfin ofan í gilið. Verður þessi viðgerð að minnsta kosti hálfmánaðar vinna með skóflum og hökum og öðrum handverkfærum. Það rignir jafnt og þétt, svo eins má búast við fleiri skriðum. Menn muna vart slíka rigningu áður, svona á þurrkatímabilinu.

Í gærkvöld heyrðum við tré falla einhvers staðar mjög nálægt húsinu, en sáum ekki í morgun, hvar það hefði gerst.

### Skógarganga að Simla

Enn eru húskarlarnir að gera við veginn. Veðrið hefur batnað mikið. Ég fór út til starfsmannanna og sá þegar þeir felldu eitt risastórt tré. Það féll með braki og brestum og var nærri því búið að drepa svarta Poul. Ég tók mynd af Rose með landkrabba, sem ég fann við trjárótina og lauffrosk, sem var að skriða neðan á bananablaði.

Okkur var síðan boðið til hádegisverðar til dr. Beebe að rannsóknastöðinni í Simla. Ása hafði farið niður til Arima í pallbilnum, svo við Newcome gengum niður skógargötuna um tveggja tíma gang. Við förum fyrst um þéttan frumskóginn, en síðan fram hjá skúrum svertingjanna og Indverjanna. Éru kofarnir byggðir úr leir og þaktir stráí. Við þurftum tvívegis að vaða yfir ár á þessari leið, en í eitt skipti förum við yfir á brú og í annað skipti fíkrudum við okkur yfir ána á trjádumbi, sem hafði fallið yfir gilið. Loksins komumst við á aðalvegin og þaðan til Simla. Auk starfsfólksins, sem þarna er að venju, var nú fólk frá Bandaríkjunum í heimsókn. Á staðinn var kominn yfirmaður dýrargarðsins í New York, dr. Osburn og kona hans. Hann er höfundur bókarinnar „A Plundered Planet“, sem Hákon Bjarnason hefur þýtt á íslensku. Varð hann mjög undrandi yfir tilviljunum, þegar ég sagði honum, hvernig við Hákon værum tengdir. Sagðist hann ekki hafa hitt Hákon, en hafa skrifast á við hann og bæði kærlega að heilsa honum. Dæmi þetta sannfærir mann enn um hvað heimurinn er raunverulega smár, þegar allt kemur til alls. Fengum við þarna ágætan hádegisverð. Sat ég á milli þeirra Osborn hjóna. Á eftir fór Robert Cody, teiknarinn á staðnum, út til að sýna mér umhverfið, en þegar ég kom aftur að húsinu var fólk mitt farið. Ég varð því að ganga einn sömu leið heim. Á leiðinni var ég að grúska í ýmsum plöntum, sem voru

mér ókunnar áður. Við veginn óx villtur ananas, *brómeliu* plöntur. Eru þær raunverulega mjög víða á trjám út um allan skóg. Þarna uxu einnig runnar með appelsínunum, greipaldinum og margar tegundir banana. Þarna voru avocadotré, papaya og tré með braudaldinum, sem eru stórir, gulir ávextir. Það var farið að skyggja, þegar ég komst að lokum heim að húsum. Leðurblökurnar voru á flögri og náttfarar sveim-uðu yfir húsinu.

Kinverskur kaupmaður hafði komið í heimsókn. Hafði hann keypt ávexti af Ásu í skiptum fyrir grænmeti.

Á kvöldverðarborðið var borinn með dádýrakjötinu stappaður rótarávöxtur af kassavarunna *Manihot utilisima*, sem einnig heitir manjok. Eru ræturnar nýttar og líkist rétturinn rófustöppu. Alltaf er eitthvað nýtt að birtast á matseðlinum.

### Fjallaferð með náttúruskoðurum

Ég fór niður til Port of Spain með Ásu. Vegurinn heim að húsum er enn ófær, en við ókum í pallbilnum, sem hafði verið niðri í Arima, þegar vegurinn skemmdist. Þegar í borgina kom, förum við í verslanir og heimsóttum Ray Johnson, vin þeirra hjóna, en héldum síðan aftur heim á leið.

Í dag komu Ray og fjölskylda í heimsókn. Kona hans er af Asteka ættum, dökk á brún og brá, með gulleitt hörund, en langt og þunnt andlit. Hér þykir mikill heiður að vera af innfæddum indíánakynstofni, en ekki af innfluttum blökkuþrælum eða indverskum vinnulýð. Dóttir þeirra hjóna er samt merkilega kynblönduð með rautt hár, en brún augu og koparbrún á hörund. Ray er afar fróður um fugla, og förum við Robert með honum upp í fjall til þess að leita að sjaldséðum fuglategundum. Við gengum niður hliðina hinum megin fjallsins, og komum ekki heim fyrr en undir myrkur. Útsýnið af fjallsbrúninni var afar tilkomumikið. Þarna er vafalaust fallett hluti Trinidad, en við sáum ekki marga fugla. Hins

vegar var þar mikið af flugum. Moskitóurnar voru þar alveg að gera útaf við mig, svo að ég held, að ekki sé eftir í mér ærlegur blóðdropi, og allur er ég þakinn blóðrum og biti. Það má mikið vera, ef ég fæ ekki malariu eftir alla þessa árás mývgarsins. Veðrið hefur annars verið ágætt þessa dagana, sólskin og heldur svalt. Um kvöldið náði ég aftur nokkrum stórum náttfiðrildum og safnaði nokkrum bjöllum. Tunglið er minnkandi, gengur beint yfir höfði manns. Stjörnuhiminninn er hér eðlilega allt annar en heima. Sírius er hér uppi á miðjum himni, og ég sé fyrst „The false cross“ stjörnumerkið, sem heyrir til suðurhvels.

### Hugleiði tilboð um Trinidad dvöl

Ég var á fiðrildaveiðum, en hafði ekki náð í neitt merkilegt. Þó hef ég haft afar gaman af því að ráfa um í skóginum. Kjarkur minn er smám saman að aukast, og hræðsla við ókunn dýr og plöntur að þverra. Ég gekk niður undir frumskóginn, þar sem lensunaðran var gripin um daginn. Þar horfði ég á ummerkin, en hræið var horfið og einnig froskurinn minn stóri.

Við Ása fórum til Arima. Þar fékk ég slíður utan um sveðjuna mína, einnig fékk ég palludrinlyf gegn malariu. Á leið heim var komið við hjá Beebe í Simla. Þar var okkur boðið út á veröndina, og þaðum við þar romm í engiferöli.

Henrik Flemming kom síðan í heimsókn að Spring Hill. Mágkona hans er íslensk og heitir Ásta. Þýr hún í New York.

Ég velti fyrir mér tilboði Ásu. Á ég að setjast hér að í Trinidad, eða á ég að halda heim að lokinni Eldlandsferð? Að vera hér er að mörgu leyti afar ákjósanlegt, veðráttan er ekkert sérlega slæm, miklu betri en á Íslandi. Öll vinna er afar ódýr, og ég fæ ef til vill hluta af landi til ábúðar hjá Ásu og Newcome og allt setrið eftir þeirra dag. Skattar eru afar lágir, aðeins 87 dalir á ári fyrir allt landið og húsin með. Tekjuskattur er sama

sem enginn, því öll ræktun lands og viðhald er frádráttarbært. Þannig er unnt að rækta og betrubæta árlega þá eign, sem fyrir er. Newcome tjáir mér, að óðalið hér sé orðið áttfalt verðmeira nú en það var, þegar þau keyptu landið. Unnt er að hafa þokkalegan ágóða af landinu, en þess ber að gæta, að tekjur gætu einnig rýrnað, ef kakaóið fellur í verði.

### Umskiptingar

Ég fór aftur inn til Port of Spain. Á leiðinni niður eftir sat ég aftan á pallbilnum og ræddi við Danny bílstjóra á meðan Ása keyrði. Hann sagði mér frá draugunum og villtu dýrunum í umhverfinu, sem geta verið nátengd. Því sumir menn geta breyst í dýr um nætur og verða þeir því yfirnáttúrulegar verur. Gera þeir allskyns óskunda, sjuga blóð úr fólki og hræða það. Einn karl hérna niðri í dalnum er kallaður agouti, því hann fer hamförum og breytist í gullhéra eða dýrið agouti um nætur. Verður hann þá öðru hvoru fyrir áverkum, þegar skotið er að honum. Þannig vaknar hann stundum særður á morgnana.

Á leiðinni niður í bæ hlupu jarðeðlur öðru hvoru yfir veginn, en þær eru eins og lítil útgáfa af risaeðlum fortíðar.

Ég þarf að snúast í því að fá uppáskrift á vegabréfum vegna fyrirhugaðrar ferðar suður um Ameríku. Ása hefur verið mér til hjálpar með alla þessa fyrirgreiðslu og hefur fengið öllu framgengt með sínum alkunna dugnaði. Ég er nú búinn að panta mér flugfar 7. mars niður til fyrirheitna landsins. Við eyddum öllum deginum í þessa snúninga, en vorum auk þess í öðrum útréttingum.

Nú er ég kominn heim á setrið dauðuppgjefinn eftir stríð og hita dagsins. Kvöldmaturinn er að vanda ævintýrlega góður. Nú er á borðum svinasteik með christophinu grænmeti og sæturótum.

### Nýjar aldintegundir

Hingað komu í morgun fjórir enskir strákar, sem eru við nám niðri í bænum. Eru þeir allir að kynna sér hitabeltíslanbúnað. Ætla þeir sér allir að verða ráðunautar í Afríku.

Naflasvínið okkar slapp út í morgun og fór að fljúgast á við hundinn Charles. Naflasvín er villt í Trinidad, og getur verið dálítið varasamt viðureignar.

Í kvöld fengum við „pomerack“ ávöxt, sem er líkastur peru og vex hér á trjám, rauðgulur að lit og nokkuð safaríkur. Á bragðið er hann einhversstaðar á milli radísu og eplis.

Annar ávöxtur, sem ég hef fengið að bragða á, er nefndur kaimet. Vex hann á háum trjám og er á stærð við fersku, fjólublár að lit og gúmmikennður að utan, en safamikill og ljósleitari á kjötið. Nokkrar blökkustelpur voru að gæða sér á svona ávexti við vegkantinn, þegar við ókum fram hjá þeim. Ása nam staðar og bað þær um að gefa okkur fjögur aldin, sem þær gerðu og fengu skilding fyrir.

Granatepli er allsvipað melónu í lögun. Er það brytjað niður með öðru grænmeti og snætt sem salat. Við komum við í grænmetisverslun Kínverja nokkurs, sem heitir Chen, og keyptum þetta aldin hjá honum. Þar fengum við einnig kókos-hnetuis, sem var raunverulega aðeins frosin kókosnetumjólk.

Ég fann afar stóran, svartan tólffötung í dag. Newcome áttar að geyma hann til að komast að í hvernig fiðrildi hann breytist.

### Náttúrubörn

Við Newcome lögðum af stað í pallbilnum niður til Wrightly hjónanna, en Ása og Weston fóru í hinum bilnum til Valencia að selja svin. Það var laugardagur og við ókum með nokkra fiskarlana niður til Arima, því að þar ætluðu þeir að vera og kemta sér allan daginn, en við Newcome ókum áfram niður til Las Lomas og þaðan inn í skóginn. Landið þar var afar

flatt og mýrlent, og við þorðum ekki að aka síðasta spólinn um akreinina að „setri“ Wrightly hjónanna. Við nánum staðar fyrir utan heimreiðina og gengum þá leið. Uppgötvuðum við þá, að hjónin voru ekki heima, svo við snerum aftur að bilnum, en þá fór garmurinn ekki í gang. Þetta var gamall Morris, og tilraun okkar til viðgerðar bar engan árangur. Aftur á móti voru moskitóflugurnar nú alveg að gera útaf við mig. Loftið var bókstaflega svart af flugum, sem suðuðu, stungu og sugu úr mér blóðið. Í slíku flugnageri eru aðstæður ömurlegar til að gera við gamlan bíl.

Við vorum að bjástra þarna í fjóra tíma í steikjandi hita og brjáluðum bitvargi, þar til myrkur fór að skella á og regnið að gera vart við sig. Þá komu Wrightly hjónin heim. Hann er rafmagnsverkfræðingur og starfar í Port of Spain, en konan var fyrrverandi fegurðardrottning Trinidad. Þau höfðu bæði verið gift áður. Keyptu þau þetta land, sem er svartasti fúafloí, þakinn óræktar gróðri. Þarna byggðu þau sér hús að mestu leyti sjálf úr hlöðnu grjóti og timbri, sem þau þöktu með stráþaki. Er þetta afar hrörleg bygging, líkt og þeir innfæddu búa við, en hefur að vísu sinn einfalda þokka. Við komum okkur fyrir í eldhúsinu, sem var kolsvart af sóti og reyk, því hlóðir voru í stað eldavélar og frumstæðar mjög. Tveir litlir, geðugir krakkar, fimm ára strákur og sex ára stelpa, gengu um beina og helltu rommdrykk í glösin okkar. Ekkert rennandi vatn var í húsinu, en ég fékk að skola oliu af höndum mér í vatnsfötu, sem stóð þar á bekk. Flugnavargurinn sveimaði þar út og inn, því ekkert vírnet var þar fyrir gluggunum. Önd kom vappandi inn á gólf, til þess að sníkja einhvern mat, en þrjár hundar löptu þar graut úr trogi. Húsráðendur sögðu, að snákar kæmu þar í heimsókn öðru hvoru, en enginn virtist óttast þá fremur en fuglakóngulóna, sem var jafn stór og hönd manns. Hélt hún til á bak við útvarpið í horni eldhússins.

Frúin sagði, að stundum kæmu þangað dömur á háhæluðum skóm og silkikjólum, sem ekki töluðu um annað en

moskítóbitið, sem þær hefðu nýlega fengið á handlegginn. Með rommblöndunni fengum við heimatilbúinn ost, gerðan úr Vatnabuffalamjólk. Ég fékk líka að bragða á nýrri buffalamjólk, sem mér fannst svolítið þynnri en venjuleg kúamjólk. Þegar við sátum þarna, kom buffalakálfur allt í einu inn á gólfið til að leita að mjólkursulli eða einhverju öðru góðgæti.

Allt var heimilisfólkið berfætt, og ekkert virtist stinga það í fætur, fremur en skóað fólk, né angra það, þrátt fyrir útganginn á heimilinu. Að vísu sagðist frúin vera með krókorm, sem hún hefur eðlilega fengið af óhreina vatninu og öllum sóðaskapnum þarna í kringum húsið. Þetta var undarlegt heimili náttúrufólks, sem virtist gera í því að una einföldu lífi.

Hjónin óku okkur síðan upp til Spring Hill um kvöldið, og við vorum orðnir svo þreyttir, að við buðum ekki velgerðarfólki okkar til stofu. Húskarlar Newcomes þurftu hins vegar að skreppa niður að húsi þeirra til að gera við bilinn og koma honum heim.

### Ferðalok

Í nótt hellirigndi og skriða féll enn á ný yfir veginn, svo hann varð aftur ófær.

Gaul hjónin, sem eru kunningjar þeirra á Spring Hill, komu í heimsókn og maður, sem með þeim var, ætlaði að líta á rafstöðina. Fóru þeir niður að virkjuninni. Frúin var rúmlega tvítug, fædd í Trinidad, en hafði verið í Afríku. Þau búa í San Juan, sem er þorp á leiðinni héðan niður til Port of Spain. Var mér boðið að koma þangað í næstu viku.

Við héldum síðan öll niður til Simla til að skoða nýja apann hans Beebe. Var þetta ungt dýr og afar fjörugt, glettilega mannleg vera að sjá.

Ég fór inn til Port of Spain með Ásu og leit inn til Williams, sem er Kinverji, og vill ef til vill kaupa inn varning frá Íslandi.

Ég ákvað að vera á hóteli í bænum yfir nóttina og gisti í The Queen's Park Hotel, sem er eitt hið besta þar um slóðir. Gluggi minn snéri út að engi. Þaðan sá til fjalla í norðri og handan þeirra var sjórinn. Það var svalt að sitja þar á skyrtnunni úti á verönd um kvöldið. Vindurinn nærri því feykti dúknunum af matborðinu.

Ég varði næsta degi í að ganga frá flugi mínu suður í heim. Að því loknu fór ég í heimboðið til Gaul hjónanna og hitti þar Ásu, Newcome og Weston. Þar vorum við fram eftir degi og snæddum kvöldverð. Var ánægjuleg dvöl okkar þar á heimili. Frúin vildi endilega halda fyrir mig kveðjusamsæti. Ég fór hins vegar upp til Spring Hill og svaf þar um nóttina.

Ég eyddi þessu síðasta kvöldi mínu með Ásu frænku minni og Newcome manni hennar, hjónum sem vildu allt fyrir mig gera og höfðu boðið mér að taka þátt í því ævintýralífi, sem þau höfðu tileinkað sér. Ég hafði aðeins um skamma stund fengið nokkra innsýn í þetta paradísarlíf þeirra. Nú var þeim leik lokið. Mig skorti þor til að vera þar um kyrrt.

Mér var síðan ekið frá Spring Hill út á flugvöll. Þurfti ég um morguninn að fara inn til Port of Spain og endanlega að ganga frá gjaldeyrisskiptum. Það gekk allt upp að lokum, en Chile ræðismaður í Rio er með eitthvert múður yfir að veita mér dvalarleyfi þar í landi. Ég vona samt að rætist úr þessu öllu og yfirgef nú Trinidad með söknuði og trega. Ég var á leið út í óvissuna suður eftir Ameríku, í leit að nýjum ævintýrum einhvers staðar á framandi slóðum í óbyggðum Eldlands.

## Aðrir landar heimsækja Ásu

Á þessum árum kom til Trinidad frændi minn Niels Dungal læknaprófessor og rannsóknastofustjóri. Var hann á ferð um Karabisku eyjarnar og lauk þeirri reisu með því að heimsækja þau Ásu og Newcome. Skrifaði hann grein í ritið Helgafell árið 1955, þar sem hann lýsir þessu ferðalagi og heimsókninni að Spring Hill setrinu. Niels prófessor ræktaði orkideur og var mikill plöntusafnari. Þar eð þarna í Trinidad óx fjöldi orkidea, brönugrasategunda, var það fróðlegt umhverfi fyrir áhugamann á því gróðursviði. Niels lýsir þeim ágætu móttöku, sem hann fékk hjá þeim Wright hjónum í þessari grein.

Hann fór þar í skógargöngur, og Ása fór með hann í heimsókn til nokkurra þarlandra lækna. Ræddi hann þar við landlækni, sem gat um heilbrigðishætti á Trinidad og benti á, að berklaveiki væri þar enn skæður sjúkdómur. Þeir ræddu um malaríu, sem þar er landlæg, og er fróðlegt að vita, að þar á eyinni eru einkum tvær tegundir af moskítóflugum, sem bera malaríu. Önnur þeirra *Anopheles bellator*, hefur þann sérstæða hátt á að verpa í litla vatnsbolla, sem safnast í blaðkverkar á bromeliuplöntum, sem eru allar skyldar ananasinum. Gnægð er af þessum plöntum inni í frumskóginum, og er ágjörningur að beita þar DDT eitri til að reyna að útrýma flugunni. Þannig herferð hefur hins vegar verið beitt gegn þinni flugutegundinni, sem verpir í polla og grunn vötn víða um eyna á aðgengilegum stöðum til herferðar. Frændi minn skrifar þarna: „Þeir, sem hafa séð frumskóg þakinn í brómeliunum, þar sem iðulega eru mörg hundruð plöntur í einu tré, geta gert sér hugmynd um, að það er algjörlega óvinnandi verk að eyða öllum þeim mývargi sem þar klekst út. Þeir sem lúta á sköpun, geta svo ihugað, hversu velviljað það afl sé þóttum, sem skapar mýflugur og síðan brómeliur til þess að taka hátt uppi í trjánnum, þar sem ekki er nokkur leið að ná til

þeirra, en lætur sér þó ekki nægja það, heldur skapar líka öðru kvikindi, sem lifa í maganum á mýflugunni og valda lífshættulegum sjúkdómum þegar þau komast inn í blóð á mönnum. En til þess að ganga rækilega frá því, að *Plasmodium malariae* hljóti að komast inn í blóð mannsins, er flugan þannig gerð, að kvendýrið getur ekki fengið egg sín fullþroskuð nema að hún nái að stinga mann og sjúga úr honum blóðið. Og um leið og hún gerir það spýtir hún malaríukvikindunum inn í blóð hans. Það er hreint ekki svo einfalt að koma malaríukvikindunum inn í blóð mannsins, en með því að koma þeim fyrir í maga mýflugunnar og treysta á blóðþorsta óléttu kvendýra, tekst svo vel að halda sjúkdómnum gangandi, að enn í dag er malaría sá sjúkdómur, sem drepur og sýkir flest fólk í heiminum.”

Ása fór einnig með gest sinn í heimsókn til berklalæknisins, dr. Brandy. Um það viðtal ritar Niels Dungal: Hann „er nýlega orðinn yfirberklalæknir á eyinni, og ætlar að útrýma sjúkdómnum með sömu aðferðum og Sigurður Sigurðsson hefur gert hjá okkur. Árangurinn er þegar farinn að koma í ljós, en verkið er torsótt, því að mikið vantar á að almenningur sé eins skilningsgóður á þessa hluti og á Íslandi.”

Eitt kvöldið sátu þau úti á veröndinni og ræddu saman. Ása brá sér þá út fyrir húsið. Heyrðist hún brátt hrópa þaðan og biðja prófessorinn endilega að koma út og skoða ástandið. Hann vatt sér út í skyndi og spurði, hvað hefði komið fyrir:

„Sérðu hvernig blóðið lagar úr asnanum”, segir Ása. „Ég sé að sár er í miðjum hálsi asnans og að blóðlækur rennur niður eftir skinninu,” segir Dungal. „Það er leðurblakan, sem hefur verið á ferðinni rétt einusinni og sogið blóð úr asnanum mínum, litla aumingjanum, uppáhaldinu mínu,” segir Ása. „En hún skal fá fyrir ferðina það kvikindi,” segir hún. Síð-

en fer hún inn, sækir síróp og stryknin, smyr sírópi í sárið og allt í kringum það og setur síðan stryknin út í sírópið. „Þessi kvikindi koma nefnilega oft aftur sömu nóttina til að bita, og þá leþja þau upp sírópið með eitrunu í, svo að þau drepast.“

„Þessar blóðsjúgandi leðurblökur geta verið hættulegar bæði mönnum og skepnum. Ekki aðeins með því að sjúga úr þeim blóðið, svo að fjörið getur fjarð út, heldur einnig vegna þess að hundaæðisvísir berst iðulega með munnvatni blóðsuganna inn í vefi þess, sem fyrir bitinu verður, en það eru aðallega dýr, og þess vegna eru allar skepnur á Trinidad bólusettar gegn hundaæði.“

Gesturinn spjallaði þarna lengi og mikið við húsráðendur, sem höfðu um margt að spyrja og þyrsti að vita um hagi margra á Íslandi. Niels Dungal líkur grein sinni á þessum orðum: „Það er merkilegt hvað þessi kona, sem hefur lifað mest alla ævi sína erlendis er rammíslensk. „Það er skrítið“, segir hún „að því lengur sem ég lifi, því meiri Íslendingur verð ég.“ Og ég efast ekki um, að hún segi það satt. Þótt að hún sé allan daginn önnur kafin við bústörfin, þá er auðsætt, að hugur hennar á enn að miklu leyti heima á Íslandi. Hún er stórhuga skörungur, einörð og ákveðin, en sýnilega góð við starfsfólk sitt. Hún veit hvað hún vill og kemur öllu í framkvæmd sem hún ætlar sér. Búinu stjórnar hún með miklum myndarskap og er sístarfandi frá morgni til kvölds. Bergþóra hefði getað verið systir hennar og Auður djúpúðga móðir hennar. Þegar ég er kominn upp í flugvélinu og halla mér útaf, held ég áfram að hugsa um Ásu, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að hún er langmestur kvenskörungur á Trinidad.“<sup>15</sup>

Þannig kom prófessornum Ása fyrir sjónir. Þessi skrif hans vöktu athygli fólks í gömlu heimabyggð hennar í Stykkishólmi, og þar var ritað skemmtilegt yfirlit um æviferil hennar. Þar er þess getið hve torsótt hafi verið að halda opnum vegi upp að setri hennar. Þar segir svo: „Ása tók að sér að

hafa umsjón með vegagerðinni og hún stjórnaði sjálf dráttarvélinni, sem notuð var, og hún braust þar um torfærur alveg eins og þaulvanur ýtustjóri.“<sup>16</sup>

Ekki voru margir Íslendingar á ferð uppi í fjöllum Trinidads á þessum árum. Þangað bar samt öðru hvoru að íslenska sjómenn, sem voru í siglingu um Karibahafið, ýmist á íslenskum eða erlendum skipum, er komu til þessarar fjarlægju eyjar. Einn þessara manna var Hrafn Valdimarsson.<sup>17</sup> Var hann sonur Valdimars Sveinbjörnssonar leikfímikennara, sem ég lærði hjá á menntaskólaárum mínum á fjórða áratug síðustu aldar. Hrafn hefur á prenti sagt frá þessum heimsóknnum sínum til Trinidad og kynnum sínum af Ásu Wright. Kom Hrafn fyrst til Ásu 1963, en hann hafði þá verið á flutningaskipinu *Imacos*, sem var í ferðum með olíu þar á milli Karabisku eyjanna. Hrafn kom að Spring Hill í lok ágústmánaðar og dvaldist þar fram undir 20. nóvenber það ár. Hann kom síðan aftur á setrið á árunum 1964 og 1965, en að lokum heimsótti hann það vorið 1973, tveimur árum eftir andlát Ásu.<sup>18</sup>

Þegar Hrafn kom fyrst til Ásu, fannst honum hann ekki geta verið iðjulaus þarna í upphaldi á heimili húsmóðurinnar. Væri hann þar ekki aðeins í skemmti- og hvíldardvöl, en vildi í það minnsta reyna að vera matvinnungur. Bauðst hann því til þess að mála þak íbúðarhússins. Lýsir Hrafn þessu starfi sínu, sem ekki gekk þrautarlaust, því mikil útgeislun var þar um miðjan daginn af háfjallasól í hitabeltinu og mikil hitasvækja uppi á þakinu. Telur Hrafn að hann hafi roðnað vel á húðinni, þar sem hann þurfti lengst af að snúa baki í sólinu. Ása horfði á hann beran þarna uppi á þakinu og kallaði hann King Kong. En Hrafn var vanur að vinna á opnu skipsdekki skammt frá miðbaug og lét hitann ekki á sig fara. Vann hann þarna daglangt við að mála þakið. Ráðsmaður Ásu átti að vera Hrafni til aðstoðar, en hann gafst fljótt upp, því hann þoldi ekki sólarvækjuna á þakinu lengur en fram undir hádegi, enda var hann vanur að starfa í skugga trjána

í skógarbotninum. Hafði Ása gaman af því, að Hrafn skyldi afbera sólskinið betur en sá svart, og vottaði fyrir stolti Íslendingansins, er um það var rætt. Hrafn segir að notaðir hafi verið 90 lítrar af málningu, sem sé mælikvarði á stærð þakins. Þarna uppi gafst honum tækifæri til að skoða umhverfi staðarins og fylgjast með fiðrildum, fuglum, leðurblökum og húsdýrum setursins. Verra þótti honum að verjast ágangi skordýravargsins, því þar varð hann stöðugt fyrir árásum frá bitmýi, sandflugum og moskitóum, sem sóttu að honum í sólarbrækjunni. Var áhættusamt þarna uppi að slá til vargsins standandi á öðrum fæti, með pensilinn í hendinni. Að loknum vinnudegi fór Hrafn að stíflutjörninni í læknum, sem hann kallar sundlaug staðarins. Þar kældi hann á sér húðina, en varð þar enn fyrir áreitni kóngulóa og krabbadýra.

Daginn eftir var farið að reisa vinnupalla og hafnar ýmsar endurbætur á húsinu, sem Hrafn taldi þurfa á ýmsum viðgerðum að halda. Skýrir Hrafn frá því að í lok þess dags hafi hann aftur farið að baða sig í sundlauginni, og segir, „í læknum var litill foss, þar sem hægt var að fá sér kalda sturtu. Þarna í læknum voru smáfiskar, sem kroppuðu laust í skinnið og kitluðu mann, en virtust ekki bita að ráði. Ég var með sár á linénu, og þar komust þeir inn úr skinninu og fengu sér glefsu. Síðan frétti ég, að þessir litlu bitvargar ættu það til að éta upp heil lík manna, sem drukkna og liggja lengi í vatni. Þarna við lauginu voru einnig flugur, sem sóttu á mann og reyndu að bita til blóðs, en hægt var að hafa hemil á þeim.“

Hrafn lýsir húsdýrunum á bænum. Ása átti á þeim tíma þrjú hunda af kínverska chowchow kyninu. Voru þar tvær tikur og einn hundur. Kom tikunum ekki of vel saman, og þurfti Hrafn stundum að skakka leikinn, þegar áflog þeirra gerðust viðsjárverð. Þar á bæ eru þá tvær asnynjur, sennilega bæði Halla og Nelló. Segir hann frá því, hve eldri asnynjur hafi verið orðin vesöl eftir blóðtökur leðurblökunnar, sem saug einann alltaf á sama stað á öðrum bógnum. Hafi asnynjur þá

eitt sinn lent út af vegarslóðanum, falið niður í gil og ekki náð að koma sér upp aftur. Hefðu þau Ása fundið hana, og hafði Hrafn reynt að hressa ósnuna með því að sprauta á hana vatni. Ása hafi hins vegar þurft að gera á henni læknaaðgerð. Endagörn dýrsins hafði gengið út úr bolnum, kom þá fljótt í ljós læknakunnáttu Ásu, því hún bar eitthvert rófrayf á görnina og þrýsti henni inn í skrokkinn, þannig að dýrið náði aftur góðri heilsu.

Enn getur Hrafn þess hve Ása hafi verið sterk, úrræðagóð og drifandi. Ein sagan er sú, að þegar verið var að lagfæra afleggjarann heim að Spring Hill, hafi fjórir svertingjar verið að bíta við að lyfta þungum steini. Hafi þeir borið sig illa, ekki getað bifað steininum og að lokum gefist upp. Ása hafi þá komið til hjálpar, mundað steininn ein og lyft honum upp á bílpallinn. Í annað sinn við byggingaviðgerðina sagði ráðsmaðurinn vonlaust fyrir sig að hreyfa þungan stiga, sem lá upp við húsið. Hafi Ása þá brugðið við skjótt og fært stigann eins og með þurfti. Innfæddum þótti þetta vera mikið þrekvirki.

Hrafn lýsir einnig stjórnsemi Ásu, og að hún hafi helst alltaf viljað ráða fyrir báða, eins og sagt er. Hafi þeim samt yfirleitt komið vel saman, og getur hann þess, hve ánægjulegt hafi verið að dveljast hjá Ásu. Þegar Hrafn kvaddi, var hann beðinn fyrir nokkra pakka, með ýmsum ættargripum, sem koma átti heim á Þjóðminjasafnið.

Hér má að lokum geta þess, að eitt sinn var Hamrafellið á siglingu í sunnanverðu Karibahafi. Stýrimaður um borð var Sigurður Hallgrímsson. Veiktist hann af botnlangabólgu og var fluttur í land á Trinidad, þar sem hann gekkst undir uppskurð á sjúkrahúsi í Port of Spain. Að lokinni aðgerð, sótti Ása hann á spítalann og lét hann dveljast á setri sínu, þar til hann tók að hressast. Þar náði Sigurður ágætum bata með góðri umhyggju Ásu Wright. Ber hann Ásu jafnan vel söguna, og telur veru sína þar hafa verið mjög eftirminnilega og ánægjulega.<sup>19</sup>

## Ása rekur búgarðinn eftir lát Newcomes

Dr. Newcome Wright andaðist þarna á Trinidad 1955. Stóð Ása þá ein fyrir búrekstrinum og vann af annálaðri stjórnsemi og skörungskap. Gengu af henni ýmsar sögur um ráðsmennsku eða af hjúkrunarstörfum hennar og umönnun fólksins, sem bjó í nágrenni setursins, svo að hún varð brátt að þjóðsagnapersónu á ynni. Litið var til hennar sem höfðingjans í Arimadalnum og einnig var talið að hún færi sínu fram í umferðinni í höfuðborginni, þegar hún ók þar um á gamla pallbílnum sínum. Þegar hún gekk þar yfir stræti, var hún vön að halda uppi annarri hendi til að stöðva umferðina. Bílstjórar urðu að hlýða þeim boðum óðalsfrúarinnar.

Eitt sinn kom þeldökkur karlmaður til hennar, sem var starfsmaður á búgarði nokkru neðar í dalnum. Hann spjallaði við Ásu um heimilishagi sína og var að leita ráða hjá henni um ýmis vandamál. Hann sagði: „Við hjónin erum bæði svört, en öll börnin okkar eru ljós á hörund. Ég held að einhver hafi sett rjóma í kaffið mitt.“ Ása hafði gaman af þessum sögum og gat bætt úr ýmsum heimilivandamálum fólksins, því hún var einstaklega úrræðagóð.

Margar sögur voru sagðar af háttum Ásu, sem juku hróður hennar í dalnum. Eitt sinn hafði hún verið ein á gangi á leið heim frá Arima þorpinu. Hafði þá blökkumaður ráðist á hana. Ása brá skjótt til varnar og tók svo hraustlega á móti honum, að maðurinn féll og særðist svo að flytja varð hann á sjúkrahús.

Ýmis vandamál var við að stríða. Ása þurfti nú að sjá um rekstur búans og öll launamál. Enn hvíldu skuldir á fasteigninni, og þurfti Ása að sjá um afborganir af skuldabréfum í bönkum. Stöðugt þurfti að annast rekstur jarðarinnar, viðhald á húseignum og bílum og standa fyrir sölu á afurðum.

Eitt sinn skeði það óhapp á laugardegi, að nautið á bænum drapst skyndilega úti í haga. Einhverjir krakkar höfðu tekið eftir þessu, að tarfurinn lá þar dauður, og komu hlaupandi til Ásu að tilkynna henni um ólánið. Nú voru góð ráð dýr. Væri nautið látið liggja þar yfir helgina, myndu maurar og hræætur klára skepnuna og eta upp til agna á skömmum tíma. Enginn karlmaður var á bænum, því allir höfðu farið niður til Arima eftir útborgun kvöldsins áður og sátu þar nú á knæpum og skemmtu sér. Einhverveginn varð að bjarga húðinni, og síðan skera niður kjötið, hugsaði Ása. Hvernig átti nú að fara að því að flá með bitlausum búrhníf, og enginn kunnátumaður á staðnum?

Ása dó ekki ráðalaus. Hún fékk Ísabellu, matselju, sér til aðstoðar. Saman fóru þær með trékylfu og bildekkjapumpu út á engið, þar sem nautið lá. Hófust þær síðan handa við að blása húðina utan af nautinu. Byrjuðu þær á því að spretta rauf í feldinn, festa pumputúðuna á skinnhosu og dæla síðan lofti milli húðar og kjötskrokks. Þegar allstór blaðra hafði myndast, tóku þær trékylfuna og börðu á blöðrunni, en við það losnaði enn meir um húðina. Þá þurfti að dæla meira lofti, og síðan aftur að dangla með bareflinu. Eftir nokkurn tíma tókst þannig að losa alla húðina af gripnum. Var þá fyrst hægt að rista nautið á kvið og klæða það úr yfirhöfninni. Síðan skáru þær kjötið af kunnáttu. Þannig bjargaði Ása þessum vanda með því að vinna að nautinu með bildekkjadælu, karlmannslaus þá helgi.

Fór Ása nú æ meir að fá áhuga fyrir náttúrufríðun og skrifaði hingað hvatningarorð um þær hugsjónir sínar. Hafði breski fuglafræðingurinn og málarinn sir Peter Scott verið þar í heimsókn og borið Ásu sögur af ferðum sínum í Þjórsárver, og að nú væri ætlun stjórnvalda á Íslandi að sökkva þess-

ari fuglaparadís og gróðurvin undir stíflulón vegna raforkuframleiðslu. Ása ritaði þá grein í Morgunblaðið, og vildi koma á framfæri skoðun sinni á gildi fuglafríðunar.

Hún tók nú að hýsa á setri sínu náttúruskoðara, sem komu, til þess að kanna lífið í skóginum og voru í leit að furðufuglum eða öðrum undrum þessa sérstæða svæðis. Bætti hún nú aðstöðuna fyrir móttöku dvalargesta. Meðal annars innréttaði hún herbergi á milli súlnanna, sem höfðu verið undirstöður hússins. Við það var þannig kjallahæð bætt við bygginguna. Og að lokum var hún farin að starfrækja þarna gistiheimili fyrir fuglaskoðara. Kom fólk víðsvegar að úr heiminum til þess að leita að fuglum eða rannsaka önnur náttúruundur. Ýmsir vísindamenn og könnuðir rituðu blóðan greinar og bækur um þessar athuganir sínar á svæðinu, þar sem þeir gátu um framlag Ásu og aðstoð hennar meðan þessum rannsóknum stóð.



Skopmynd af Ásu eftir Halldór Pétursson.

## Önnur ferð til Ásu í Trinidad 1966

Í apríl 1966 höfðum við Sigrún konan min verið með Sigrúnu Ásu dóttur okkar á ferð um eyjarnar í Karabíska hafinu og dvalist um tíma á Martinique, til að sjá þar Pelée eldstöðvarnar og vegsumerkin eftir gosið mikla úr því fjalli, sem varð 1902. Lagði það borgina Saint Pierre í rúst, en hún var þá höfuðstaður landsins. Enginn lifði af þetta hamfaragos nema einn þeldökkur fangi, sem hafði verið geymdur í svartholi neðan jarðar.

Við héldum upp af flugvellið hjá Fort de France áleiðis til Trinidad, en flugið þangað tók tvo tíma, og lentum við á velli höfuðborgarinnar Port of Spain.

Við höfðum sent skeyti á undan okkur til Ásu frænku minnar, en póstflutningur var þarna stopull. Samt hafði Ásu borist frétt af væntanlegri komu okkar, og ekki leið á löngu þar til hún birtist akandi á Land Rover jeppanum. Fór hún hið bráðasta með okkur upp í Arima dalinn og kom við í rannsóknasetrinu á Simla. Þar var Jocelyn Crane fyrir, og sýndi hún okkur stöðina. Ég sagði henni, að ég hefði verið þar fyrir 15 árum. Þá hefðu þeir William Beebe og Osburn verið þar á staðnum.

Þegar komið var að setrinu Spring Hill var tekið fagnandi á móti okkur af ráðsmanninum dökka, sem hét Maxim og hafði verið þar á bæ, þegar ég var þar í heimsókn árið 1951. Í eldhúsinu var stúlka, Octavía að nafni, sem ekki var þar við fyrri dvöl mína á staðnum. Tuttugu fuglaskoðarar höfðu verið þar í heimsókn, og voru nú nýfarnir, svo hægt var að hýsa okkur með góðu móti. Enn voru samt eftir fjórir gestir, og þar var einnig fuglamálarinn frægi Don Eckelberry, sem bjó oft langdvölum hjá Ásu.

Ýmsar breytingar höfðu orðið á húsinu, síðan ég hafði verið þar á ferð fyrir 15 árum. Í kjallara höfðu verið innréttuð

nokkur herbergi fyrir gesti, enda hafði Ása nú einkum tekjur af því að hýsa fuglaskoðara. Við Sigrún og Sísú dóttir okkar fengum nú eitt þessara herbergja til umráða.

Fuglaskoðararnir vöknudú árla, og eftir morgunverð héldu þeir upp á fjallið, sem er í nærliggjandi þjóðgarði. Við héldum hins vegar í bæjarferð með Ásu. Við heimsóttum yfirverkfræðing í vefnaðarverksmiðju, sem var giftur indverskri konu og átti með henni þrjár dætur, sem ræddu við dóttur okkar. Hjá þessu fólki var margt forvitnilegt að sjá. Þau höfðu komið sér upp merkilegum dýragarði, þar sem þau áttu safn innlendra gripa. Höfðu þau náð sumum dýrunum ungum og tekist að temja þau. Voru þarna tveir apar, sem léku listir sínar. Þar gengu dádýr um garðinn og sniktu mola úr lófum okkar. Þar var puntsvín, en það er broddótt nagdýr og agúti eða gullhéri, sem er annað þarlent nagdýr og miklar sögur fara af. Síðan var þarna fjöldi fugla, sem allir voru innlendir og fengnir úr nærliggjandi skógum. Var garðurinn mjög smekklega hannaður og iðaði allur af lífi.

Ása hélt með okkur niður á sléttuna, þar sem hún ætlaði að kaupa mjölbanana til útplöntunar, sem á ensku heita plantain *Musa paradisiaca*, og eru mikið notaðir þar sem mataraldin. Hún hélt niður á kakaóuppeldisstöð ríkisins, og eftir mikið stapp, komst hún að því, að engar plöntur væru fáanlegar. Þar hitti hún samt mann, sem einnig var í svipaðri plöntuleit. Sagðist hann vera að leita að þúsund plöntum, og væru þær sennilega fáanlegar hjá manni sunnar á eyinni. Skyldi Ása nú koma með honum þangað, og vel gæti verið að maðurinn gæti selt henni til viðbótar þessar fimm hundruð plöntur, sem hún falaðist eftir. Við það varð Ása hin ánægðasta og fékk útsæðisplönturnar. Seinni hluta dags eyddum við síðan heima á setrinu, og um kvöldið kom yfirverkfræðingurinn, kona hans og dætur í heimsókn. Spjölluðum við mikið um fugla og villt dýr landsins um kvöldið, og var maðurinn mikill fræðasjór og vissi margt um lífríki Trinidads.

Hafði hann frá mörgu að segja um slöngur og slönguveiðir. Þarna sagði hann vera litríkar coral slöngur, sem væru af Cobra ættum og væru bráðeitraðar. Síðan væru þar víða í skóginum kyrkislöngur *Boa constricta*, sem vefja sig utan um bráðina og brjóta í henni hvert bein. Væru þær yfirleitt um 8 fet, en gætu samt orðið allt að tuttugu og fimm feta langar og væru þá ekkert lamb að leika sér við. Hjá vötnunum væri hins vegar frekar að finna aðrar risavaxnar kyrkislöngur *Eunectes anaconda*, sem gætu komið syndandi að þeim, er um sikin færur. Væri enginn óhultur fyrir þeim á fenjasvæðunum. Einnig væru víða í skóginum lensunöðrur, fer-de-lance *Bothrops atrox*, sem væru baneitraðar og þær allra hættulegustu af slöngum staðarins. Sögur hans voru svo hrollvekjandi, að maður var hugsandi um öryggi sitt í göngu um skógin.

Don Eckelberry hafði orð á því, að ekki væru allir jafn hæfir til þess að njóta náttúrunnar umhverfis setrið. Í þeim tuttugu manna hópi, sem þar hefði verið fyrir skemmstu, hefðu verið margir misjafnir sauðir. Feitur Englendingur hefði verið eins og tígull í laginu, og ekki getað komist mikið á milli trjánna, enda ekki heldur náð að fella handleggina að höndunum. Þusaði hann í sífellu um að veran þar væri eins og æsilegur þáttur í spennusögu. Eldri kona gekk með regnhlíf, og sagði Don við hana, að það væri snjallt hjá henni, því regnkápur héldu á manni of miklum hita og raka, og fengju hann til að svitna. Konan svaraði hins vegar, að hún bæri regnhlífinu ekki til að halda sér þurri heldur aðeins til þess að verja sig fyrir snákum, sem kynnu að ráðist að henni ofan úr trjánnum. Svona stór hópur hefði spilt andrúmslofti svæðisins, sagði Don. Þar hefði verið örtröð fyrir utan húsið. Mitt í elri mannmörgðinni hefði asninn Halla rumið og nuggaði sér upp við gljáfægða glæsibilana, sem stóðu í þröng á hlaðinu.

Og páfuglarnir hefðu vappað um í rigningunni, reigt sig og hrópuðu í sífellu með slnum enska hreim: Hjálp, hjálp, hjálp!

Árla morguns var sparrugla, (pygmy owl) *Glucidium*, litlið kríli, vælandi ámatlega uppi í háu tré, rétt utan við húsið og vakti aðkomugesti. Þetta var einmitt þegar fara átti í leiðangur í helli olíufuglanna sem ég hafði áður heimsótt í fyrri ferð minni til Ásu árið 1951. Þeir enskir fuglaskoðarar voru með í ferðinni, en Maxim ráðsmaður fór fyrir hópnunum og vísaði leiðina. Hann barði utan trjágreinar með sveðju sinni til þess að fæla frá snáka, kóngulær og önnur kvikindi. Stígur lá um þéttvaxinn skóginn og hlykkjaðist niður brekku og yfir hæðarhrygg. Víða lágu greinar þvert yfir slóðann. Höfðu þær fallið við úrhellisregn næturinnar. Á öðrum stöðum voru klifurrenglur, sem teygðu sig um skógarbotninn, líkt og þverglróningar, og þurfti liðið að stíka yfir þær. Fuglar kvíðuðu í trjánnum og hrukku upp við komu okkar. Það var kominn svækju hiti, og var mollukennt undir lauffekjunni. Loks komum við að klettavegg, og þar blasti við svartur hellismunni.

Við hellisbrúnina sást niður á moldarbotn og vatnssitru, sem lá um fimm metrum neðar en skógarstigurinn. Þangað hafði verið lagður stigi, sem við fíkrúðum okkur eftir niður á hellisgólfið. Vatn rann þar um á flúðum, og mátti skilja, að hellirinn var til orðinn vegna vatnsins, sem seytilað hafði þarna um í þúsundir ára og grafið þessi göng um móhellurnar í fjallinu. Þegar inn í hellinn kom gat að líta fugla og leðurblökur uppi í hvelvingunni.

Þarna voru þessir frægu olíufuglar sem eru mjög sjaldgæfir, og fuglaskoðurum þykja svo áhugaverðir, að þeir flykkjast hingað að setrinu, til að fá þá augum litið. Fuglarnir styggðust við komu okkar og flögruðu um skrikjandi. Hljóðin líktust helst gargi í hrafnungum, þegar komið er að hreiðri þeirra, en einnig heyrðust frá þeim furðulegir smellir. Flugu þeir um hellisloftið og settust öðru hvoru á syllur, sem víða sköguðu

út úr veggjunum. Fuglar þessir stara á mann rauðum, döprum augum, en þeir fljúga samt hiklaust í myrkri. Eru þeir gæddir þeim furðulega eiginleika, að hafa bergmálstækni til að fljúga eftir. Smella þeir í sífellu og nema fjarðlægðina frá veggnum við endurkast hljóðbylgjunnar. Þessir furðufuglar eru einnig nefndir diabolus eða djöflafuglar, vegna mykra-verka sinna í hellunum, og á spönsku er fuglinn nefndur guacharo. Að fara til fuglanna „To go to join the guacharos“ mun meðal innfæddra þýða að ganga á vit feðra sinna. Margir fuglafræðingar og ýmsir fuglaskoðarar hafa ritað mikið um þennan fugl og tekið af honum fræðslumyndir. Er Ásu oft getið í því sambandi fyrir að hafa friðað þennan sérstæða dvalarstað og heimkynni olíufuglsins.

Inni í þessum sama vatnsgrafna helli eru fleiri furðudýr, því í vatninu synda litlausir fiskar og í lofthvelfingunni er þéttbýli af leðurblökum. Þar hanga kvikindin á fótunum með hausinn lafandi niður, en flöggra til og frá, þegar við nálgumst hýbýli þeirra. Undir þeim á hellisgólfinu er allt löðrandi í svörtu blökudriti.

Þessar leðurblökur eru af ýmsum gerðum. Sumar eru blóðsugur, en aðrar lifa á skordýrum eða eru aldinætur. Talið er, að fundist hafi 63 tegundir af leðurblökum á eignarlandi Ásu. Ganga í þennan furðuheim verður öllum minnisstæð, sem þangað koma.

Eftir hádegi var haldið af stað í aðra eftirminnilega ferð. Nú var ekið niður úr Arima dalnum út á sléttuna. Ferðinni var heitið niður í Caron síkin, sem eru fenjasvæði, er friðuð höfðu verið af ríkinu. Þetta er mikið flatlendi vestanvert á eyggi, víðlendar sjávarflæður, sem eru þéttvaxnar leiruvíði eða mangrove trjám, *Rhizophora*. Þarna er á stöku stað einnig ræktaður sykurreyr á ökrum, þar sem gætir fersks jarðvatns, en nær sjónum er landið ósnert af ræktunarmönnum. Þar er mikið votlendi og mest hálfalt vatn í síkjum og tjörnum.

Við höfðum tekið bát á leigu og ungur Indverji var ferju-maður okkar. Hélt hann með okkur eftir aðrennslisskurði í átt til sjávar.

Ása og Sigrún sátu á afturbóftum bátsins. Sigrún Ása dóttir okkar var miðskips, en ég lá í stafni. Ferðin var einkum farin, til þess að sjá dvalarstaði rauðu, stórnefjuðu íbis fuglanna, en margt fleira ber fyrir augu þeirra, sem um fenin fara. Við höfðum ekki siglt lengi um skurðinn, þegar á vegi okkar varð stærðar, víðnasa krókóðill, af þeirri amerísku gerð, sem þar um slóðir nefnast caymanar. Þessi virtist líkastur trjábol og var hreyfingarlitill. Eru þeir annars lítið á ferli þar um slóðir og sjást sjaldan svo neðarlega við sjóinn, en halda sig frekar ofar á sléttunni í ferskara vatni. Hér var hins vegar stóra anaconda kyrkislengan, sem er oftast um átta feta löng. Lifir hún mest á rottum og öðrum smádýrum, en getur einnig verið skaðleg stærri gripum. Höfðum við góðar gætur á því hvort naðran lægi í leyni í skógarjaðrinum við síkið. Eftir því sem lengra var haldið eftir læknum, fór leiruvíðurinn að þéttast á skurðbökkunum. Tókum við þá að sigla inn um bogadregnar rótarflækjur fenjatráanna, sem standa upp úr grunnsævinu og þekja flæðurnar að mestu.

Við stöðvuðum bátinn nokkrum sinnum og skyggndumst um í leit að fuglum. Öðru hvoru flaug kunnur, hvítur hegg með höfuðskúf hátt yfir bátunum. Þetta var kúheggri (*Cattle egret*) *Bubulcus ibis*, sem fylgir nautahjörðunum á beit, og borist hefur hingað frá Afríku. Hann heldur til á daginn upp á engjum og ökrum, þar sem hann finnur skordýr, en kemur niður að fenjunum til næturvalar. Litill bláheggri *Florida caerulea* og frændi hans hólmaheggri *Egretta tricolor* flögðu með miklum vængjaburðum, beygðum hálsi og löngu nefi og sveimuðu yfir síkjunum í ætisleit. Á brotnum kvisti sá hvíthöfða vatnatýranni *Fluvicola pica* og lyfti sér til flugs, þegar báturinn nálgadist. Þarna var einnig klaufhersir í sveimi í leit að drekaflugum, sem komu öðru hvoru að vatni

yfirborðinu. Þessi fugl er með langt, klofið stél og ber fræðiheitið *Musivora tyrannus* og getur verið árársargjarn. Sagt er að hann vili ekki fyrir sér að ráðast á ránfugla, ef svo ber undir. Annars situr hann oft á brotinni trjágrein og skimar yfir sviðið, þaðan sem hann undirbýr árásir.

Litlir krabbar með misstórar klær áttu sér bústaði í holum í leirbökkunum. Hurfu þeir inn í fylgsni sín við minnsta ónæði af okkar hálfu. Innfæddir safna svona kröbbum og éta.

Bátunum var siglt varlega á milli leiruvíðarrunnanna um sund og ála, og að lokum þurftum við að smjúga um löng trjágöng, þar sem leiruvíðargreinarnar slúttu niður yfir mjótt síki, sem lá um mörg hundruð metra breitt skógarbelti. Við þurftum að krjúpa undir lægstu greinarnar. Þá var betra að gjeta þess, að ekki lægju snákar fyrir okkur uppi í liminu. Brátt komumst við út úr þessum þrönga vatnaslóða og þá hlást við okkur fögur sjón. Var þarna viðfeðmt lón, og handan þess gat að líta leiruvíðarrunna, sem virtust alþaktir rauðum og hvítum rósum. Sumir runnarnir virtust flekkóttir af blómablöndu, en aðrir báru aðeins einn rauðan lit og voru eins og rósarunnar. Við sigldum í átt að þessum fagurblóma trjám, og brátt kom í ljós, að trén voru raunverulega þéttsetin fagurlitum fuglum. Runninn, sem virtist þakinn hvítum blómum, var hlaðinn af kúheggum, sem höfðu komið snemma í náttbólin, og á milli þeirra voru einnig stæðilegir, amerískir kúfheggir *Casmerodius albus*. Skarlatsrautt litskrúð fenjunnana mynduðu hins vegar rauðlitaðir heggir eða „boibis“ *Eudocimus ruber*, sem þöktu þar fjölda trjáa. Er þetta sjaldgæfur fugl. Setur hann svip sinn á fenin með þessum skærrauða blæ, sem hann kvað reyndar fá af krabbaleiðu sinni. Að eðlisfari mun hann vera hvítleitur og geta farnað upp, fái hann ekki þessa hæfilegu rauðáttu, sem eru ein krabbadýr. Sumir fuglafræðingar álíta jafnvel, að rauðhegginn sé aðeins hvítheggri sem roðnað hefur af þessari hvítleiðu fæðu.

Tegund þessara litfögru fugla er aðeins kunn hér á Trínidad, í Venesuela og suður undir Brasilíu. Verpa rauðheggir í flokkum á mjög afviknum svæðum, en eru að verða mjög sjaldgæfir, þar sem menn þrengja með mál að búsvæðum þeirra.

Við renndum bátunum í skjól við runna, höfðum hugt um okkur og virtum fyrir okkur mergð fuglanna, sem voru að hópa sig saman undir kvöldið. Talið er, að um 10 þúsund rauðheggir séu þarna í fenjunum. Þeir drelfast víðsvegar um á daginn í fæðuöflun, en flykkjast að þessum runnum, þegar kvöldið tekur. Rauðir flotar sigldu um loftið, eins og flugdrekasvermur kæmi þar að úr öllum áttum meðan síðustu geislar sólarinnar vörpuðu enn bjarma sínum á síkið, sem glóði fyrir framan dökkan leiruvíðinn, er hæst bar yfir fenin og myndaði skuggaleg, skörðótt tjöld í bakgrunni sviðsins.

Það kulaði að með kvöldinu. Við sigldum aftur í átt að trjágöngunum. Þar í fylgsni við umflotinn runna rákumst við allt í einu á vopnaða varðmenn, sem sátu þar í bátskel. Þeir tjáðu okkur, að þeir hefðu haft veður af tveimur veiðipjófum, sem hefðu verið að sniglast þar á grænum báti og ætlað sér að skjóta hegra. En þessir fuglar eru eftirsóttir af söfnurum og seljast vel. Einnig eru innfæddir sólgirnir í að leggja sér þá til munns, því kjöt þeirra þykir lostæti.

Indverski ræðarinn okkar sagði varðmönnum, að hann hefði áðan séð bát skjótast á milli runna, og benti þeim í átt að einum fuglalundinum. Þaðan kvað við skot, en við hröðuðum okkur sem bráðast burt af þessum vettvangi. Síðan skall myrkrið á, og nóttin huldi fenjasvæðið. Við þræddum leiðina heim eftir álnum. Stórir eldar loguðu á nesi rétt við síkisvörina. Innfæddir voru að brenna þurrar hálmstengur sykurreysins. Mýflugnasvermur þyrptist að okkur, og bitvargurinn varð óbærilegur. Nóttin var kyrr og heiður stjörnuhiminn hvelfdist yfir fenin.

Við höfðum upplifað mikið ævintýri í fuglaskoðun, en viðburðir höfðu einnig verið að gerast uppi í landinu utan fenjanna þennan sama dag. Haile Selassie, eða Ras Tafari, keisari Abyssíníu, sem nú er Eþíópía, hafði komið í heimsókn til Trinidad, og ferðaðist einmitt út á sléttuna um þetta sama leyti. Urðum við þess aðnjótandi að mæta þeim ágæta manni og fylgdarliði hans. Þvílíkur dagur.

Mýflugnamergöin um kvöldið á fenjasvæðinu hafði sin eftirköst. Sigrún Ása dóttir okkar fékk háan hita af öllum stungunum, sem hún varð fyrir.

Ágætur náttúrufræðingur, sem við hittum, sagði okkur til lítillar hughreystingar, að mikið væri um gulusótt á fenjasvæðunum. Bærust veirurnar, sem veikinni valda, einmitt með biti mývargsins, moskítóum. Hefði verið sett upp sérstök rannsóknastöð við fenin, til þess að kanna feril þessarar plágu. Taldi hann sennilegt, að apar, sem búa þarna, gætu borið veiruna, en einnig væri hugsanlegt, að ýmis nagdýr gætu verið hýslar. Þarna væru auk þess snákar og eðlur, eða allskyns furðufuglar, sem ekki finnast annars staðar, og gætu vel borið þessa skæðu veiru.

Þótt Ása væri mjög nærgætin við sjúka, taldi hún ekki neina alvarlega hættu á ferðum vegna veikinda Sigrúnar Ásu. Ákvað hún daginn eftir að leggja í kaupstaðarferð og bað mig um að koma með sér. Þurfti ég einnig að staðfesta flug heimferðarinnar. Billinn var hlaðinn ávöxtum af uppskeru setursins, og síðan ók Ása niður til höfuðstaðarins Port of Spain. Nú sýndi Ása söluhæfni sína. Hún gekk á milli góðbúanna og seldi varninginn. Fór hún með banana og greipaldín á ýmsa staði. Hluti farmsins var seldur á hóteli, sumt fór á barnaheimili og enn annað í verslanir. Síðan fór hún og keypti ananas á torgi, seldi sumt í borginni, en hélt heim með afganginn. Fiskur var keyptur af svörtum götusala, og viðskipti hennar gengu greitt. Þarna vatt sér að okkur lögregluþjónn og benti henni á, að billinn væri ekki með nýtt skoðunarnúmer. Nú hélt ég


að illa færi, en Ása átti svör á reiðum höndum, og yfirvaldið varð alveg orðlaust og fór við svo búið.

Starfstúlka Ásu, Ísabella, hafði þurft að leggjast á sjúkrahús, og verið skorin upp vegna augnveiki. Ása þurfti að sjálf-sögðu að heimsækja þennan starfskraft sinn og sýna henni umhyggju. Kom hún þá færandi hendi og bar með sér stóran ávaxtapoka. Færði hún öllum sjúklingunum á stofunni og starfsfólkinu á hæðinni greipaldín að gjöf. Svona var Ása hugulsöm og rausnarleg.

Árla morguns annan dag fór Ása niður í Arima þorpið til ýmissa viðskipta, seldi hún varning og keypti annað til heimilisþarfa. Við eyddum deginum hins vegar uppi á setrinu, og gekk ég um nágrennið og virti fyrir mér fuglana. Þarna voru áberandi svartir, stéllangir fuglar, sem nefnast aníar eða snígaukar *Crotophaga*. Mun meira áberandi og furðulegra er samt að sjá alla hreiðurpokana, sem hanga eins og druslur eða pendúlar ofan úr ódáiinstrjánunum, immortelle. Þetta eru hreiðurgerðir pokapúanna, gullstélunganna eða oropendóanna *Psarocolius*.

Þessir fuglar halda sig hátt uppi í trjákrónum hlífðartrjáa kakaórunnanna, sem geta orðið allt að 30 metra há og bera skrautleg gul blóm. Fuglarnir gera sér þar þessi einkennileg vönduðu, kólflaga hreiður, sem hanga þaðan niður af greinunum. Við ræddum þetta við fuglamálarann Don Eckelberry. Hann bjó þar í kofa spölkorn fyrir neðan óðalshúsið og málaði þar myndir sínar alla daga. Málaði hann þessa fugla eftir lífandi fyrirsetum, sem hann geymdi annars í búrum eða bundna í vöðum. Dauða fugla átti hann einnig geymda í kæli uppi í húsi hjá Ásu, en dauðir fuglar stírdna og verða ekki einnig eðlilegar fyrirmyndir.

Um þessar mundir var Don að mála gulfætta hunangsugu *Cyanerpes caeruleus*. Hafði hann geymt hana á is, þitt hana og dubbað hana upp á trjágrein inni á borði í kofanum.



Don Richard Eckelberry fuglamálarí.

Don var haltur og stírdur í gangi. Var hann góðlegur í viðmóti, kunni að umgangast fólk með gætni eins og fuglana sína og gat verið bráðfyndinn. Hann hafði haldið fjölda af myndum á myndum sínum, flutt erindi um fugla og gefið út þrjár bækur með fuglamyndum ásamt kunnum fuglafræðingum.

### Fuglamálarinn Don Richard Eckelberry

Don Eckelberry, átti eftir að verða mikill vinur Ásu. Don var fæddur í Ohio í Bandaríkjunum árið 1921 og var orðinn allkunnur þar í landi fyrir afskipti sín af fuglum. Hann var ástríðufullur fuglaskoðari og frábær málarí. Hafði hann gengið í listaháskóla í Cleveland, sem ungur maður, og var síðan ráðinn til að myndskreyta fuglabók fyrir Ameríska náttúrugripasafnið. Verk þetta var Fuglaskoðunarhandbókin 1946



(Audubon Bird Guide, 1946). Í því riti var flestum fuglum Norður-Ameríku lýst, og teiknaði Don myndir í litum af 1.250 fuglum. Vakti þessi bók eðlilega mikla athygli og fékk Don verðugt hrós fyrir afrek sitt. Hann átti síðar eftir að fást við fuglamálun allt sitt líf.

Maður að nafni dr. David Snow ráðlagði í júlí 1959 Don að berja að dyrum hjá Ásu Wright í Spring Hill og vita hvort hún fengist ekki til að hýsa hann og Virginiu konu hans. Ása tók vel á móti þessum hjónum, og Don notaði stundina þar við að mála nokkra fugla, er hann sá á setrinu. Þótti honum strax staðurinn vera undraáhugaverður, og þar væru margir furðufuglar. Gæti verið gaman að festa mynd þeirra á pappír.

Var þetta upphaf á langri dvöl Dons á Trinidad. Hann kom aftur til Ásu að Spring Hill setrinu árið 1963 og dvaldist þar í þrjá mánuði við að mála fuglana í Arima dalnum. Vorið 1966 var Don enn hjá Ásu í Trinidad að mála fugla, þegar við Sigrún komum í heimsókn til Spring Hill og kynntumst Don ágætlega, skoðuðum við þá þessar rómuðu myndir hans. Birta hann síðan myndir sínar í Audubon, riti fuglaskoðara, vorið 1976, og nefndi hann grein þá, er myndunum fylgdi, „Trinidad Galaxy“. Í þessu hefti voru þá einnig hugleiðingar hans um Spring Hill, sem hann kallaði „Edensrannur minn“ (My Eden).

Don átti síðan eftir að birta myndir sínar af fuglum eyjarinnar í riti, sem var handbók yfir fugla á Trinidad og Tobago og kom fyrst út árið 1973. Verður síðar greint nánar frá því riti. Don var margoft heiðraður fyrir störf sín á Trinidad og fyrir allar fuglamyndirnar. Í riti amerískra fuglafræðinga, sem nefnist The Auk, er komist svo að orði um Don í júlíheftinu 2001, að hann sé: „...einn fremsti fuglamálari, sem hafi brugðið pensli á léreft.“

Don varð síðar áhrifavaldur í þróun rekstrar á Spring Hill setrinu og átti eftir að eiga veigamikinn þátt í að aðstoða Ásu við að gera það að stofnun.

Don andaðist í New York 14. janúar 2001. Var hann þá 79 ára að aldri.

### Stúlkan sem skarst

Nú skeði óhapp uppi í húsum verkafólksins. Lítill, þriggja ára indverjastúlka féll ofan úr glugga á einum kofanum, og svo óheppilega vildi til, að hún lenti með höfuðið á brotinni rommflösku. Skarst hún við það illa á höfði. Maxim verkstjóri kom óðar með stúlkuna niður að setrinu, til þess að vita hvað Ása gæti fyrir hana gert. Ása brá skjótt við og ók með barnið niður á sjúkrahús í Arima, til þess að fá lækni til að sauma sárið saman. Var Sigrún með í þessari för og hlúði að stúlkunni á meðan Ása ók bílnum. Stúlkan skalf, og vafði Sigrún peysu sína utan um barnið á leið að sjúkrahúsinu. Þegar þangað kom, sagði Ása við Sigrúnu, að hún yrði að fara inn á sjúkrahúsið með litlu stúlkuna, því lækniinn talaði ekki við sig. Hefði hún móðgað hann illa skömmu áður. Enn kom þar fram, hvernig Ása var hjálparhella allra á bænum og leysti úr ýmsum vandræðum fólks viðar í sveitinni. Þurfti hún oft að aðstoða í ýmsum uppákomum, því lífið gekk glatt fyrir sig í búðum starfsfólksins.

Þessi litla stúlka, sem meiddi sig, var kölluð Dalia, dóttir Georgy Silvesters, sem var einn af starfsmönnum Ásu. Hann átti þrjár dætur með Kolly sinni, en annar vinnumaður á staðnum, sem var Carabi að ætt, átti einn krakka með þessari sömu konu. Þurfti sá því að greiða meðlag með barni sínu til hins karlsins, og voru það smápeningar á hverri viku. Sögu-sagnir hermdu, að sá eyrir væri samt vel þeginn af Georgy eiginmanninum, því hann gæti þá drukkið vikulega til á krakkann.

Afi litlu stelpunnar hét Samúel. Fór hann með Ásu og Sigrúnu og litlu dótturdóttur sinni niður til Arima, þegar átti að gera að sárum stúlkunnar. Notaði hann auðvitað ferðina til þess að koma sér inn á knæpu og drekka sig fullan. Samúel þessi átti tvær aðrar dætur, sem báðar höfðu búið með Maxim ráðsmanni. Maxim hafði þá verið ekkjumaður um skeið. Það var Samúel tengdafaðir hans einnig. Hann ætlaði að fá sér nýja konu nokkru áður en við komum að Spring Hill. Kom sú stúlka úr þorpinu í heimsókn upp að setrinu, en leist ekki á blikuna við tilhugsunina um, að þurfa að hefja búskap hjá karli inni í svona þéttum skógi. Hætti hún við allt áform sitt og hörfaði aftur heim í þorpið.

Ekki ber svo að skilja, að lauslæti hafi verið meira á Spring Hill en gengur og gerist almennt á Trinidad. Þar á eyjunni er gifting ekki tekin mjög alvarlega, og fólk býr þar jafnan í sambúð frekar en föstum hjónaböndum. Verði viðkomandi hjónakorn leið hvort á öðru, er sambúðinni einfaldlega slitið, og einstaklingarnir leita sér að öðrum maka. Kerfið virðist virka nokkuð snurðulítið. Börnin fylgja yfirleitt móðurinni, og nyr eiginmaður gengur krökkunum í föðurstað án nokkurrar eftirlölu. Þetta losaralega fjölskyldulíf er einkennandi fyrir þessa eyjarskeggja.

Komin voru vikulok. Þá tók að rigna harkalega, og hélt úrhellið linnulítið áfram allan daginn. Eftir hádegisverð fór Ása með allan starfsmannahópinn inn í kaupstað. Sátu karlarnir aftan á palli bilsins. Flestir þeirra ætluðu að gera sér glaðan dag og fá sér hressingu eftir viku vinnu á setrinu. Einn hafði samt konu sína með sér í förina og ætlaði að hitta frændfólkið. Litla stúlkan, sem skar sig, átti einnig að fara til skoðunar.

Við Sigrún og Sísu dóttir okkar urðum eftir á bænum. Barna með okkur var einnig náttúruskoðari ágætur, dr. Richard L. Soffer að nafni. Var hann lækni og sérfræðingur í vöðvasjúkdómum. Við gengum um heimreiðina frá húsinu og

sáum piparsvarra og stóra kúgarafugla en kúgarafugla *Prongia sulphuratus*. Að ganga þarna um skógaröðuna, þegar svona viðrar, er líkast því að fara undir sturtuna í sundlaugunum. Regnið fellur lóðrétt niður og það bytur í trjáhaufinu allt um kring. Vegurinn verður brátt líkur lækjarfarvegi. Við reyndum að koma okkur í skjól og fórum niður í kofann til fuglamálarans. Hann sýndi okkur margar fyrri myndir sínar. Voru þær hver annarri falletgri, allar mjög náttúrulegar, og gáðar af svo mikilli nákvæmni, að manni fannst hver fjöður vera ápreiðanleg á fuglamyndunum.

Við snæddum að venju góða máltíð um kvöldið hjá Ásu. Þegar sest var að borði, kom dr. Soffer lækni Jakkalaus að matborðinu. Húsmóðirin Ása var ekki beint hrifin af þeim klæðaburði hans. Sagði hún: „Ungi maður! Hér á þessu setri komum við ekki svona klædd að matarborði að kvöldlagi. Eigið þér ekki einhvern jakka til að fara í og bindi um hálsinn?“ Dr. Soffer stóð þegar upp og fór til þess að ná sér í virðulegri klæðnað. Kom hann að vörmu spori í jakkafötum með hálsbindi. Ég þekkti frænku mína og hafði auðvitað klætt mig upp á viðeigandi hátt, og Sigrún var að venju fallega klædd.

Seinna sagði ungi lækniinn við okkur Sigrúnu: „Ég hef verið á meðal ljóna í Afríku, en ekki verið eins óttasleginn eins og þegar húsmóðirin hér byrsti sig og rak mig út eins og hund til þess að klæðast betri fötum.“

Ása viðhélt hefðbundnum, breskum siðvenjum við borðhaldið, rétt eins og skoski landkönnuðurinn Livingstone var vanur að gera inni í miðri Afríku meðal siðlítilla svertingja.

### Dýrin á setrinu

Enn komu gestir að setrinu. Nú óku í hlaðið hjón, sem voru góðkunningjar Ásu, og höfðu einnig margt saman að selda við malarann Don. Þau hétu french, sem er einkennilegt nafn. Er furðulegt að það skuli hefjast á tveimur effum. Maðurinn hét Richard að fornafni og var mikill sérfræðingur um

fugla og dýralífið á Trinidad og einnig á eyjunni Tobago, sem er þarna í næsta nágrenni. Margt mátti læra af speki þessa manns. Fræddi hann okkur mikið um fenin og fuglana þar og ræddi um dýralíf skógarins í hliðum Arima dalsins, um krabba, froska, skriðdýr, fugla og spendýr auk allra skordýranna, sem mörg gætu valdið ýmsum óþægindum og borið með sér illar plágur.

Richard ræddi um fugla svæðisins og taldi að þar mætti finna rúmlega hundrað tegundir. Seinna hefur þessi tala aukist. Og hafa nú verið skráðar 170 tegundir fugla í skógum Friðlands Ásu Wright. Af þeim eru taldar um 125 tegundir á sjálfu Spring Hill setrinu. Þarna eru tvær tegundir af manakin, dansarafuglum, *Pipridae*, bæði hvitskeggi (white-bearded) og gullhöfðinn (golden-headed). Ofan úr setrinu má heyra hvelinn í bjöllum fuglunum, og hreiður þeirra hafa nokkrum sinnum fundist. Sagt er, að þar í skógum megi greina allt að þrettán tegundir kólibrifugla *Trochilidae*, sem margir eru á sífelliðu iði og flögri milli blóma í runnunum við heimahúsið. Geta glöggir náttúruskoðarar jafnvel séð og talið þrjátíu tegundir ýmissa fugla, þegar þeir líta yfir svæðið ofan frá svölum hússins að morgunlagi. Richard var að semja handbók yfir fugla svæðisins og ætlaði að nota fuglamyndir Dons til skreytingar.

Richard sagði þarna vera að finna fjöldann allan af dýrum. Stundum rækist maður á parduskött *Felis pardalis*, sem væri á veiðum í skóginum. Þarna mætti einnig öðru hvoru finna paca *Cuniculus paca*, sem er brúnleitt og hvítdröfnótt, rófulaust nagdýr. Síðan væru þar skriðandi níu liða beltisdýr *Dasyrodidae*. Hann talaði um gullhéra eða agúti og hvítkraga pekkarisvín eða naflasvín, sem ég hef reyndar áður minnst á. Þá er þarna þvottabjörn *Procyon lotor*, sem nælir sér í krabba, sem nóg er af meðfram lækjunum. Síðan eru puntsvín eða

trjáiglar *Erethizontidae* þar skriðandi í skógarbotninum. Oft sjást þar rauðir ikornar, en rottur og mýs eru þar einnig á stjái, eins og víðast annars staðar. Talið er að þar hafi sést þrjár tegundir af vestrænum pokarottum *Didelphidae* á þessu landsvæði skóganna. Síðast en ekki síst hlaupa þar oft um „brocket“ dádýr eða sjást á beit í rjóðrum skóganna.

Auk allra eðlutegundanna *Sauria*, sem hvarvetna skriða innan húss sem utan dyra, eru þarna kembur *Iguanidae*.

### Rigning og hindurvítmi

Næsta dag var sama úrhellis rigningin. Allt var á floti, og vatnið streymdi af húspökunum og beljaði af hlaðinu niður heimbökkuna. Don sagði okkur frá því, hvernig hann hefði rétt bjargast undan aurskriðu. Hann sá veginn hrynja niður, rétt eftir að hann hafði farið þar um hliðina. Skógurinn hafði verið ruddur þar á kafla meðfram veginum, og þess vegna hefði jarðvegurinn orðið gegnsósa og ekki haldið kyrr í hliðinni, þar sem rótarfestan var farin. Innfæddir gera sér grein fyrir þessu, en þeir eru einnig fullir hindurvítmi. Þeir segja, að ekki megi fella tré á minnkandi tungli, því þá vaxi það ekki aftur. Ekki megi heldur fella það á nýju tungli, því þá verði tréð að engu.

Ása segir, að stúlkur hennar þori ekki að opna ísskáp, eftir að þær hafi haldið á heitu straujárn. Voru miklir erfiðleikar á því, að fá Nonny til að segja, hve mikið brauð væri til í ísskápnum. Octavía vildi ekki segja það af ótuktarskap við stöllu sína, en hún þorði heldur ekki að athuga það sjálf vegna hjátrúar. Ekki má láta rigna á hárið á sér eða dýfa því í vatn nema undir vissum skilyrðum, því annars kemur eitthvað illt fyrir mann. Ása taldi alla þessa varúð vera vegna þess, að fólk þar um slóðir gæti hæglega ofkælst, yrði það fyrir snöggum hitabreytingum. Sjálf sagðist hún tvívegis hafa fengið lungnabólgu þarna, en sennilega ekki af því að opna ísskápinn. Hefði þurft að fara með hana á spítala og dæla í hana fúkalyfjum. Ma-

grét væri hjúkrunkona þar við spítalann í Arima. Hefði hún oft komið og aðstoðað sig við ýmislegt. Hún hefði hjálpað sér með að selja eina kúna sína. Einnig hefði hún haft milligöngu um aðstoð, þegar sjómaður af Hamrafelli þurfti að gangast undir upskurð, en þetta íslenska skip hefði komið þar að landi fyrir nokkru.

fröench hjónin sögðu okkur einnig margar sögur af draugunum Pababoa, Zucciam og Dwen, en sá síðastnefndi er einskonar álfur, sem gerir glennur ekki ósvipað írskum húsálfum, leprechaun.

Næsta morgun var hætt að rigna, komin var uppstytta, og sólin farin að gægjast undan skýjahafinu. Páfuglinn hristi á sér stélið og breiddi það út til þerris með öllu sínu skrauti.

Við bjuggum okkur til brottfarar, og settum farangur okkar í töskur. Síðan kvöddum við heimilisfólkið og Don Eckel-

berry. Maxím gaf Sigrínu tvær christófrónu þreitar til að hafa með heim til næktunar. Ása ók síðan með okkur í Land Rovernum sínum. Richard Soffer var okkur samfarar niður í Arima. Þar þurfti Ása að gera einhverj umfang. Síðan ók hún með okkur á flugvöllinn við Port of Spain. Á leiðinni nam hún staðar við stórt tré, sem hún vildi sýna mér. Það hét þetta, og var með fjólbláum blómum, en með blöðum, sem voru hrjúf sem sandpappír. Þetta fagurblóma og tilkomumikla tré var það síðasta, sem Ása gat sýnt mér af undrum þessa lands sem hún hafði tekið ástfóstri við. Ég spurði hana oft hvort hún vildi ekki koma heim til Íslands og dvelja þar um tíma, en það þvertók hún fyrir. „Ég vil eyða ævidögum mínum hér á Trinidad. Þetta er orðið mitt heimaland“, sagði hún. Við flugum þaðan 25. apríl 1966 og ég sá Ásu frænku mína aldrei aftur.

## Stofnun Náttúruseturs Ásu Wright

Þann tíma, sem við dvöldum hjá Ásu, tjáði hún okkur, að hún væri komin með hjartakveisu (angina pectoris) og gengi því ekki heil til skógar. Snemma árs 1967 fékk hún hjartaáfall og var flutt á spítala. Eftir leguna á sjúkrahúsinu komst hún samt heim að Spring Hill, en fann þá, að hún var ekki sama manneskjan lengur og ekki jafn rösk til átaka. Fór Ása þá að ráðstafa eignum sínum. Don kom henni nú til hjálpar, og ákvað hún að selja Spring Hill setrið, og gera það að sjálfseignastofnun þaðan sem stunda mætti náttúruskoðun í friðlandi skóganna. Var leitað til stofnfélaga um að fjárfesta í eigninni og var samið um að virða landið á 75.000 dali, sem var samt heldur lágt söluverð.

Don leitaði til ýmissa amerískra fuglafélaga og fékk þá til að leggja fram fjárhagsstyrk. Kona að nafni Erma Bradley Fisk veitti 5.000 dollara framlag til friðunar á heimkynnum oliufuglsins. Þegar næg upphæð hafði aflast, var Ásu greitt þetta fé fyrir eignina. Á sama tíma var formlega gengið frá stofnun Náttúruseturs Ásu Wright (Ása Wright Nature Centre)<sup>20</sup> hinn 21. október, 1967, með samningi, sem var í vörslu Royal Bank Trust Company. Í samningi þessum var tekið fram, að Ása fengi að búa á setrinu til æviloka. Ásu setrið var síðan formlega opnað fyrir almenning 5. nóvember 1967 af sir Hugh Wooding, sem þá var yfirdómsstjóri Trinidad-Tobago samveldisins.

Var þá gengið frá því að mynda stjórn fyrir stöðina, sem var skipuð alþjóðlegum þátttakendum, og var Don einn af stjórnarmönnum. Formaður stjórnar var þá kjörinn Kanada-maðurinn dr. Brian Ainscough, sem var prófessor við Vestur-Indíu-háskólann í St. Augustine. Stjórnin hélt aðeins fund einu sinni á ári, og á þeim fundi var ráðinn framkvæmdastjóri inn Fred Whitehead, sem átti að sjá um daglegan rekstur.



Könnur og ketill úr búslóð Ásu í Þjóðminjasafninu.

Náttúrufriðlandið átti í stöðugum fjárhagsörðugleikum á þessum árum. Keyrði það ástand um þverbak í apríl árið 1970, þegar miklar róstur urðu meðal landsmanna á Trinidad og Tobago eyjum. Var Friðlandi Ásu þá hreinlega lokað um níu mánaða skeið, frá 15. maí 1970 til 15. febrúar 1971.

## Ása ráðstafar fjármunum sínum

Ása fann nú að aldurinn færðist yfir hana. Hún hafði selt eign sína, Spring Hill setrið, en samið um að eiga þar samt framtíðar heimili og hafa þar uppihald. Átti hún að hafa þar til afnota í húsinu tvö herbergi og bað fyrir sig. Má því segja, að hún hafi gert þar nokkuð góð kaup með því að selja jörðina, en halda þó samt búsetunni. Tók Ása nú strax eftir söluna að gera ýmsar ráðstafanir með lausamuni og fé. Voru þar með einkum gamlir ættargripir hennar, sem hún vildi að varðveittust á íslenskri grund.

Maxim gamli ráðsmaður Ásu hafði smíðað kassa úr trjám, sem hann hafði látið höggva í skóginum. Síðan hjálpaði hann Ásu með að pakka niður í þá mörgum munum úr innbúi hennar og senda þá heim til Þjóðminjasafnsins í Reykjavík. Átti hún fyrst bréfaskriftir við Kristján Eldjárn, sem þá var þjóðminjavörður, en seinna tók Þór Magnússon eftirmaður hans að annast móttökur ýmissa gripa, sem Ása sendi heim. Um þetta ritar hann svo árið 1971: „Hún vildi senda Þjóðminjasafninu sitthvað merkra hluta úr eigu forfeðra sinna. Smám saman hóf hún að senda ýmsa listmuni heim, fyrst fáa í einu, en síðar urðu sendingar hennar æ stærri og kom þar að lokum, að hún hafði sent hingað meginhluta búslóðar sinnar, það er dýrmætast mátti kallast. Í upphafi þessa árs kom frá henni stór sending, og um það bil sem lát hennar fréttist kom tilkynning um enn eina sendingu, sem að líkindum er því hin síðasta til safnsins. Þessir hlutir, sem hún sendi Þjóðminjasafninu á þennan hátt, eru allt úrvalsgripir. Bæði eru þar ættargripir hennar og manns hennar, svo og vandaður og dýrmætur húsbúnaður þeirra hjóna. Sýna þeir, að þau hjónin hafa haft glögg auga fyrir vönduðum og fögrum hlutum og kunnað að meta þá, þótt reyndar hafi loftslagið á Trinidad verið nokkuð óhollt sumu af innbúi þeirra.“<sup>21</sup> Hafa þessir mun-

ir síðan flestir verið í geymslu í Þjóðminjasafninu, en nokkrir gripir verið til sýnis. Voru silfurskálar frá henni þar hafðar í sérskápi um nokkurn tíma. Við Sigrún fengum send frá henni lítið borð og forna, kinverska trékistu.

Maxim hafði notað trjávið frá Spring Hill, sem efni í kassana. Þótti hagleikssmiði Þjóðminjasafnsins, Guðmundi Þorsteinssyni frá Lundi, viðurinn í kössunum vera mjúkur og hentugur til vinnslu. Notaði hann kassafjalirnar til að gera við muni og smíða úr þeim ýmsa skrautmuni. Hann skar meðal annars út ask nokkurn með mynstri, sem Kristján Eldjárn hafði teiknað fyrir hann. Þessi askur var mér síðan gefinn, og prýðir hann heimili okkar Sigrúnar.

Þau hjónin Ása og Newcome áttu allgóðan bókakost, einkum enskar bækur um lögfræði, náttúrufræði og ferðasögur, en einnig íslensk rit. Lét Ása nú pakka niður öllum bókum þeirra í kassa og senda heim til Íslands. Valdi hún sumar bækur fyrir Bókasafnið í Stykkishólmi, en aðrar bækur einkum um náttúru- og lögfræði sendi hún að forsetasetrinu að Bessastöðum. Þar með voru ýmsar bækur, sem náttúrufræðingar og ferðamenn höfðu gefið og ánafnað þeim sem þakklætisvott fyrir góðar móttökur og veittar leiðbeiningar um lífríki Arima dalsins.

Fyrir það fé, sem Ása fékk fyrir eignina, stofnaði hún tvo sjóði á Íslandi. Skal þeirra getið nánar síðar.

### Ævikvöld Ásu

Ása bjó nú um tíma á búgarði sínum eftir þessi eignaskipti á jörðinni. Fannst henni þá, sem hún mætti nokkru mótlæti, eins og áður segir. Gætti þess oft í bréfum hennar, sem bárust frá henni um þetta leyti heim til Íslands. Don segir einnig frá því í jólabréfi frá árinu 1970, að Ása hafi þrífaldlega staðið í

vegi fyrir því, að framkvæmdastjórn setursins gætu stjórnað eftir sínum geðþótta. Höfðu þegar starfað þar tveir ráðsmenn, sem gefist höfðu upp vegna ofríkis Ásu. Orðrétt skrifar Don: „Í stað þess að vera gestgjafi, sem henni hefur farið svo vel úr hendi, og njóta ellíarána, heimtar hún 79 ára gömul, að ráðskast yfir öllu. Hún lítilsvirðir stjórnarmeðlimi og móðgar gesti, sem henni fellur ekki við. Ekki fer hún heldur að ósk okkar um að opna stöðina til hagsbóta fyrir landsmenn í Trinidad.“

Þessi afstaða Ásu var að mörgu leyti skiljanleg. Hún hafði yfir 25 ára skeið haldið með traustri hendi um stjórnvölinn og ráðið yfir starfsfólkinu á setrinu. Einnig hafði hún mjög ákveðnar skoðanir á því, hverjir væru velkomnir sem gestir á heimilið. Þangað komu ekki hverjir sem vildu. Nú voru orðnir breyttir tímar, og jafnvel komnir innfæddir, þeldökkir menn í stjórn, sem ekki voru gömlu óðalsfrúnni að skapi.

Ása taldi í bréfum sínum að ráðsmaðurinn reyndi þráfaldlega að gera sér hverft við, vegna þess að hann vissi hve hjartveik hún var. Sagði Maxim gamli mér í bréfi, að það væri



Verðlaunapeningur Ásusjóðs við Vísindafélagið.



öruggt, að maðurinn væri að reyna að stytta henni aldur á þennan lymksulega hátt.

Hinn 6. febrúar 1971 andaðist Ása af hjartaslagi, þá nær 79 ára gömul. Hún var jarðsett í Lapeyrouse kirkjugarðinum við hliðina á Newcome manni sínum og Guðmundi föður sínum.<sup>22</sup>

Þegar Hrafn Valdimarsson sjómaður kom aftur að Spring Hill árið 1973, eftir að Ása var fallin frá, þótti honum vera breyttir hagir á setrinu. Öll húsdýrin voru horfin og ekkert unnið á plantekrunni. Gamla starfsliðinu hafði öllu verið sagt upp. Húskarlar Ásu vildu ekki hlýða skipunum eða fyrirmælum, sem voru á annan hátt en Ása hafði haft. Þar á setrinu var þá aðeins rekið gistihús fyrir fuglaskoðara. Hrafn heilsaði þar upp á ráðsmanninn, sem var franskur. Sá hafði verið við reksturinn frá 1970, þegar Ása var enn á lífi. Ása hafði stjórnað öllu fram í andlátinu. „Ein vinnukona Ásu dó nokkrum dögum eftir andlát Ásu. Og hundurinn hennar fór nokkru síðar.“<sup>23</sup>

## Viðreisn og þróun Friðlands Ásu Wright

Skömmu eftir andlát Ásu var Spring Hill friðlandið opnað að nýju, og höfðu sumir stjórnarmenn útvegað vaxtalaust lán til að halda rekstrinum gangandi. Samt var það ekki fyrr en árið 1973, að nokkur regla komst á fjármál og rekstur stöðvarinnar. Mest var það því að þakka, að ágæt ferðaskrifstofa flökkufugla í New York, sem hét „Wonder Bird Tours“ tók að bóka ferðir að stöðinni, og fór að auglýsa þetta svæði á Trinidad, sem sérstakt draumaland fyrir fuglaskoðara. Sá skrifstofa þessi um að annast ferðir þangað fram til ársins 1984, að önnur ferðaskrifstofa tók við verkefninu, og að lokum hóf enn önnur skrifstofa „Caligo Ventures Inc. of Arnok“ í New York að senda þangað fuglaskoðara. Fór þá að komast nokkur bati í rekstur stöðvarinnar í Spring Hill, sem hafði lengst af verið rekin með tapi fram til ársins 1986.

Á ársfundi stjórnar stöðvarinnar í janúar 1977 urðu skipti á formanni. Þá lét dr. Copland af störfum, en maður að nafni Lambi tók við stjórn af honum. Lambi þessi hafði verið ritari Náttúruverndarfélagi í Trinidad og var áhugamaður um náttúruvernd. Hafði hann einnig verið félagi í Dýraverndarnefnd Trinidad og Tobago og verið áhugasamur um verndun dýra á eyjunum. Var hann ríkisborgari eyjanna og fyrstur landa sinna til að hafa forystu um stjórn stöðvarinnar. Á þessu tímabili var heldur að glæðast yfir fjármálum Ásufriðlandsins og reksturinn nokkuð að skána. Þótti samt brýnt, að stjórnin fylgdist betur með málum stöðvarinnar og fundir hennar væru haldnir oft en einu sinni á ári. Voru eftir það haldnir fundir annan hvern mánuð. Farið var að auglýsa stöðina frekar í erlendum fuglafræðiritum, bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum og einnig farið að taka þátt í ferðamálaráðstefnum. Hefur sú viðleitni borið þann árangur, að talsverð aukning hefur orðið í gestafjölda stöðvarinnar.

Stjórnin hefur síðan reynt að þjálfa starfslið stöðvarinnar betur en áður, svo að þjónustufólk yrði hæfara að sinna gestum, og leiðsögumenn hlytu næga þjálfun, til að fylgja ferðamönnum um skógana og kynna fyrir gestum lífríki svæðisins.

Upphaflega voru það að mestu amerískir fuglaskoðarar, sem vöndu komu sína á svæðið, en síðan 1995 hefur í auknum mæli verið leitað eftir gestum frá Bretlandi. Hafa viðbrögðin verið góð gagnvart auglýsingum um stöðina í breskum blöðum, og hefur náttúruskoðurum frá Evrópu fjölgað til muna.

### Stofnun Ásu Wright

Eins og fyrr segir, var árið 1967 stofnað félag um fuglafriðland Ásu með fjármagni frá fuglaskoðurum og náttúruunnendum. Tilgangur þess var að friða hluta af Arima dalnum á karabisku eyjunni Trinidad, til þess að viðhalda þar náttúrulegu umhverfi og varðveita búsvæði fyrir lífverur svæðisins.<sup>24</sup>

Í fyrstu voru aðeins 193 ekrur af óðali Ásu setursins friðaðar, en 23. febrúar árið 1974 bættust við eignina 265 ekrur þegar Dýrafræðifélag New York borgar ánafnaði Ásu setrinu alla jörð Simla stöðvarinnar, sem það hafði átt. Enn tók Friðland Ásu að stækka, því árið 1994 voru 250 ekrur af skóglendi teknar á leigu af ríkinu, sem var Trinidad-Tobago sambandið. Var þetta gert eftir talsverðan málarekstur, vegna þess, að 30. október árið 1980 hafði ríkið tekið 35 ekrum hluta af landi Simla stöðvarinnar eignarnámi, sem það taldi sig þurfa að nota til jarðvinnslu. Tókust að lokum sættir milli deiluaðila með þessum leigusamningi. Enn áskotnuðust Friðlandi Ásu nýjar jarðeignir í Arima dalnum, og jókst þá land jarðarinnar um 32 ekrur af skóglendi, og þar að auki keypti Ásu stofnunin nýlega 329 ekrur, sem var allt landsvæði El Naranjo setursins. Síðan bættust enn við 200 ekrur, þegar

fest voru kaup á San Francisco setrinu, sem liggur yfir í Aripo dalnum. Ágóða af rekstri Ásu setursins er nú varið til viðhalds eigna, en einnig til kaupa á viðbótar skóglendi til friðunar. Er Ásu friðlandið því orðið nær 1500 ekrur að stærð. Og nær það yfir skóga uppi í Arima dalnum, í Lalaja og Aripo. Með þessum jarðarkaupum og landauka hefur því reynst unnt að varðveita víðlent svæði af náttúrulegu vistkerfi skóganna í fjallshliðunum norðanvert á eyggi Trinidad.

Spring Hill var raunverulega fyrsta friðland, sem stofnað var á karabísku eyjunum og þótt víðar væri leitað.

### Umbætur Spring Hill hússins

Öðru hvoru hefur þurft að viðhalda eignum á Spring Hill setrinu.<sup>25</sup> Þegar gestum tók að fjölga þurfti að bæta við herbergjum, svo unnt væri að hýsa fleiri á háannatímum, sem eru frá desember til mars. Þá hefur stundum verið þröngt á þingi og jafnvel erfitt að sinna öllum eins og best yrði á kosið. Hefur stundum jafnvel verið þörf á að takmarka fjölda aðkomufólks, til þess að raska ekki um of viðkvæmu lífríki á svæðinu.

Húsið í Spring Hill heldur að mestu leyti sínu gamla útliti, enda þótt því sé stöðugt viðhaldið. Í því voru tvö stór svefnherbergi. Er nú höfð í þeim tvíbreið rúm og eldri húsgögn. Ýmsar breytingar hafa samt smám saman verið gerðar. Búið er að stækka veröndina, sem veit út að garðinum, en þaðan blasir

## Landaukning setursins

Spring Hill setrið 1967 var upphaflega .....	193 ekrur
Dýrafræðifélag New York borgar gaf	
Simla 1974 .....	265 ekrur
Skóglendi tekið á leigu af ríkinu 1994 .....	250 ekrur
Enn áskotnuðust nýjar jarðeignir í	
Arima dalnum .....	32 ekrur
Keyptar nýlega eignir El Naranjo setursins.....	329 ekrur
Keypt San Francisco setrið, sem liggur í	
Aripo dalnum.....	200 ekrur
Ágóða af rekstri varið til viðhalds eigna, og	
jarðakaupa .....	200 ekrur
Er Friðland Ásu því orðið nær 600 hektara.....	1500 ekrur

Fram til 1977 var rafmagn setursins fengið úr gömlu virkjuninni í bæjarlæknum. Í apríl það ár var setrið hins vegar tengt við rafveitu Trinidad, og þykir sú ráðstöfun hafa aukið öryggi orkugjafar, þótt nú þurfi að vísu að greiða fyrir þau þægindi. Samt þótti rétt að auka enn við öryggið, með því að hafa rafmagnsmótor á staðnum, því í stórríningum er alltaf hætt við truflunum á orkuveitunni þarna uppi í dalnum. Var því keyptur 125 kilóvatta Kohler mótor árið 1995 fyrir setrið, og hefur hann oft komið sér vel, þegar rafmagninu hefur slegið út af svæðinu.

Lengi var vatn leitt heim að húsinu úr bæjarlæknum, og gekk á ýmsu með hreinleika þess, eftir veðurfari. Árið 1991 var talin þörf á að leiða betra og hreinna vatn að húsinu til öryggis fyrir gesti, og var þá komið fyrir Culligan hreinsitæki við vatnsbrunninn. Nú þykir vatnið nær því að vera drykkjarhæft.

við Arima dalurinn. Uppi í hliðinni ofan hússins hafa verið reist sex smáhýsi fyrir gesti. Í þeim eru tvö tveggja manna herbergi með sér baði, sturtum og heitu og köldu vatni. Og hefur hvert hús einnig rúmgóðar svalir, en við þau vaxa fagrir blómarunnar. Var fyrst byrjað að reisa þessi hús 1979, en síðan hefur þeim smám saman fjölgað og þau færð í sama byggingarstil, með háum þökum. Árið 1991 heimsóttu Ásu setrið 800 gestir, sem margir dvöldust þar um lengri tíma.

Þar sem Spring Hill setrið var mjög afskekkt, var aldrei neinn sími lagður þangað. Öll símaviðskipti urðu að fara fram í Arima þorpínu. Þangað varð að fara til þess að ná sambandi við umheiminn. Var það ekki fyrr en 1989 að setrið komst í símasamband með því að setja upp talstöð fyrir Ásufriðlandið, bæði á Spring Hill og í Arimaskrifstofunni, þaðan sem einnig var hægt að hafa samband við bíla leiðsögumanna.

Þá var sú nýjung að lokum innleidd á setrinu, að tölva var keypt til skráningar á gestanöfnum og til notkunar við bókhald. Ári síðar var enn reynt að bæta öryggi gesta og gæta verðmæta friðlandsins með því að ráða þrjá varðmenn „Rangers“, sem kunnu meðferð skotvopna, og var þeim jafnvel fjölgað í tólf á næstu sjö árum. Þykir þetta nauðsynlegt til að gæta þess að tré séu ekki felld í leyfisleysi í friðuðum skóginum og sjaldgæf dýr séu ekki drepin af veiðþjófum. Eru mörg svæðin, sem eru í eigu Ásu setursins, nú orðin mjög afskekkt. Þessir varðmenn hafa einnig hlotið æfingu í hjálparstarfi til að geta brugðist við, ef óhöpp ber að höndum meðal gesta. Er nú af sem áður var, þegar unnt var að ganga þar óhultur um allan skóg. Að vísu gátu þá legið í leyni villikettir og lensusnákar eða eitradar kóngulær, sem starfsfólkið í Spring Hill kunni að stugga við, þegar gengið var eftir skógarstígum.

Nú er starfsfólk stöðvarinnar um 60 manns, og hefur í ýmsu að snúast. Er jafnvel talið að um 200 manns hafi viðurværi sitt af starfsemi Ásufriðlandsins. Er þessu starfsfólki nú stjórnað af framkvæmdastjóra, sem er á staðnum og lítur eftir öllum verkefnum jafnt utan húss sem innan. Líkt og á hótelli, starfar þar fólk á skrifstofu, annast gestaskráningu og bókhald, sumir eru við gestamóttöku, en aðrir fást við ræstingu herbergja og stándsetningu. Þá þarf ráðskonu í eldhús, matreiðslumann og hjálparkokka, en einnig innkaupastjóra og eftirlitsmann með birgðum í búri. Síðan eru þjónustustúlkur við störf í borðstofu, því margs þarf búið við.

Við útistörf vinna leiðsögumenn og bílstjórar, sem fylgja gestum til og frá flugvelli og fara með þá um landareignina í náttúruskoðunarferðum. Einnig þarf að nota vísu sérfræðinga við kennslustörf í umhverfisfræðum. Þá má aftur minnast á fyrrnefnda vörslumenn, sem gæta eigna víðsvegar um landsvæðið. Ofan á þetta allt þarf enn að sinna landbúnaðarstörfum, viðhalda ræktunarplöntum, auka við sérstökum blómplöntum til að hæna að sérstæða fugla og sjá um að safna afurðum af nytjagróðri búsinns. Allar þessar afurðir eru notaðar til heimilishaldsins eða sendar á markað.

### Kennsla í umhverfisfræði

Árið 1972 var merkilegri nýbreytni komið á fót á vegum Ásustofnunar á Trinidad, þegar hafin var kennsla í umhverfisfræðum. Þá var byrjað á því að halda sumarnámskeið 1988. Þar fór fram kennsla á ýmsum sviðum umhverfisfræði, svo sem vistfræði, plöntufræði, skordýrafræði, fuglafræði; kennsla var í teikningu og listmálun viðfangsefna úr ríki náttúrunnar og einnig kennt að ljósmynda náttúrufræðileg viðfangsefni.

Ásufriðlandið réð síðan til sín námsstjóra árið 1997 til að stjórna þessum umhverfisfræðum. Leiðbeindi hann skólabörnum í nærliggjandi þorpum: Arima, Blanchisseuse og Brasso Seco og kenndi þeim um vistfræði skóganna. Er nú leitast við að efla þessa kennslustarfsemi enn meir en verið hefur og koma upp varanlegri miðstöð fyrir umhverfisnám í Arima dalnum.

### Fréttablöð og bókaútgáfa

Útgáfa bóka og bæklinga hefur verið allnokkur á vegum Ásu setursins. Má þar fyrst telja fuglahandbókina, sem þeir Richard French og Don Eckelberry stóðu að. Hún heitir *A Guide to the Birds of Trinidad and Tobago* og var gefin út 1973. Einnig stóð Ásu setrið árið 1992 að útgáfu bókar um kóralrífin á nágrannaeyjunni. Sú bók heitir *A Guide to the*



Philip prins, hertogi af Edinborg með gestgjöfum.

*Coral Reefs of Tobago*, og er eftir Richard S. Laydoo. Þá er að geta þess, að Ásu setrið gaf einnig út bók eftir Richard French og Peter Bacon 1982 um gönguslóðir í Trinidad. Var hún síðan endurskoðuð af Victor Quesnel 1992 og hét þá *Nature Trails of Trinidad*.

Má síðan geta þess, að árið 1993 kom út frá Setrinu handbók um plöntur eyjanna. Hét bókina *A Guide to Wild Flowers of Trinidad and Tobago* og er eftir E. Julian Duncan. Bókaútgáfan heldur áfram, en með henni er ekki allt upp talið af ritsmiðum stöðvarinnar, því Ásu Wright setrið hefur gefið út fréttablað, sem nefnt var eftir einum sérstæðasta fugli skógarins og kallað *The Bellbird*. Rit þetta segir frá helstu viðburðum og nýjungum í rekstri stöðvarinnar og er skreytt ágætum myndum, sem sumar eru í litum.<sup>26</sup>

### Stöðin heiðruð

Friðunarframtak Ásu hefur þrífaldlega hlotið heimsathygli og verið virt að verðleikum. Hefur stofnunin verið heiðruð bæði af innlendum sem erlendum aðilum fyrir starfsemi sína í þágu umhverfisverndar, fyrir leiðbeiningar um vistfræðifrumskóganna og fyrir þátt stöðvarinnar í að skipuleggja ferðalög til kynningar á lífríki svæðisins. Má segja, að gjöf Dýrafræðifélags New York borgar á landi Simla setursins árið 1974 hafi borið mikinn vott um hve starfsemi stöðvarinnar var þá þegar vel metin. Árið 1992 hlaut stöðin viðurkenningu frá Friðunarsamtökum eyjanna og komst þá einnig til úrslita í samkeppni um bestu þróun í vistfræðipjónustu eyjanna, sem breskt flugfélag veitti. Var þess getið í blöðum. Á fundi karabískra ferðamálasambandsins, sem haldinn var í Nassau í

Bahamaeyjum í september 1992, var stöðinni gefinn heiðurs-skjöldur fyrir að vera tilnefnd til verðlauna fyrir vistvæna þjónustu.

Þá hlaut stöðin einnig „hummingbird“ gullverðlaunin fyrir afbragðsgóða ferðaþjónustu árið 1998. Enn fékk stöðin mikla viðurkenningu í október 1999, þegar Ásustöðvarinnar var getið sem fyrstu vistfræðimiðstöðvarinnar í heiminum. Á því sama ári var Ásustöðin valin sem fyrirmyndar vistfræðisetur í sérstöku átaki um vistfræðilega ferðaþjónustu til kynningar á sjálfbærri þróun, og veitti þróunaraðstoð Sameinuðu Þjóðanna (UNDP) Karabísku eyjunum í því tilefni ágætan námsstyrk. Var þá gefið út sérstakt rit um Ásu Wright stöðina, sem heitir: *The Story of The Asa Wright Nature Centre*, og er ritstýrt af Ian Lambie 2002.<sup>27</sup>

### Þrifnaður og endurvinnsla

Komið hefur verið upp hreinsunarkerfi á notuðu baðvatni og skolvatni frá eldhúsinu í Spring Hill, þannig að allt skólp er fyrst hreinsað áður en því er hleypt út í umhverfið. Einnig er séð til þess, að allar dósir og flöskur séu sendar til endurvinnslu. Lífraenum úrgangi er hins vegar safnað í rotþrær, og er hann síðan notaður til áburðar. Er öll umgengni á staðnum því til mikillar fyrirmyndar og hefur vakið verðskuldaða athygli.

### Hátíðir og heiðursgestir

Á stórafmælisdögum setursins hefur verið boðið til fagnaðar og matarveislu, sem haldin hefur verið á Spring Hill. Virðuleg hátíðarhöld voru haldin á 20 ára afmæli setursins, þegar Noor Hassanali, forseta Lýðveldisins Trinidad og Tobago og konu hans var boðið. Voru þá ræður haldnar og Ásu, stofnanda setursins minnst með lotningu. Á 25 ára afmæli setursins var einnig boðið til kvöldverðar á Spring Hill. Málarinn Don Eckelberry og Ginny kona hans voru þar viðstödd og

flutti Don þar ræðu og sagði ýmsar kátlegar sögur af Ásu og viðskiptum sínum við hana. Höfðu gestir gaman af, því margt var skemmtilegt hægt að tina fram, þegar persónuleika Ásu var lýst. Þess má geta hér, að Eckelberry fór í Evrópuferð sumarið 1977. Kom hann þá til Íslands og átti fréttamaður Morgunblaðsins viðtal við hann. Segir fuglamálarinn þar frá því, að hann hafi hjálpað Ásu með að skipuleggja náttúruverndarsvæði hennar á Trinidad.<sup>28</sup>

Á þessum tímamótum var meðal annars gefinn út sá bæklingur um stöðina, sem áður er um getið.

Enn var haldið upp á þritugsafmælið, og á 35 ára afmæli setursins var rituð grein um stofnunina, sem birtist í karabískra Sunnudagsblaðinu *Sunday Express* 17. nóvember 2002.

Á tyllidögum og á öðrum tímum hefur marga mæta gesti borið þar að garði. Þangað kom Philip prins, hertogi af Edinborg, hinn 1. nóvember 1985 og tók Ian Lambie á móti honum, en hann var þá stjórnarformaður stofnunarinnar.

Fuglafræðingurinn Roger Tory Peterson, sem ritaði bókina um fugla Evrópu, er Finnur Guðmundsson þýddi og staðfærði fyrir Ísland, heimsótti setrið og leit þar eftir fuglum staðarins. Einnig hefur sir David Attenborough verið þar með myndatökumönnum frá bresku sjónvarpsstöðinni BBC. Var þá verið að gera heimildarmyndir á landi stöðvarinnar fyrir náttúruþættina *Life on Earth* og *The trials of Life*. Hafa þessar myndir af svæðinu verið sýndar í breska sjónvarpinu í þáttum Attenboroughs og verið mikil auglýsing fyrir setrið.

### Gönguleiðir

Eftir skógum og rjóðrum Ásu Wrightlandsins liggja troðnir og ruddir slóðar, sem eru áhugaverðar gönguleiðir fyrir gesti og náttúruskoðara. Þetta eru ýmsir gamlir stigar, sem verkafólk hefur notað, en sumir eru slóðar eftir dádýr, eða sem aðrar skepnur hafa myndað í gegnum árin. Er þessir slóðar alls margra kílómetra langir. Þarna er unnt að ganga víða um

Arima dalinn. Þessum göngustígum er vel lýst í bókinni, sem Richard ffrench ritaði árið 1982, og nefndi *Um göngustíga í Trinidad*. Seinna var sú bók endurskoðuð af doktorunum Peter Bacon og Victor Quesnel, en annar þeirra er líffræðingur og hinn grasfræðingur. Þar er getið 38 gönguleiða frá sjávarsíðu til fjallahálsa og lýst lífríkjum einstakra svæða. Er þetta 75 blaðsíðna myndskreytt handbók með ágætum lituðum landabréfum af svæðinu. Sá sem gengur um stígana getur virt fyrir sér einkennandi náttúrufræði Arima dalsins og ýmissa hluta Trinidad. Lífríki eyjarinnar er um margt sérstætt. Það líkist eðlilega einkum landlífi Suður-Ameríku, vegna þess að eyjan var tengd meginlandinu fyrir 11.000 árum. Síðan rofnaði það samband og hefur lífheimur Trinidad þróast á sinn sérstæða hátt. Hluti af landi Ásu Wright stöðvarinnar er látinn ósnertur og um hann liggja hvergi slóðar. Er það gert til þess að lofa lífríkinu þar að dafna án nokkurrar röskunar af manna völdum. Þar stuðlar Stofnun Ásu að varðveislu sérstæðs vistkerfis í fjallaskógum Trinidads.

### Fuglar hændir að húsinu

Nú hefur verið árlegur viðburður síðan 1969 að framkvæma fuglatalningu á Trinidad, og var Richard ffrench upphafsmaður þess, en síðan hafa aðrir tekið við að skipuleggja það starf, og er þessari talningu stjórnað frá Ásu Wright setrinu.

Til að glæða fuglalífið við setrið hefur starfsfólkið nú komið upp fóðurkörfum fyrir fræætur og aukið blómahafið fyrir utan húsið til þess að auka fjölbreytni í fæðu, bæði fyrir fiðrildi, býflugur og fugla, sem sækja í hunang blómanna.

Fiðrildunum fjölga einkum á regntímanum í maí og júní, og eru runnarnir þá oft alsettir skrautlegu, flögrandi fiðrildaskrúði. Í ætisdalla sækja einnig rauðleitir íkornar.

Samt þykir merkilegast til frásagnar, að þangað í leit að góðgætinu skríður oft fjögurra feta löng „tegu“-eðla eða teigur *Teiidae*, sem virðist vera mikið skrímsli, en er meðhöndluð

af húsráðendum rétt eins og einn heimilissvinurinn. Þykir gestum staðarins mikill viðburður að sjá þetta ferlíkis kvikindi, svart með ljósgulum röndum, koma skríðandi þangað heim að húsi. Innfæddir drepa þessar eðlur sér til matar og þykir kjöt þeirra vera lostæti mikið.

### Veitingar

Matur hefur jafnan verið ferskur og góður á Spring Hill setrinu. Ása hafði lag á því að láta stúlkur sínar matreiða ljúffenga rétti úr öllu því grænmeti, rótum, ávöxtum, baunum og berjum, sem til féllu á landareigninni. Enn eru veittir réttir að síð Trinidadbúa. Í eldhúsi setursins var bakað allt brauð á dögum Ásu og enn er sú venja viðhöfð. Sultur eru gerðar úr ýmsum aldinum, eða þau eru sett í hlaup og sum marin í mauk. Nokkrir kassar með býflugnabúum eru enn á staðnum frá tímum Ásu, svo þar er að venju heimafergið hunang á borðum með morgunverði. Kaffi er brennt og malað og auðvitað unnið úr baunum búsin. Síðan er hellt uppá kakaó, og þarf ekki að spyrja um hvaðan slíkar veigar eru fengnar, því kakaó hefur frá fornu fari verið ein aðalframleiðsla óðalsins. Með kvöldverði eru veittar fjölbreytilegar tegundir grænmetis. Bornir eru fram mjölbananar „plantain“ og maníok rötur-ávöxtur eða kassavi. Á borðum eru síðan jafnan ber og ávextir, sumir hverjir alltorkennilegir fyrir aðkomugesti frá norðlægum slóðum.

## Ásu sjóðirnir

Þegar Ása lét stofna friðlandið í Trinidad og seldi eign sína, Spring Hill setrið, fékk hún fjárgreiðslur nokkrar. Vildi hún að andvirði eignarinnar kæmi Íslendingum að notum. Fyrir hluta fjárisins sem hún fékk fyrir ódalið stofnaði hún því minningar- og verðlaunasjóði.<sup>29</sup> Var annar sjóðurinn við Visindafélag Íslendinga. Ber sá sjóður nafn Ásu og er nefndur:

### Verðlaunasjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright við Visindafélag Íslendinga

Er hann til minningar um eiginmann hennar og nokkur nán ættmenni.<sup>30</sup>

Sjóðurinn hefur stjórn, sem er skipuð þremur mönnum. Á þrjátíu og sjö ára tímabili hefur sjóðstjórnin verið þannig skipuð.



Nokkrir af fyrstu verðlaunaþegum Ásuverðlauna. Þorbjörn Sigurgeirsson, Sigurður Þórarinnsson, Ingimar Óskarsson, Jakob Lindal, Jakob Benediktsson og Jón Steffensen.

### Sjóðstjórn

Sturla Friðriksson, Kristján Eldjárn, Jóhannes Nordal  
nóv. 1969 – 15. sept. 1982.

Sturla Friðriksson, Ármann Snævarr, Jóhannes Nordal  
1983 – 1996.

Sturla Friðriksson, Sveinbjörn Björnsson, Jóhannes Nordal  
1996 til dags í dag 2006.

Sjóðurinn veitir árlega viðurkenningu íslenskum vísindamanni, sem unnið hefur veigamikið afrek á Íslandi eða fyrir Ísland. Eru þessi verðlaun veitt í minningu Ásu og nefnd Ásu-verðlaun, en verðlaunaþegarnir hafa verið kallaðir Æsir. Verð-

launaveitingarnar hafa farið fram í Norræna húsinu á milli jóla og nýárs. Hefur verðlaunaþegum verið veitt peningagjöf og heiðurskjal, en einnig Minnispeningur um Ásu úr silfri með lágmynd af gefanda. Er letrað umhverfis myndina VERÐLAUNASJÓÐUR ÁSU GUÐMUNDSDÓTTUR WRIGHT. Á annarri hlið peningsins er greytt flétta Visindafélagsins. Umhverfis þennan bandhnút er skráð þessi áletrun: SOCIETAS SCIENTIARUM ISLANDICA. Á rönd peningsins er síðan grafið nafn verðlaunaþegans. Peninginn gerði Harald Salomon myndhöggvari og fyrrverandi yfirmyntsmiður í Kaupmannahöfn.<sup>31</sup>

Þess ber að geta, að rétt áður en endanlega var gengið frá formlegri stofnun Verðlaunasjóðs Visindafélagsins, var Aðalgeir

Kristjánsson, sagnfræðingur að ljúka ritverki sínu um Brynjólf Pétursson. Ásu var kunnugt um þetta ágæta starf Aðalgeirs. Veitti hún höfundinum því sérstaka viðurkenningu og peningaverðlaun fyrir að hafa unnið þetta merka heimildaverk um ævi og störf afabróður hennar. Hið Íslenska Bókmenntafélag gaf bókina um Brynjólf síðan út 1972.<sup>32</sup>

Sjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright var stofnaður 1. desember 1968, og hófust verðlaunaveitingar fyrst árið 1969 með því að Sigurði Nordal prófessor voru fyrstum manna veitt Ásu verðlaun. Síðan hafa árlega verið veitt verðlaun úr

sjóðnum. Höfðu nú á síðasta ári þrjátíu og átta aðilar hlotið þau. Er því kominn dágóður hópur af úrvali íslenskra vísindamanna í þann flokk Ása. Hafa þessar heiðursveitingar yfirleitt hlotið góða dóma.<sup>33</sup>

### Minningarsjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright við Þjóðminjasafn Íslands

Annar hluti fjárins, sem Ása fékk fyrir sölu Spring Hill setursins, fór til þess að stofna sjóð við Þjóðminjasafn Íslands.<sup>34</sup> Hefur sá sjóður það markmið að stuðla að því, að hingað

megi bjóða erlendum fræðimönnum, til að flytja fyrirlestra á vegum safnsins um þætti úr norrænni menningu er snerta Ísland. Sjóðurinn hefur þriggja manna stjórn, og hefur hún verið skipuð þannig:

#### Sjóðstjórn

Kristján Eldjárn, Jónas Kristjánsson, Sturla Friðriksson  
1969 – sept. 1982

Þór Magnússon, Jónas Kristjánsson, Sturla Friðriksson  
1982 – 2000

Margrét Hallgrímsdóttir, Jónas Kristjánsson,  
Sturla Friðriksson  
12. apríl, 2000 – dags í dag 2006.

Fram að þessu hafa verið fluttir ellefu fyrirlestrar á vegum sjóðsins í Þjóðminjasafninu. Eru þessir fyrirlestrar síðan gefnir út í sérprentuðum ritum á vegum Þjóðminjasafnsins.

Fyrirlestrarnir hafa verið um stafkirkjur, norræn umhverfislög, byggingarsögu Skota, viðskiptamál á víkingaöld, íslensk drykkjarhorn, verndun finnskrar byggingarlistarhefðar, kolefni 14 aldursgreiningu, norræn þjóðfræði og brúðkaup í Færeyjum.

Og síðasti fyrirlesturinn var um ljósmyndir sem varðveislu minninga.

### Skrá yfir prentaða fyrirlestra Ásu Guðmundsdóttur Wright við Þjóðminjasafn Íslands

Christie, Hákan. Stavkirkene i bygningshistorisk sammenhang, (nr. 1, 1970).

Nielsen, Viggo. Oversigt over nordiske lovregler om værn af vore omgivelser, (nr. 2-3, 1975).

Fenton, Alexander. Continuity and change in the building tradition of Northern Scotland, (nr. 4, 1979).

Blindheim, Charlotte. Handelsproblemer i Norsk vikingtid. (nr. 5-6, 1984).

Mageröy, Ellen Marie. Islandske drikkehorn med middelaldereskurd, (nr. 7, 1987).

Santaholma, Kaija. Conservation of Finland's architectural heritage, (nr. 8, 1991).

Ingrid U, Olsson. Kol-14 datering: Metoden och diskussion av speciella problem med islandska prov och redovisning av två serier datering av arkeologiskt material, (nr. 9, 1997).

Joensen, Jóan Pauli. Nordisk Etnologi og Bryllup på Færøerne. (nr. 10, 2004).

Batchen, Geoffrey. Þegar þetta þú sérð, (nr.11, 2004).

## Æsir

Röð	Verðlaunaþegar	19)	Sigurbjörn Einarsson
1)	Sigurður Nordal	20)	Jón Jónsson
2)	Sigurður Þórarinnsson	21)	Hörður Ágústsson
3)	Ingimar Óskarsson	22)	Halldór Halldórsson
4)	Baldur Lindal	23)	Sveinbjörn Björnsson
5)	Þorbjörn Sigurgeirsson	24)	Ólafur Halldórsson
6)	Jakob Benediktsson	25)	Margrét Guðnadóttir
7)	Jón Steffensen	26)	Þórður Tómasson
8)	Páll A. Pálsson	27)	Guðmundur E. Sigvaldason
9)	Steindór Steindórsson	28)	Oddur Benediktsson
10)	Haraldur Sigurðsson	29)	Jakob Jakobsson
11)	Sigurður Sigurðsson	30)	Ólafur Ólafsson
12)	Lúðvík Kristjánsson	31)	Hermann Pálsson
13)	Sigurður Thoroddsen	32)	Haraldur Sigurðsson
14)	Jónas Kristjánsson	33)	Þráinn Eggertsson
15)	Sigmundur Guðbjarnason	34)	Kristján Sæmundsson
16)	Ólafur Bjarnason	35)	Elsa E. Guðjónsson
17)	Unnsteinn Stefánsson	36)	Stefán Aðalsteinsson
18)	Guðmundur Pálmason	37)	Jórunn Eyfjörð og Helga Ögmundsdóttir



## Niðurlagsorð

Í eftirmælum, sem dr. Kristján Eldjárn ritaði um Ásu, lýkur hann orðum sínum á þessa leið: „Hún geymdi Ísland í huga sér og bar hag þess og heiður fyrir brjósti. Ég sá hana aldrei, en í bréfum hennar kynntist ég óvenjulega heilum og hrein-skíptum persónuleika og miklum og góðum Íslendingi þrátt fyrir ævilanga útivist. Það verður dálítill íslenskur reitur þar sem Ása Guðmundsdóttir Wright hvílir, við hlið manns síns og föður, í Spánarhöfn á Þrenningarey.“

Ásu mun einnig verða lengi minnst vegna verka sinna. Enn skartar óðalið á Cornwall hinum fegursta garði. Nátt-

úruskoðarar njóta stöðugt aðhlyningar á Spring Hill við athuganir sínar á lífríkinu við Ásu setur í Trinidad og um mörg ókomin ár munu sjóðirnir, sem hún stofnaði hér á landi vafalaust veita vísindamönnum heiðursverðlaun, og stuðla að því að gera fræðimönnum kleift að upplýsa landsmenn um ýmsa þætti í norrænni menningu. Þannig rættist sá draumur Ásu Guðmundsdóttur Wright að geta orðið landi sínu að nokkru liði þrátt fyrir ævidvöl á erlendri grund.

## Tilvísanaskrá

- 1) Læknar á Íslandi, ritstjóri Gunnlaugur Haraldsson. Þjóðsaga ehf, Reykjavík 2000, bls. 493.
- 2) Guðmundur læknir í Laugardælum. Úr endurminningum Jónasar Jónssonar skipstjóra. Sunnudagsblað, Tíminn 14. sept. 1969.
- 3) Stykkishólmsbók eftir Braga Straumfjörð Jóseppson. Mostrarskegg 2003. I. hefti bls. 119 er mynd af Ásu og vinkonum, frásögn um Guðmund og Ásu með myndum 262-263, II hefti, teiknimynd af læknishúsi bls. 361, Guðmundarbrunnur bls. 451, og læknisfjölskyldunnar getið viðar. Þar er að finna lýsingu af Guðmundi og tvær sögur af húsvitjunum hans.
- 4) Ævisaga Bjarna Pálssonar eftir Svein Pálsson. Árni Bjarnarson, Akureyri 1944.
- 5) Þórbergur Þórðarson. Ævisaga Árna prófests Þórarinssonar. Mál og menning, Reykjavík 1977. Fjórða útgáfa. 1999. III. hefti bls. 318-328 og viðar.
- 6) Baldur Símonarson, heimildarmaður. Brændevins grisen. Holger M. Rasmussen og Johannes Larsen, Gyldendal, Danmörk 1947, 2. útg. 1974.
- 7) Phillpotts, Bertha S. Kindred and Clan. Cambridge University Press 1913. Einnig: The Elder Edda and Ancient Scandinavian Drama. Cambridge University Press 1920. Og síðan: Edda and Saga. Butterworth, London 1931. Auk þess: The Life of the Icelander Jón Ólafsson Traveller to India. Hakluyt Society, London 1932-33. Sjá einnig Eimreiðin 1932; 38(1), bls. 127.
- 8) Heba Geirsdóttir, viðtal.
- 9) Sturla Friðriksson. Ljóð langförls. Varði, Reykjavík 1988, bls. 74.
- 10) Reykjavíkurbref. Morgunblaðið. 12. mars 1939.
- 11) Jónas Jónsson. Kúlu-Andersen og Héðinn Valdimarsson með „nýju fötin keisarans.“ Tíminn 11. mars 1939.
- 12) Héðinn Valdimarsson. Nýtt fjármagn til viðreisnar atvinnulífsins. Þjóðviljinn 2. mars 1939.
- 13) Þór Whitehead. Ísland í síðari heimstyrjöld. Ófriður í aðsigi. Almenna bókafélagið 1980.
- 14) Sturla Friðriksson. Útvarpsþættir vorið 1951.
- 15) Niels P. Dungal. Heimsókn í Trinidad. Helgafell 1955, bls. 97-101.
- 16) Breiðfirsk kona er plantekrueigandi í Vesturindíum. Breiðfirðingur. 1961-62, bls. 94-96. Íslensk kona er plantekrueigandi í Vesturindíum. Lesbók Morgunblaðsins 6. maí 1956. 16. tbl. 31. árg.
- 17) Ég sigli minn sjó. Sjóferðasaga Hrafns Valdimarssonar. Högni Torfason færði í letur. Bókamiðstöðin, Reykjavík 1971.
- 18) Ennþá sigli ég sjóinn. Sjóferðasaga Hrafns Valdimarssonar. Gunnar M. Magnúss færði í letur. Bókamiðstöðin, Reykjavík 1981.
- 19) Sigurður Hallgrímsson, viðtal.
- 20) Ása Wright Nature Centre. Sunday Express, 17. nóv. 2000 Trinidad Et Tobago W. I., bls. 9-12 og 29-32.
- 21) Þór Magnússon. Ása Guðmundsdóttir Wright. Nokkur minningarorð. Morgunblaðið 26. febr. 1971.
- 22) Sturla Friðriksson. Ása Guðmundsdóttir Wright Aldarminning. Morgunblaðið 12. apríl 1992.
- 23) Ennþá sigli ég sjóinn. Sjóferðasaga.
- 24) The Bellbird, fréttablað, Ása Wright Nature Centre. des. 1992, Trinidad.
- 25) Lambie, Ian. The Story of the Ása Wright Nature Centre, Trinidad 2002.
- 26) The Bellbird, fréttablað, Ása Wright Nature Centre. des. 1992, Trinidad.
- 27) Lambie, Ian. The Story of the Ása Wright Nature Centre, Trinidad 2002.
- 28) Fékk áhuga á fuglum í gegn um loftrifil. Rætt við listmálarann Eckelberry sem hefur málað þúsundir fugla. Morgunblaðið 12. júlí 1977.
- 29) Kristján Eldjárn. Minning Ásu Guðmundsdóttur Wright. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1970, bls. 124-126.
- 30) Heimildir af fundum Verðlaunasjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright við Vísindafélag Íslendinga.
- 31) Kristján Eldjárn. Minnispeningur Ásu G. Wright. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1972, bls. 159-160.
- 32) Aðalgeir Kristjánsson. Brynjólfur Pétursson. Hið Íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík 1972.
- 33) Vísindafélag Íslendinga 1918-1998. Afmælisrit, Reykjavík 2000, bls. 144-145.
- 34) Heimildir af fundum Minningarsjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright við Þjóðminjasafnið.

Þjóðminjasafn Íslands



13 102 394

